



Ekkert persónulegt
bikarúrslit **20**



Lostæti veldur deilum
sjávarútvegur **24**



Hver er
herra Sæll?
þjóðfélagsrúni **36**



spottið **12**

NINJADAGUR
NÝHERJA **Í DAG**

Mættu og þú gætir unnið
glæsilega ThinkPad fartölvu

Borgartúni 37
frá klukkan 11-15

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

PITT

14. ágúst 2010 – 189. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Rómantíkin blómstrar
Flottar haustflíkur í anda
sjötta áratugarins.
stíll **50**

Lífið í sex ára bekk
Góð ráð fyrir foreldra
nýjustu skólabarnanna.
börn **30**



Stækka samninginn
Hollywood Records vill fá
breiðskífu frá The Charlies í
stað stuttskífu.
fólk **70**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Matur | Allt | Allt atvinna



VANN SLAGINN VIÐ KRABBAMEIN Axel Kristinsson, 21 árs gamall verkfræðinemi og þrefaldur Íslandsmeistari í sínum flokki í júdó, hné niður á útskriftardaginn sinn úr MR fyrir tveimur árum og greindist með eitlafrumukrabbamein stuttu síðar. Nokkrum mánuðum eftir erfiða lyfja-meðferð varð hann Íslandsmeistari í brasilísku jiu jitsu og kennir börnum og unglingum íþróttina hjá Mjölni í vetur. **Sjá viðtal síðu 26**

Gengjaátök í fangelsunum

Glæpagengi hafa skotið rótum í íslenskum fangelsum að undanfögnu. Hópar myndast í undirheimunum og halda tengslum í afplánun. Átök milli gengjanna hafa endað með alvarlegum líkamsmeiðingum.

FANGELSISMÁL Brotamenn sem afplána í íslenskum fangelsum mynda í auknum mæli hópa, sem síðan lenda í átökum innan fangelsisveggjanna. Þetta segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismála-stofnunar.

„Við sem vinnum í fangelsiskerfinu höfum orðið vör við það með mjög greinilegum hætti síðastliðin tvö ár hve ákveðin gengjamyndun á sér stað í fangelsunum,“ segir hann. „Það má meðal annars rekja til þess

að fleiri útlendingar afplána nú hér en áður. Það má einnig rekja til þess að þetta er harðari hópur manna sem stendur vel saman. Þetta eru menn sem hafa verið saman í skipulagðri brotastarfsemi og flestir þeir einstaklingar sem hana stunda fara í sama fangelsið. Við skynjum aukna hörku í þessum heimi.“

Páll segir viðbrögð fangelsisyfirvalda við þessari óheillabróun hafa verið þá að auka öryggisbúnað starfsfólks í fangelsum. Meðal ann-

ars hafi verið keyptur nýr öryggisbúnaður fyrir sérsveit fangavarda og Tetrakerfi hafi verið tekið upp.

„Við höfum jafnframt rekið okkur á að það kemur til átaka milli þessara hópa innan fangelsisins. Það er þá okkar verkefni að tryggja öryggi annarra fanga með því að skilja þessa hópa að,“ útskýrir Páll. Vegna þess hve fangelsin séu fá og flest mjög lítil sé erfitt að skilja fangana að með fullnægjandi hætti þegar þeir séu orðnir svo margir

saman. „En við gerum okkar besta í því efni.“

Páll segir að telji gengin sig eiga óuppperðar sakir hvert við annað sé látið til skarar skríða. „Og þá er um að ræða átök sem fela í sér alvarlegt ofbeldi og þar sem tiltækum verkfærum er beitt,“ segir Páll. Hann segir dæmi um að menn hafi slasast illa.

Páll segir hópana samanstanda af íslenskum og erlendum brotamönnum í bland.

- jss

Kringlan

Opið 10-18

Skóla-
dagar

SPORT 2

Síminn ICLANDAIR 1011 OPIN KERFI

enski boltanum

VEISLAN ER HAFIN

Fylgstu með Enska boltanum frá upphafi
Tryggðu þér áskrift í síma 512 5100 eða á stod2.is

Haust- og vetrarbæklingur
Heimsferða

fylgir Fréttablaðinu í dag

Heimsferðir



„Elísabet, ætlið þið að varpa ljósi á þetta starf?“

„Já, og sjá til þess að það verði á allra vörum.“

Elísabet Sveinsdóttir er einn þrjú á aðstandenda átaksins Á allra vörum sem hleypt var af stökkunum í gær í þriðja skipti. Í ár er fé safnað fyrir Ljósið, endurhæfingarstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Samninganefndir hittast:

Ræða Icesave í næstu viku

STJÓRN MÁL Samninganefndir Íslands, Bretlands og Hollands hittast í næstu viku til að ræða Icesave-málið. Þetta hefur danski viðskiptavefurinn epn.dk eftir ónafngreindum heimildarmanni úr íslensku stjórnslunni. Segir hann að viðræður muni standa yfir í ágúst og í byrjun september. Fréttin fékkst ekki staðfest í fjármálaráðuneytinu. Þó er sagt að legið hafi fyrir að formlegri samskipti yrðu tekin upp milli ríkanna vegna málsins að loknum sumarleyfum.

-jhh



ANDSTÆÐINGAR MÓTMÆLA Ekki voru allir ánægðir með úrskurð dómarsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Samkynhneigðir fagna:

Dómari leyfir hjónaböndin

BANDARÍKIN, AP Vaughn R. Walker, yfirhéraðsdómari í Kaliforníu, sá hinn sami og fyrir skemmstu kvað upp þann dóm að bann við hjónaböndum samkynhneigðra brjóti í bága við stjórnarskrá ríkisins, hafnaði í gær beiðni um að gildistöku dómsins verði frestað þangað til áfrýjunardómstóll ríkisins hefur tekið á málinu.

Hann sagðist meðal annars ekki sjá að andstæðingar hjónabanda samkynhneigðra hefðu nokkurn rétt til að krefjast þess að gildistöku verði frestað.

Hafi áfrýjunardómstóllinn ekkert við það að athuga geta því samkynhneigðir á ný gengið í hjónaband í Kaliforníu frá og með næsta miðvikudegi.

-gb

Rannsóknarleiðangur Hafró sýnir að makrílgöngur við landið fara stækkandi:

Meiri makrill nú en fyrir ári

HAFRANNSÓKNIR Mun meira fannst af makrill innan íslensku lögsögunnar en á sama tíma í fyrra í rannsóknarleiðangri Hafrannsóknastofnunar sem lauk á fimmtudag. Dreifingin er svipuð en minna magn fannst fyrir norðaustan land þar sem sjór er mun kaldari en í ágúst í fyrra. Því meira er fyrir sunnan landið.

Sveinn Sveinbjörnsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir makríllinn mjög háðan sjávarhita og breytingin á göngumynstrinu ráðist líklega mest af því. „Fiskur í þessum ætisgöngum

heldur sig í efstu lögum sjávar. Fer ekki mikið dýpra en 50 metra eða svo. Þar er yfirborðshlúnunin ríkjandi.“ Leiðangurinn nú er framhald rannsóknarverkefnis á makrill á þessu hafsvæði sem hófst í fyrra.

Magasýni eru tekin úr makríllum á hverri einustu togstöð. „Það má segja að það sé alveg klárt að aðalæða makríls á okkar hafsvæði eru sviflæg krabbadýr,“ segir Sveinn. Þessi vitneskja slær á þær áhyggjur að makríllinn éti mikið af þessu eða sandsli. Áhrifin eru því hverfandi á stofna sjófugla, en því hefur verið varpað fram að tengsl



VERTÍÐ Uppgrip hafa verið hjá sjómönnum á makrílveiðum og landvinnslufólki stendur vaktir við að bjarga verðmætum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

séu á milli slæms ástand lunda-stofnsins á Suðurlandi og aukinnar makrílgengdar. -shá / sjá síðu 24

Héðinsfjarðargöngin:

Styttist í að umferð komist á

SAMGÖNGUMÁL Óðum styttist í verklok í Héðinsfjarðargöngum en göngin verða vígð um mánaðamótin september/október. Fyrirtækið Háfell er búið að malbika frá Siglufirði að svokallaðri hábungu Ólafsfjarðarmegin eða 9,5 kílómetra af 14,5 en frágangur vegna er lokahnykkurinn. Gert er ráð fyrir því að um 25 þúsund tonn af malbiki fari í verkið.

Um 180 kílómetrar af rafstrengjum fara í göngin og ljósin sem verða fest upp eru um þúsund talsins.

-shá



BÍLAFJÖLD Nærri liggur að einum bíl sé stolið dag hvern en lítið er um að stolnir bílar séu fluttir úr landi að sögn lögreglunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Einu ökutæki stolið á dag árið um kring

Lögreglan fær á fjórða hundrað tilkynninga um stolin ökutæki á hverju ári. Sprenging varð í fyrra. Góðkunningjar lögreglunnar oft að verki. Yfirleitt finnst ökutækin aftur, segir aðstoðaryfirlögrelupjónn á höfuðborgarsvæðinu.

LÖGREGLUMÁL Á fjórða hundrað ökutækja er stolið hér á landi á ári hverju samkvæmt upplýsingavef lögreglunnar. Nærri liggur að einum bíl sé stolið á hverjum degi en undir ökutæki flokkast meðal annars bifreiðar, bifhjól, kerrur, fellihýsi og tjaldvagnar.

Sprenging varð í fyrra en þá var 392 ökutækjum stolið. Það sem af er árinu 2010 hefur 186 ökutækjum verið stolið.

Kristján Ó. Guðnason, aðstoðaryfirlögrelupjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að hegningarlögabrotum hafi farið fjölgandi frá miðju ári 2008 fram á mitt ár 2009. Það skýri kannski að hluta fjölgun nytjastulda á ökutækjum árið 2009. Um mitt ár 2009

hafi tekist að upplýsa stóran hluta þessara brota, margir hafi verið handteknir og endað bak við lás og slá eða eftir atvikum verið sendir úr landi. „Hegningarlögabrotum hefur farið fækkandi síðan þá,“ segir Kristján.

Að sögn Kristjáns finnast stolnu ökutækin í langflestum tilfellum aftur. „Það sem finnst ekki eru yfirleitt kerrur, bifhjól eða gamlir bílar sem er hreinlega búið að henda.“

Á heimasíðu lögreglunnar kemur þó fram að enn eru rúmlega 200 ökutæki ófundin, þeim elstu var stolið árið 2005.

Kristján segir lítið um að stolnir bílar séu fluttir úr landi. „Það er afar sjaldgæft að það gerist,“

Stolin ökutæki

Ár	Fjöldi tilkynninga
2006	355
2007	343
2008	300
2009	392
2010	186*

* það sem af er árinu

segir hann. Þau ökutæki sem lögreglan hefur upp á finnast oft yfirgefin úti í vegarkanti eða í umferðinni þar sem þjófarnir eru teknir undir stýri. „Þetta eru yfirleitt góðkunningjar lögreglunnar úr öðrum brotum. Þeir eru ekki í ákveðnum brotum heldur almennt í brotastarfsemi,“ segir Kristján.

kristjan@frettabladid.is

Aldargamalt viski opnað:

Verður geymt á Suðurskautinu

NÝJA-SJÁLAND, AP Kassi með ellifu rúmlega hundrað ára gömlum viskiflöskum var opnaður á Nýja-Sjálandi í gær.

Enginn fær þó að smakka á veigunum því þær verða innan fárra vikna fluttar á ný þangað sem þær fundust árið 2006, nefnilega á Suðurskautslandinu, vandlega faldar undir gólfi í kofa landkönnuðarins Ernest Schackleton, sem var þar á ferð árið 1907. Koffin verður varðveittur sem minningarverðmæti.

Áður en flöskunum verður komið fyrir verða tekin nokkur sýni af vininu sem sérfræðingar fá til skoðunar. Kannað verður hvort hægt sé að draga af sýnunum ályktanir um uppskriftina, sem löngu er týnd.

-gb

Ólafur Ragnar Grímsson:

Samúðarkveður vegna hamfara í Austurlöndum

NÁTTÚRUHAMFARIR Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sendi í gær forseta Kína, Hu Jintao, samúðarkveður vegna náttúruhamfaranna sem orðið hafa í Kína undanfarna daga. Á annað þúsund hafa látist og mikill fjöldi misst heimili sín enda eyðilegging þorpa og byggða gifurleg.

Þá hefur forseti Íslands einnig sent forseta Pakistans, Asif Ali Zardari, samúðarkveður vegna hinna hrikalegu flóða sem valdið hafa gríðarlegu tjóni í landinu.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Slökkviliðsmenn hindruðu farþega í að ganga um borð á Reykjavíkurlflugvelli:

Öllu flugi til Húsavíkur aflýst

SAMGÖNGUR Slökkviliðsmenn á höfuðborgarsvæðinu hindruðu leið farþega á Reykjavíkurlflugvelli út í vél sem fljúga átti til Húsavíkur í gær. Fluginu var því frestað sökum þess að farþegar komust ekki fram hjá slökkviliðsmönnum. Síðar var ákveðið að fresta öllu flugi til Húsavíkur um daginn, en fara átti fjórar ferðir.

Árni Gunnarsson, forstjóri Flugfélags Íslands, segist harna þessar aðgerðir slökkviliðsins og þau óþægindi sem hlutust af því fyrir farþega. Mögulegt var fyrir þá sem áttu bókað flug að fá miðann endurgreiddan eða endurbóka sig í flug dagsins í dag. Árni segir fjárhagslegt tap fyrir Flugfélagið sökum aðgerða slökkviliðsins gríðarlegt.

„Þetta hleypur á einhverjum milljónum,“ segir hann. Um 300 farþegar komust ekki leiðar sinnar í dag sökum verkfallsins.

Anton Berg Carrasco, trúnaðarmaður slökkviliðsmanna á Akureyri, segir að hreint og klárt verkfallsbrot hafi verið framið og slökkviliðsmenn muni gera allt innan skynsamlegra marka til þess að hindra flug um Húsavíkurlflugvöll. Hann segir farþega á flugvöllum á Húsavík



Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Slökkviliðsmenn höfuðborgarsvæðisins lokuðu útgönguleiðum til að hindra för farþega til Húsavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

flesta sýna slökkviliðsmönnum stuðning í baráttunni og hann finni ekki fyrir neinum pírtingi eða reiði meðal þeirra.

„Fólk er að koma upp að okkur og segjast styðja við bakið á okkur,“ segir hann.

-sv



... og rjómi





Kynnum nýtt, rótsterkt og ilmandi leikár á föstudag



Búðu þig undir að fá ferskt og nýmalað
Borgarleikhúsblað inn um lúguna!

Sala áskriftarkorta sló öll met í fyrra. Nú hefst salan föstu-
daginn 20. ágúst. Vertu með í vetur og skelltu þér á kort!



218.889 gestir geta ekki
haft rangt fyrir sér

Metfjöldi leikhúsgesta sótti okkur heim á síðasta leikári



Borgarleikhúsið

568 8000
borgarleikhus.is

568 8000
borgarleikhus.is

568 8000
borgarleikhus.is

568 8000
borgarleikhus.is

568 8000
borgarleikhus.is

568 8000
borgarleikhus.is

568 8000
borgarleikhus.is

568 8000
borgarleikhus.is



VIÐ
OSKARAS KORSI



GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	119,45	120,03
Sterlingspund	186,29	187,19
Evra	153,02	153,88
Dönsk króna	20,535	20,655
Norsk króna	19,285	19,399
Svænsk króna	16,125	16,219
Japanskt jen	1,3927	1,4009

SDR 180,62 181,70

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,7438

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



ÖRVÆNTING Kona grætur meðan björgunarmenn hvíla sig. NORDICPHOTOS/AFP

Óttast að fleiri farist í Kína:

Meira rignir ofan í flóðin

KÍNA, AP Á flæddu enn yfir bakka sína og nýjar aurskriður ollu tjóni á hamfarasvæðunum í Kína, þar sem enn meiri rigningu er spáð næstu daga.

Ástandið er verst í Gansu-héraði í norðvestanverðu Kína, þar sem á annað þúsund manns hafa farist og tugir þúsunda þurft að yfirgefa heimili sín.

Í fyrri nótt varð úrhellið til þess að sex hús í þorpinu Xizangba eyðilögðust í aurskriðum, fljót stíflaðist skammt frá þorpinu Libazi og vegasamgöngur lokuðust að hluta.

Afsökunarbeiðni

Stefndu í málshöfðun slita-stjórnar Glitnis í New York gegn fyrrverandi stjórnendum og eigendum bankans voru ranglega kallaðir sakborningar í frétt blaðsins í gær. Viðkomandi hefur eingöngu verið stefnt í einkamáli. Blaðið biður hlutadeigandi afsökunar á mistökunum.

LEIÐRÉTTING

Vegna mistaka í uppsetningu blönduðust saman ártölín 2009 og 2010 í fréttaskýringu í gær. Þar var fjallað um meðferð upplýsinga í viðskiptaráðuneyti og umræðu um gengistryggð lán og virtist sem allt það ferli hefði gerst á sömu fjórum mánuðunum. Svo er vitaskuld ekki.

Jón Ásgeir, eiginkona hans og fleiri þurfa ekki að fara til New York:

Mótkrafa frestar gagnaöflun

DÓMSMÁL „Þessu hefur verið frestað fram á haustið,“ segir Kim J. Landsman, lögmaður fimm af sex fyrrverandi eigendum og stjórnendum Glitnis, sem slitastjórn Glitnis hefur stefnt fyrir dómstól í New York.

Þann 10. september eiga lögmenn Glitnis að gera skriflega grein fyrir afstöðu sinni til frávisunarkröfu hinna stefndu, en lögmenn hinna stefndu leggja síðan fram svar sitt þann 8. október. Eftir það ákveður dómari hvenær hann vill hlusta á málflutning beggja aðila.

Í fréttum í gær kom fram að Jón Ásgeir Jóhannesson og aðrir fyrr-

verandi stjórnendur og eigendur Glitnis, sem stefnt hefur verið í málinu, þyrftu að mæta til New York í lok mánaðarins til þess að veita ítarlegar upplýsingar og leggja fram gögn um umsvif sín vestanhafs.

Landsman segir að þessi upplýsingaöflun stefndanna hafi frestað vegna mótkröfu hinna stefndu, sem fara fram á að dómstóllinn taki fyrst afstöðu til frávisunarkröfunnar. „Að okkar mati á frávisunarkrafan að vera nógu skýr þannig að ekki þurfi að afla frekari gagna,“ segir Landsman.



JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG Tvö hinna stefndu í máli slitastjórnar Glitnis gegn fyrrverandi eigendum og stjórnendum bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

500 milljónir í átaksverkefni: Skapar 150 ný störf í borginni

REYKJAVÍK Um 150 ný störf skapast fram að næstu áramótum með þeirri ákvörðun borgarráðs sem tekin var fyrir í sumar um að verja 500 milljónum í átaksverkefni. Fjárhæðin skiptist þannig að 100 milljónir fara til leikvalla, opinna svæða og endurgerðar gönguleiða, 150 til framkvæmda vegna gönguleiða, 100 til viðhaldsverkefna og 150 til stærri verkefni í Fellaskóla, Seljaskóla og Austurbæjarskóla að því er fram kemur í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Gylfi segist engu hafa verið leyndur

Afsögn kom ekki til tals á fundi Gylfa með Jóhönnu og Steingrími í gær. Fyrrum ráðuneytisstjóri sagði ráðherra frá gögnum um gengistryggingu 25. júní. „Verður að hreinsa borðið eða ganga frá því,“ segir stjórn málafræðingur.

STJÓRN MÁL „Það er ekki minn skilningur heldur þvert á móti að starfsmenn ráðuneytisins hafi haldið frá mér upplýsingum eða blekkt mig. Ég var fyllilega upplýstur um það sem átti að upplýsa mig um,“ segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sem ræddi við Fréttablaðið í gærkvöld.

Gylfi segir ekkert hafa verið minnst á hugsanlega afsögn sína á fundi sem hann átti í gærkvöld með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra. Hann muni hins vegar áfram gera allt sem hann getur til að upplýsa frekar um þetta mál.

„Það var aldrei tilgangur minn að blekkja þingheim, en mér þykir leitt ef einhverjir hafa misskilið svar mitt og get auðvitað hæglega beðist velvirðingar á því. Það er hugsanlegt að einhverjir hafi skilið svarið þannig að ég væri að tala almennt um öll myntkörfuflán, en það er þá bara ef menn sleppa seinni hlutanum í svari mínu.“

Hann segist alls ekki hafa vísitandi reynt að svara óljóst til að koma í veg fyrir að skapa illviðráðanlegt ástand.

„Þetta voru engin ríkisleyndarmál og ég hafði sjálfur rætt þessi mál opinberlega um svipað leyti.“

Samkvæmt upplýsingum úr viðskiptaráðuneytinu var ráðherranum munnlega greint frá álitum Lex líklega 25. júní 2009, og að það hefði verið unnið fyrir Seðlabankann. Sem þekkt er sagði í álitinu



GYLFI MAGNÚSSON Biðst velvirðingar á því hafi svar hans á þingi verið misskilið.

Vandræðalega tvísaga

Grétar Þór Eypórsson stjórn málafræðingur segir stöðu Gylfa vera erfiða. Ráðherrann virðist vera „vandræðalega tvísaga“, þótt auðvitað megi líta til aðstæðna á þeim tíma, sumarið 2009, til skýringar á athöfnum hans, en þá var meðal annars verið að fjalla um uppgjör gömlu bankanna.

„Gylfi virðist ekki hafa gert sér fulla grein fyrir því hvernig hlutir ættu að ganga fyrir sig inni í stjórnsýslunni. Þetta á sér eflaust allt sínar skýringar. En hann þóttist samt ekki vita eitthvað sem hann greinilega vissi. Gylfi verður annaðhvort að hreinsa borðið eða ganga frá því,“ segir Grétar.

að gengistryggð krónulán væru ólögmæt.

Jónína S. Lárusdóttir, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, hafi því ekki haldið því leyndu fyrir ráðherra. Viðskiptaráðuneytið hafði áður greint frá því að Gylfi hafi séð minnisblað 24. júní, byggt á álitinu.

Gylfi sagðist í síðustu viku ekki hafa vitað af álitum Lex/Seðlabanka um gengistryggingu áður en hann svaraði því til á Alþingi í júlí, spurð-

ur um krónulán í erlendri mynt, að þau væru lögmæt.

Gylfi hefur og kennt Seðlabankanum um að hafa ekki séð gögnin.

Áhrifamenn í Samfylkingunni, meðal annarra ráðherra, sögðust í gær meta stöðu Gylfa sem mjög erfiða. Forsætisráðherra vildi ekki gefa kost á viðtali í gær, ekki fyrr en hún hefði heyrð skýringar Gylfa.

klemens@frettabladid.is / gudsteinn@frettabladid.is

Óþekktar kolagrafir finnast: Skógar áður á Heklusvæðinu

NÁTTÚRUFAR Áður óþekktar kolagrafir hafa fundist á Heklusvæðinu, að því er fram kemur á vef skógræktaráttaksins hekluskogar.is. Þær sýna að skógur hefur vaxið á svæðinu áður.

Friðþór Sófus Sigurmundsson landfræðingur hefur unnið að rannsóknum í Þjórsárdal og tekið út framkvæmdir Heklusvæðis. Á ferðum sínum hefur hann rekist á nokkrar fornar kolagrafir, sumar þekktar og áður skráðar.

„En einnig hafa fundist áður óþekktar grafir. Hafa kol sem fundust í kolagröf í Rauðukömbum, sem eru innanlega í Þjórsárdal, verið gróflaga aldursgreind að vera frá árinu 1500,“ segir á vefnum. Þá fannst nýverið forn kolagröf innan við Kinnar sem eru vestan Hrauneyja. „Hafa kolin sem þar fundust verið send í aldursgreiningu.“

Blaðamenn án landamæra: Birting leyniskjala fordæmd

FJÖLMÍDLAR Samtökin Blaðamenn án landamæra hafa skrifað WikiLeaks opið bréf þar sem þau gagnrýna harðlega birtingu á 70 þúsund leyniskjöllum bandaríska hersins um stríðið í Afganistan.

Blaðamennirnir segja að þetta sé hættulegt athæfi. Auðvelt sé fyrir talibana og önnur hernaðarsamtök að nota þessi skjöl til að búa til lista yfir fólk sem verði myrt í hefndarárum.

Julian Assange, stofnandi WikiLeaks, tilkynnti í gær að 15 þúsund leyniskjöl til viðbótar yrðu birt á vefsíðunni þrátt fyrir mótmæli bandarískra stjórnvalda.

Blaðamenn án landamæra taka undir kröfu Bandaríkjamanna um að skjölin verði ekki birt.

Sólarferð

Alicante

Verð á mann í tvíbýli 19.-28. ágúst

94.900kr.

Innfalið í verði: Flug með sköttum, gisting með morgunverði á Holiday Inn Express - Alicante í 9 nætur. Ath. farþegar sjá sjálfir um ferðir milli flugvallar og hótels.

Express ferðir

Soffia Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

VÆTUSÖM HELGI

Helgin verður hlý en vætusöm viðast hvar, einkum á Suður- og Vesturlandi. Búast má við mestu rigningunni á sunnudaginn og þá verður nokkuð hvasst vestan til en síðan dregur úr vindi og vætu á mánudaginn. Hljást verður NAlands.

Á MORGUN 3-16 m/s
Hvassast vestan til.

MÁNUDAGUR
Fremur hægur vindur og víða skúrir.

HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	22°
Berlín	25°
Billund	21°
Frankfurt	28°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	24°
Kaupmannahöfn	24°
Las Palmas	23°
London	21°
Mallorca	28°
New York	26°
Orlando	35°
Ósló	22°
París	23°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	26°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Kringlan

Opið til 18

Skóla- dagar

*Kynnið ykkur frábær
afsláttarkjör í tilboðsheftinu.*





Finnst þér að hið opinbera eigi að niðurgreiða smokka á Íslandi?

Já 70,0%
Nei 30,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú kröfur sjúkráflutninga- og slökkviliðsmanna í kjaradeilu þeirra?

Segðu skoðun þína á Vísis.

Rússar standa við samning frá 1995 um að byggja kjarnorkuver handa Írönum: Eldsneytið sent í næstu viku

RÚSSLAND, AP Rússar ætla í næstu viku að útvega eldsneyti í fyrsta kjarnorkuver Írans þrátt fyrir harða andstöðu Bandaríkjamanna, sem vilja koma í veg fyrir að Íranar geti framleitt kjarnorku nema þeir hafi fyrst fært sönnur á að þeir ætli ekki að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Eldsneyti unnið úr úrani verður dælt á kjarnaofninn í Bushehr-kjarnorkuverinu þann 21. ágúst. Þá strax verður hafist handa við að ræsa ofninn, en það ferli tekur um fjórar vikur. Að því búnu verður hægt að senda raforku til heimila í Íran.

„Frá og með þeim tíma telst Bushehr-verið opinberlega vera kjarnorkuframléislustöð,“ segir Sergei Novikov, talsmaður rússnesku kjarnorkustofnunarinnar.

Rússland undirritaði árið 1995 samning við Írana um að byggja Bushehr-verið, en Rússar hafa dregið það lengi að ljúka við bygginguna.

Rússar hafa borið við tæknilegum erfiðleikum, en stjórnmaláskýrendur telja að Rússar hafi notað tímann til að þrýsta á Írana um að gefa meira eftir varðandi kjarnorkuáform sín.



SERGEI SHMATKO OG ALI AKBAR SALEHI Orkumálaráðherra Rússlands og yfirmáður kjarnorkumála í Íran þegar þeir hittust við Bushehr-verið á síðasta ári.

NORDICPHOTOS/AFP - gb

12.569 atvinnulausir í júlí: Atvinnuleysi fer minnkandi

ATVINNULÍF Atvinnuleysi í júlí síðastliðnum var 7,5 prósent en að meðaltali voru 12.569 manns atvinnulausir í júlí, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Minnkunar atvinnuleysi um 3,2 prósent frá júní, eða um 419 manns að meðaltali.

Körlum á atvinnuleysisráðgjafarækker um 437, eða um 5,9 prósent að meðaltali, en konum fjölgaar hins vegar um 18 að meðaltali.

Atvinnuleysið er 7,4 prósent meðal karla og 7,5 prósent meðal kvenna.

- jhh



VÍNBUÐIN Könnun MMR bendir til þess að verslun við Vínbúðirnar hafa dregist saman

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Könnun á áhrifum hækkana:

Heimabrug og smygl aukist

SAMFÉLAGSMÁL Smygl á áfengi og heimabrug hefur aukist í kjölfar verðhækkana á áfengi ef marka má nýja könnun sem Félag atvinnurekenda lét gera en RÚV greindi frá þessu í gær.

Markaðs- og miðlarannsóknir framkvæmdu könnunina en skoða átti áhrif efnahagshrunsins á áfengismarkaðinn á Íslandi.

Rúm 27 prósent svarenda sögðust verða meira vör við heimabrug og smygl á áfengi en áður. Á meðal fólks á aldrinum 18 til 29 ára var hlutfallið um 50 prósent.

- mp1



BJÖRGUNARSVEITIN VIÐ STÖRF Félagar í íslensku alþjóðabjörgunarsveitinni ræða við innfæddan á Haítí eftir jarðskjálftana þar í byrjun árs.

NORDICPHOTOS/AFP

Líta upp til Íslendinganna:

Útlendar sveitir vilja æfa hérna

SLYSAVARNIR Alþjóðarústabjörgunarsveit Hollendinga (USAR-NL) vill halda æfingu á Gufuskálum, æfingasvæði íslensku rústabjörgunarsveitarinnar (ÍA). Á vef Landsbjargar segir að fulltrúar sveitarinnar hafi rætt þetta á fundi með stjórnendum íslensku sveitarinnar í byrjun vikunnar.

„Það er ljóst að í kjölfar útkallsins til Haítí líta kollegar okkar erlendis upp til ÍA og vilja þjálfa með sveitinni. Ekki er nema tæp vika síðan sendinefnd frá kínversku jarðskjálftastofnuninni fundaði með ÍA, en stofnunin heldur úti rústabjörgunarsveitunum í Kína,“ segir á vef Landsbjargar.

- óká

Áfengisverðið hefur áhrif á vísitölu og vinnmenningu

Veitingamaður gagnrýnir hækkun á áfengisgjöldum og segir hana skila sér í auknu bruggi og smygli. Formaður Neytendasamtakanna bendir á að verðhækkun á áfengi hækki afborganir verðtryggðra lána.

NEYTENDUR Verð á áfengi hefur hækkað mikið á síðustu árum. Alþingi samþykkti í fyrra breytingar á áfengisgjöldum, sem gerðu það að verkum að gjöldin hækkuðu um rúm fjórutíu prósent á tólf mánuðum.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofunni voru neysluútgjöld heimilanna um 426 þúsund krónur á mánuði árin 2006 til 2008. Af því er áfengi 86.363 krónur á ári, 1,7 prósent, sem er nákvæmlega sama hlutfall og fyrir árin 2005 til 2007, þrátt fyrir hækkandi áfengisverð.

„Útgjöld fyrir áfengi og tóbaki eru oft vantalin í útgjaldarannsóknnum,“ segir Lára G. Jónasdóttir, sérfræðingur hjá vísitölu-deild Hagstofunnar. Hún segir niðurstöður rannsóknarinnar því einnig byggja á sölu-tölum frá ÁTVR.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir stefnu stjórnvalda varðandi hátt verðlag á áfengi gríðarlega óheppilega þar sem það hækki einnig vísitölu neysluverðs og þar með verðtryggð lán í landinu.

„Í þessu samhengi höfum við gagnrýnt hækkun áfengisgjalda í kjölfar hrunsins þegar heimilin eru í vandræðum með að borga af sínum verðtryggðu lánum,“ segir Jóhannes. „Hversu hátt er svo mögulegt að fara með áfengisverðið áður en það kemur aftur í bakið á ríkinu með minnkandi neyslu og því orðspori sem fer af Íslandi erlendis, er svo aftur annar punktur.“

Stefán Guðjónsson, rekrstarstjóri veitingahússins Einars Ben og framkvæmdastjóri vefsíðunnar www.smakkarinn.is, segir rök stjórnvalda fyrir hækkandi áfengisgjöldum vera út í hött og sorglegt sé hvaða áhrif þau séu farin að hafa á vinnmenningu landsins.

„Þetta eykur ólöglegt brugg á áfengi, smygl og landasölu,“ segir hann. „Mikið af þessum efnum er mjög hættulegt.“

Stefán segir að vinnubóðin séu svo til hætt að kaupa dýrari og finni vín, einfaldlega vegna þess að fólk hefur ekki lengur efni á að njóta þeirra. „Verðið hefur hækkað og launin standa í stað. Vinnmenning á Íslandi í dag er á sama stað og hún var fyrir 18 árum. Þetta er skelfileg þróun.“

Ísland og Noregur eru með hæstu áfengisgjöld sem þekkjast í Evrópu. Hin Norðurlöndin eru með lægri áfengisgjöld, en lægst eru þau í Danmörku og Finnlandi. Norðurlöndin eru samt með einna hæstu opinberu álögurnar í Evrópu og þótt víðar væri leitað.

Áfengisverð í Noregi er enn hærra en á Íslandi í alþjóðlegum samanburði, en þar kemur hrun krónunnar einnig til. Áfengi var á síðasta ári um 68% dýrara en í aðildarríkjum Evrópusambandsins að meðaltali.



ÁFENGISVERÐ Á Íslandi eru ein hæstu áfengisgjöld sem þekkjast í heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hlutfallslegt verðlag á áfengi á milli landa

Vísitölur verðhlutfalla sýna hve mikið þarf af evru að meðaltali til að kaupa sama magn af vörum og þjónustu í mismunandi ríkjum. Ef vísitalan fyrir Ísland er 168, þýðir það að fyrir sömu vörur og kosta 100 evrur að meðaltali í Evrópusambandsríkjunum, þarf að borga 168 evrur á Íslandi. Heimild: Hagstofa Íslands

Ár	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Bretland
2006	226	128	170	229	145	152
2009	168	135	170	234	138	117

Verð á Torres Coronas Tempranillo (750 cl flaska)

Land	Verslun	Verð
Ísland	ÁTVR	1.899 kr.
Danmörk	Super Brugsen	1.237 kr.
Noregur	Vinmonopolet	2.081 kr.
Svíþjóð	Systembolaget	1.119 kr.
Finnland	Alko	1.528 kr.



Í sambærilegum samanburði fyrir árið 2006 var það um 128% dýrara. Munurinn hefur minnkað, en það kemur íslenskum neytendum ekki til góða, þar sem kaupmáttur hefur rýrnað að sama skapi vegna falls krónunnar.

Áfengisgjaldið sem rennur í ríkissjóð er rúmlega 80 prósent af verði á sterku víni og

Áfengisgjöld

Áfengisgjald reiknast á hvern sentilíttra af vinnandi í hverjum lítra áfengra drykkja.

Öl og bjór: 75,95 krónur á hvern sentilíttra umfram 2,25 sentilíttra.

Vín: 68,31 krónur á hvern sentilíttra, að hámarki 15 prósent að styrkleika.

Annað áfengi: 91,57 krónur á hvern sentilíttra.

Oftan á áfengisgjöld ríkisins kemur álagning ÁTVR:

Léttvín og bjór: 18 prósent

Sterkt vín: 12 prósent

um 65 prósent af léttvíni og bjór. Hækkun þess í fyrria átti að auka tekjur ríkisins um fjóra milljarða króna á ári. Eins og Fréttablaðið skýrði frá í vikunni borgaði ÁTVR 960 milljónir króna í ríkiskassann fyrir árið 2009, en álagning vínbúðanna hefur hækkað til viðbótar við snarhækkun áfengisgjöld.

sunn@frettabladid.is

Samkeppni um minjagrip og handverk. Vertu með!

Samkeppnisreglur og upplýsingar: www.jonsigurdsson.is

*Jón Sigurðsson
1811-17. Júní 2011*

Ódýrt í skólann



HETTUPEYSUR
→ 3.999.-

→ BUXUR
2.499.-

→ BUXUR
1.999.-



→ ÚLPUR
4.999.-



Mikið úrval af skólavörum á betra verði



betra verð
999 kr/stk



betra verð
470 kr/stk



betra verð
178 kr/stk

Stílabækur
5 stk. í pakka 890 kr.



betra verð
9.890 kr.



betra verð
24 kr/stk

Blyantar
12 stk. í pakka 290 kr.



betra verð
80 kr/stk



1. Hvaða bandaríska rokksvéit hermír eftir íslensku sveitinni Búdrýgindum?
2. Hvaða íslenski knattspyrnumaður er á reynslu hjá PSV Eindhoven?
3. Hvaða kirtla er nú í tísku að fjarlægja á Íslandi?

SVÖRIN ERU Á Síðu 70

Viðskiptaráð Íslands deilir á frumvarp ráðherra til búvörlaga:

Mjólkurfrumvarp hindrar nýsköpun

STJÓRN MÁL Viðskiptaráð hefur sent frá sér álit á frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til búvörlaga. Viðskiptaráð gagnrýnir frumvarpið og hvetur til þess að það nái ekki fram að ganga.

„Við tökum undir þá gagnrýni sem komið hefur fram út frá samkeppnisjónarmiðum. Við teljum þetta vera afturför fyrir landbúnaðinn og að þarna sé verið að loka fyrir samkeppni á mjólkurmarkaði,“ segir Þórdís Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá Viðskiptaráði.

Viðskiptaráð gerir tvær athugasemdir við frumvarpið. Ráðið gagnrýnir sektarákvæði sem frumvarpið gerir ráð fyrir og heimild sem gefin er handa mjólkurbændum til að nýta allt að 10.000 lítra utan greiðslumarks eða kvóta til eigin framleiðslu.

Viðskiptaráð segir sektarákvæðið vinna gegn tilgangi laganna sem sé að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu á búvörum til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

Þá segir ráðið að 10.000 lítra heimildin hindri nýsköpun og vörubróun þar sem hámarkið sé svo lágt



MJÓLKURFRUMVARP Viðskiptaráð hefur bæst í hóp þeirra sem gagnrýnt hafa nýtt frumvarp til búvörlaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

að það þrenგი verulega að þeim aðilum sem þegar framleiði beint frá býli.

- mþl

Útlendingastofnun breytir til: Skila þarf saka-vottorði frá FBI

ÖRYGGISMÁL Frá og með næstu mánaðamótum þarf fólk sem búsett hefur verið í Bandaríkjunum síðustu fimm ár og sækir um dvalarleyfi hér að skila inn saka-vottorði frá bandarísku alríkislögreglunni (FBI).

Fram kemur á vef Útlendingastofnunar að sakavottorð frá einstökum fylkjum séu ófullnægjandi þar sem þau nái einungis yfir það tiltekna fylki. Í frétt á vef stofnunarinnar er vísað á leiðbeiningar um hvernig sækja eigi um sakavottorðið.

- óká



AKUREYRI Til stendur að reisa KFC og leigubílastöð á þessu svæði Akureyrar.

MYND/KRISTJÁN

Undirskriftir gegn KFC:

Um 1.300 hafa skrifað undir

AKUREYRI Undirskriftasöfnun til að mótmæla þeim fyrirætlunum bæjarráðs Akureyrar að byggja KFC veitingastað við Hafnarstræti, hófst fyrir um viku. Um 1.300 manns hafa skrifað undir á vefsíðunni sem stofnuð var í þessum tilgangi.

Lögð var fram í bæjarráði tillaga að breytingu á deiliskipulagi Akureyrar þann 29. júní. Auk veitingastaðar stendur til að byggja leigubílastöð með bensínafgreiðslu við Hafnarstræti, en við götuna er ein lengsta röð gamalla húsa í bænum.

- sv

Milljóna afgangur af fjárframlögum til tannlækna

Tæplega þrjú hundruð milljóna afgangur varð af fjárframlögum til tannlækninga á síðasta ári. Gjaldskrá um endurgreiðslur hefur verið óbreytt lengi. Von er á nýrri reglugerð, segir heilbrigðisráðherra.

HEILBRIGÐISMÁL Tæplega þrjú hundruð milljóna afgangur var af fjárframlögum til tannlækninga á síðasta ári. Árin 2001 til 2009 var afgangurinn 784 milljónir króna.

Fjárframlög til tannlækninga voru rúmar 1.666 milljónir króna og er því tæplega 20 prósent afgangur. Formaður Tannlæknafélags Íslands, Sigurður Benediktsson, gagnrýnir þetta harðlega, meðal annars í grein í Fréttablaðinu í dag. „Ráðherra setur ráðherragjaldskrá sem segir til um hvað mikið er endurgreitt frá ríkinu. Gjaldskrá tannlækna er síðan frjáls og greiðir sjúklingurinn mismuninn,“ segir Sigurður. Gjaldskrá ráðherra hefur ekki verið hækkuð í mörg ár, en verðlag hefur breyst mikið. Þetta leiðir til þess að sjúklingar þurfa sífellt að borga hærri hlut, að sögn Sigurðar.

Sigurður bendir á það í grein sinni að íslensk börn séu með tvöfalt fleiri tannskemmdir en börn í nágrannalöndunum, samkvæmt rannsóknunum. Hann segir að ef afgangur fjárveitinga síðustu níu ára, 800 milljónir, hefði nýst í tann-

vernd barna hefði mátt laga tæpar 55 þúsund tennur.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segir að gjaldskráin sé vissulega gömul og úrelt. „Ég er að ganga frá uppfærðri reglugerð á grunni sjúkratryggingalaganna um tannlækningar almennt og ég á nú ekki von á því að geta hækkað gjaldskrána frekar en annað eins og ríkisfjármálunum er hátt að,“ segir hún. Hún segir vera um forgangsröðun að ræða. „Þessi afgangur sem Sigurður vísar til er forsendan fyrir því að ég setti reglugerð um tannlækningar og tannréttingar þeirra sem fæðast með alvarlega galla í munnholi, skarð í góm og tannleysi. Þess vegna þurfti engar aukafjárveitingar þar heldur er ég að nýta þær fjárveitingar sem Alþingi hefur sett í tannlækningar til þess að rétta hlut þessa hóps.“

Sigurður segist ánægður með bót á málefnum þessa hóps. Hann segir jafnframt allt stefna í að afgangur verði af fjárframlögum á þessu ári og Sigtryggur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga



TANNLÆKNAR Fjárframlög til tannlækninga hafa ekki nýst undanfarin ár og var afgangur af þeim tæpar 800 milljónir á síðustu níu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslands, gerir einnig ráð fyrir því. Álfheiður á ekki von á því. „Ég á von á því að það nýtist allt það fé sem Alþingi setti í tannlækningar

vegna þess að það er búið að bæta stöðu þessa hóps verulega. Þetta er forgangsröðunin sem ég valdi.“

thorunn@frettabladid.is

SPARIDAGAR 2010

SHARP-LC40LE600

SHARP

40" LED SJÓNVARP
FULL HD · 1920x1080 WXGA upplausn (16:9) · 4 ms svartími · DVB-T móttakari
LISTAVERÐ: 40": 339.900 kr.
SPARIDAGAVEÐ: 229.900
LC40LE700 LISTAVERÐ: 40": 389.900 kr.
SPARIDAGAVEÐ: 259.900

Pioneer
DCS-F530

MÖGNUÐ STÆÐA
Fyrir kröfuharða

Pioneer heimabíóstæða
LISTAVERÐ: 135.900
SPARIDAGAVEÐ: 109.900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

OLYMPUS T-100

Til í fjórum litum: Svört, blá, rauð og silfur

12 milljón pixlar
3x aðdráttur,
linsa 36-180mm

Stafræn myndavél
LISTAVERÐ: 19.900
SPARIDAGAVEÐ: 15.900

Pioneer
PIONEER - DV-320

Hágæða DVD-spilari
LISTAVERÐ: 19.900
SPARIDAGAVEÐ: 14.450

CASIO EX-FC100

9,1 milljón pxl
5x aðdráttarlinsa
(37-185mm)

Stafræn myndavél
LISTAVERÐ: 57.900
SPARIDAGAVEÐ: 39.900

DVD spilari
LISTAVERÐ: 16.900 kr.
SPARIDAGAVEÐ: 14.900

SAMSUNG P-191

GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ

ORMSSON
ORMSSON AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ISAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
SELFOSSI
SÍMI 4801160

20% afsláttur af AEG þvottatækjum, kæliskápum, ofnum, helluborðum, gufugleypum og ryksugum ...

AEG LAVAMAT 52840

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG veggháfar 90 cm **50% afsláttur**

AEG þvottavél
1200 snúninga · Tekur 6 kg · Öll þvottakerfi
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
LISTAVERÐ: 129.900
SPARIDAGAVEÐ: 99.900

AF ÖLLUM AEG GASHELLUBORÐUM
40% afsláttur

...og 20% afsláttur af AEG
kaffivélum, brauðristum, straujárnnum, handþeyturum, hraðsuðukönnum, matvinnsluvélum, hárblásurum, sléttujárnnum, espressovélum

LAVATHERM-T55460

AEG

AEG þurrkari
Barkalaus með rakaskynjara · Taumagn: 6 kg
LISTAVERÐ: 119.900
SPARIDAGAVEÐ: 89.900

Verbatim
VE47512
Flakkari
1 TB
LISTAVERÐ: 23.500
SPARIDAGAVEÐ: 18.900

Á LEIÐ ÚR LANDI Hópur fólks af rómaþjóðinni ræðir við lögreglumann í Frakklandi.

Sígaunabúðir rýmdar: Íbúarnir allir sendir úr landi

FRAKKLAND, AP Meira en 40 búðir sígauna hafa verið rýmdar í Frakklandi á síðustu tveimur vikum. Um 700 íbúar þeirra verða sendir úr landi til Búlgaríu eða Rúmeníu með flugi.

Brice Hortefeux innanríkisráðherra staðfesti þetta í vikunni. Sígaunarnir, eða rómar eins og þeir kalla sig, hafa ekki dvalið löglega í landinu. Í síðasta mánuði lýsti Nicolas Sarkozy forseti því yfir að öllum ólöglegum búðum sígauna yrði lokað og sagði þær gróðrarstíu vændis, barnaniðingja og mansals. Vöktu þau orð hans hörð viðbrögð.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slösuðust í bílveltu
Tveir menn slösuðust og voru fluttir á Sjúkrahúsið á Akureyri, eftir að bíll þeirra valt út af veginum í Húnavatnssýslu laust eftir miðnætti í fyrrnótt. Senda varð tækjabil á vettvang til að ná mönnum úr flakinu.



BRÚABORGIN HEILLAR

PORTLAND

frá 56.050 kr.* á mann

Hún býður eftir þér, græn, opin, umhverfisvæn og mannleg borg á bökkum Willamette-fljóts, nyrst í Oregon, og nær til hjartans. Njóttu þess að skoða garðana, líttu inn á söfnin, komdu í leikhús eða út að versla, láttu stjarna við þig á fyrsta flokks veitingastað eða lyftu krús af Portland-bjór. Svo má kóróna heimsóknina með náttúruskoðun í sveitunum í kring.

EIN BÖKUN, EINN FARSEDILL

Í samstarfi við Alaska Airlines býður Icelandair flug um Seattle til draumaborga á vesturströnd Bandaríkjanna.

Í flugvélum Icelandair bíða þín þægileg flugsæti, gott sætabil, matur fyrir börnin án endurgjalds og þinn eigin persónulegi skjár þar sem þú getur valið úr 100 klukkustundum af afþreyingarefni og góðu úrvali barnaefnis á íslensku.



+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR





UMKOMULAUS Í PAKISTAN Þessi litli drengur býr nú í flóttamannabúðum í Pakistan eftir að flæddi yfir heimili hans. NORDICPHOTOS/AFP

Þyrla Landhelgisgæslunnar: Fór 500 sjómíllur eftir sjómanni

BJÖRGUN Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, fór í óvenju langt sjúkraflog eftir veikum sjómanni um borð í spænskum togara suðvestur af Reykjanesi seint í fyrra-kvöld og var flugvél frá Mýflugi send með þyrlunni til öryggis.

Þegar komið var að togaranum eftir langt flug í sterkum mótvindi komu upp tungumálaörðugleikar og spænski skipstjórinn hafði aðrar hugmyndir um vinnubrögð við björgunina en áhöfn þyrlunnar.

Það var ekki fyrr en stýrimaður þyrlunnar hótaði að snúa við, að skipstjórinn gafst upp og þyrlu-áhöfnin tók stjórnina og náði sjómanninum um borð. Lent var með hann í Reykjavík um tvö leytið í nótt, en hann mun ekki vera í lífs-hættu. Flogið var rúmlega 500 sjómíllur og tók leiðangurinn fimm klukkustundir.

Þúsund Íslendingar kvaddir á þjóðfund um stjórnarskrá

Mikilvægt skref í endurskoðun stjórnarskrárinnar verður stigið á þjóðfundi í nóvember. Augu heimsins hvíla á Íslandi vegna þessarar tilraunar, segir Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar.

SAMFÉLAGSMÁL Þúsund kosningabærir Íslendingar úr öllum landshlutum og úr öllum aldurs-hópum verða kvaddir til að sitja þjóðfund fyrstu helgina í nóvember. Á þjóðfundinum geta þátttakendur haft áhrif á fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskránni.

„Við skulum vona að nú takist það sem ekki hefur tekist áður frá stofnun lýðveldisins,“ sagði Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, á fundi með fjölmiðlafólki í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

„Þetta er mjög spennandi tækifæri, og augu heimsins hvíla á okkur enda spennandi að sjá hvort þessi tilraun sem Ísland er að gera gengur upp,“ sagði Guðrún.

Stjórnlaganefnd hefur það hlutverk að undirbúa breytingar á stjórnarskránni. Nefndin undirbýr þjóðfundinn í nóvember og vinnur svo úr þeim hugmyndum sem þar koma, sem og aðsendum erindum sem nefndinni berast.

Það sem út úr þeirri vinnu kemur verður haft til hliðsjónar á stjórnlagabingi, sem kemur saman í febrúar á næsta ári. Nefndin á auk þess að leggja efnislegar tillögur um breytingar á stjórnarskrá fyrir stjórnlagabingið.

Þeir eitt þúsund Íslendingar sem kvaddir verða til að sitja þjóðfundinn munu fá bréf frá nefndinni um næstu mánaðamót. Þeir verða valdir með handahófsaðferð úr stjórnarskrá, en skipt jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir landshlutum og aldri.

Guðrún sagði að um eitt þúsund manns eigi lögum samkvæmt að sitja fundinn. Treysti einhverjir þeirra sem valdir verði til verkefins sér ekki til fundarins verði nýtt fólk valið í þeirra stað. Kostnaður þjóðfundargesta verður greiddur af ríkinu.



ÞJÓÐFUNDUR Stjórnlaganefnd kynnti undirbúning þjóðfundar í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Í nefndinni sitja, auk annarra, (frá vinstri): Aðalheiður Ámundadóttir, Njórður P. Njarðvík, Guðrún Pétursdóttir, Björg Thorarensen og Skúli Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þessi aðferð við að leggja drög að stjórnarskrá er einstæð í öllum heiminum,“ sagði Skúli Magnússon, sem sæti á í stjórnlaganefnd. Hann sagði að á þjóðfundinum muni þverskurður af þjóðinni fá tækifæri til að tjá sínar áherslur í nýrri stjórnskipan í landinu.

Meðal þess sem þjóðfundurinn gæti tekið afstöðu til er hvort nauðsynlegt sé að vinna nýja stjórnarskrá frá grunni, eða hvort breyta eigi og bæta núverandi stjórnarskrá,

sagði Aðalheiður Ámundadóttir, sem sæti á í stjórnlaganefndinni.

„Eitt af því sem getur verið vandamál við stjórnarskrána, þótt hún hafi í sjálfu sér reynst ágætlega sem slík [...] er að hún er ekki vel læsileg eða skiljanleg borgurunum í landinu,“ sagði Björg Thorarensen, einn nefndarmanna. Hún segir líklegt að þjóðfundurinn geri þá kröfu að stjórnarskráin verði læsileg og skiljanleg almenningi.

brjann@frettabladid.is

LATABÆJARHLAUP ÍSLANDBANKA 21. ÁGÚST

LATI
BÆR



Dagskrá

Upphitun við rásmark 5 mínútum fyrir hvert hlaup

- Kl. 13.30 – Ræst í 700 m hlaup (5 ára) – Gul leið
- Kl. 13.30 – Ræst í 1,5 km hlaup (7-8 ára) – Blá leið
- Kl. 13.40 – Ræst í 700 m hlaup (4 ára) – Rauð leið
- Kl. 13.50 – Ræst í 700 m hlaup (0-3 ára) – Græn leið
- Kl. 13.50 – Ræst í 1,5 km hlaup (6 ára) – Appelsínugul leið

Kl. 14.15 – Að loknu hlaupi verður skemmtidagskrá í suðurenda Hljómskálagarðsins

Einungis er leyfilegt að vera með kerrur og vagna á Grænu leiðinni fyrir aftan aðra hlaupara.

Skráningaráttíð Latabæjarhlaupsins föstudaginn 20. ágúst kl. 10-19

Daginn fyrir Latabæjarhlaupið verður haldin skráningaráttíð í félagshúsi Ármanns og Próttar við gervigrasið í Laugardal, Engjavegi 7.

Þar geta forskráðir þátttakendur nálgast skráningargögn sín milli kl. 10 og 19. Frá kl. 15 verður sérstök íþróttadagskrá fyrir börnin.

skráðu barnið á
marathon.is

Undanhald viðskiptaráðherra er ósannfærandi.

Af sama sauðahúsi?

Staða Gylfa Magnússonar viðskipta- og efnahagsráðherra er býsna erfið eftir það sem komið hefur fram undanfarna daga um svör hans á Alþingi um gengistryggð lán.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþingismaður spurði ráðherrann á Alþingi 1. júlí í fyrra; hvort hann teldi að lögmæti lána, sem væru í raun „hrein krónulán en með erlendu viðmiði“ væri hafið yfir allan vafa og vísaði til laga um vexti og verðbætur. Gylfi svaraði um „lán í erlendri mynt“ – sem var ekki það sem þingmaðurinn spurði um – og svaraði því til að lögfræðingar í viðskiptaráðuneytinu og annars staðar í stjórn-sýslunni hefðu vitaskuld skoðað málið og niðurstaða þeirra væri að lánin væru lögmæt.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Nú hefur komið skýrt fram að lögfræðingur viðskiptaráðuneytisins skrifaði í minnisblaði til ráðherrans 9. júní í fyrra að lögin tækju af skarið um að verð-

trygging á lánnum í íslenskum krónum væri aðeins heimil ef grundvöllur verðtryggingarinnar væri vísitala neyzluverðs. Þetta kom ekki fram í svari ráðherrans.

Aukinheldur hefur komið fram að á þeim tíma, er ráðherrann svaraði Ragnheiði, hafði ráðuneytið í höndum tvö önnur lögfræðiálit, annað frá Lögmannsstofunni Lex og hitt frá Seðlabankanum, þar sem komizt var að sömu niðurstöðu; að gengistrygging krónulána væri ólögmæt. Þetta var svo staðfest í Hæstarétti í sumar.

Eftir að misræmið í svörum ráðherra komst í hárnæli, hefur fylgt röð af afsökunum, þar sem reynt er að skella skuldinni á embættismenn Seðlabanka eða ráðuneytisins að hafa ekki upplýst hann um stöðu mála. Það eru ekki sannfærandi skýringar, enda hafa viðkomandi hrakið þær eina af annarri. Ráðherra ber skylda til að vera upplýstur um mikilvæg mál í ráðuneyti sínu. Hann ber ábyrgð á stjórn-sýslu þess og getur ekki kennt embættismönnum um.

Undanhald ráðherrans er farið að minna óþægilega mikið á svipuð mál, sem komið hafa upp á undanförunum áratugum, þar sem ráðherrarnir hafa komið sér í vandræði en forðast í lengstu lög að viðurkenna ábyrgð sína á mistökum með því að segja af sér.

Núverandi ríkisstjórn starfar meðal annars undir merkjum nýrrar, opinnar og siðvæðrar stjórn-sýslu þótt fáir merki reyndar mikinn mun á henni og fyrri ríkisstjórnnum í því efni. Þó hefur forsætisráðherra gefið út yfirlýsingar um að stjórn-sýslan þurfi að draga lærdóma af rannsóknarskýrslu Alþingis og fékk sérstakan starfshóp til að gera tillögur um hvaða úrbætur þyrfti að gera í framhaldi af skýrslunni. Hópurinn lagði meðal annars til að sett yrðu lög um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra. Formaður starfshópsins, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, hefur lýst því yfir að Gylfi Magnússon hafi afvegaleitt Alþingi.

Útanþingsráðherrarnir tveir í ríkisstjórninni hafa staðið sig vel og ánægja almennings með störf þeirra hefur verið meiri en með störf atvinnustjórnmalamanna á ráðherrastólum. Þeir hafa unnið faglega að málum og kannski haft það fram yfir atvinnupólitíkusanana að þurfa ekki að hafa nagandi áhyggjur af því hvort þeir haldi ráðherrastólum eða verði endurkjörnir á þing.

Einnmitt til að undirstrika að hann er ekki af sama sauðahúsi og pólitíkusanarnir sem í gegnum tíðina hafa ríghaldið í völdin þrátt fyrir að hafa gert mistök – og til að gefa öðrum fordæmi – á Gylfi Magnússon nú að viðurkenna mistök sín og yfirgefa ráðherrastólinn með sæmilegri reisn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Nýskipan stjórnarráðsins

Á undanförunum áratugum hafa flestar ríkisstjórnir rétt breytingar á stjórnarráðinu. Við stjórnarmyndanir hefur ekki unnið tími til lagabreytinga af því tagi. Þegar komið hefur fram á kjörtímabilið hefur ekki verið unnt að hrófla við umsómdum valdahlutföllum.

Skipulag stjórnarráðsins er því að mestu óbreytt frá því stjórnarráðslögin voru sett fyrir fjörutíu árum. Þá voru ráðherrarnir sjö en eru tólf nú. Ástæðan fyrir fjölguninni er ekki flóknari eða meiri viðfangsefni. Fjölgunin hefur fyrst og fremst orðið vegna þess að úthlutun ráðherrastóla er auðveld-



ÞORSTEINN PÁLSSON

asta leiðin fyrir flokksformenn að kaupa sér stuðning í þingflokki. Allir stjórnarmálaflakkar hafa þurft að lúta þessu lögmáli. Núverandi ríkisstjórn fór af stað með tólf ráðherra en lofaði að fækka þeim í níu. Forsætisráðherra hefur kynnt frumvarp þar að lúandi. Um það er djúpstæður ágreiningur í ríkisstjórninni. Hann snýst ekki um skipulag stjórnarráðsins heldur

innbyrðis valdahlutföll, einkallega í VG.

Vinstri armur VG hefur opinberlega lýst því að andstaða hans snúist fyrst og fremst um að verja völd sín í þeim tilgangi að vinna gegn þeirri ákvörðun Alþingis að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Sjálfstæðisflokkurinn styður vinstri arm VG í þessari tvíþættu baráttu.

Af þessu má ráða að málefnaleg sjónarmið um sjálft skipulag stjórnarráðsins víkja þegar flokkarnir taka afstöðu til málsins eins og oft áður. Með öllu er því óvíst hversu langt stjórnin kemst með málið. Modsuða er líklegasta niðurstaðan.

Þörf á róttækum breytingum

Frumvarp forsætisráðherra er of metnaðarlítið. Tvenns konar ástæður mæla með mun róttækari breytingum. Annars vegar er skipulagið úrelt og hins vegar er þörf á einföldun og hagræðingu í æðstu stjórn ríkisins um leið og stjórnkerfið allt er skor- ið niður og endurskipulagt vegna efnahagsþrenginganna.

Forsætisráðherra getur fækkað ráðherrum án þess að breyta lögum. Ef raunverulegur vilji væri fyrir hendi gætu stjórnarflokkarnir sammælt um slíka breytingu og þyrftu ekki að biða lagabreytinga. Leiðtogarnir leggja hins vegar

ekki í breytingar með þeim hætti. Ástæðan er fyrst og fremst sú að hann myndi valda óróa í stuðningsliðinu. Fyrir er það ekki heilt í stuðningi við stjórnina og því ólíklegt að frekari áhætta verði tekin. Stjórnin þolir einfaldlega illa meiri yfingar í eigin rögum.

Málefnaleg rök standa til að fækka ráðherrum í sjö og ráðuneytum að sama skapi. Sá fjöldi er í nokkru samræmi við stærð samfélagsins. Það myndi líka gera ríkisstjórnina sem heild að raunverulegu áhrifavaldi á nýjan leik.

Þverstæðan er sú að fjölgun ráðherra hefur þjappað saman pólit-

ísku valdi í stjórnarráðinu. Eftir að ráðherrum var fjölgað í tólf hefur það í raun og veru safnast saman á hendur tveggja eða í mesta lagi fjögurra ráðherra.

Þannig hafa að minnsta kosti átta ráðherrar í síðustu ríkisstjórnnum verið nær því að vera embættismenn eða blaðafulltrúar. Sumir þeirra hafa vissulega unnið ágætis verk sem slíkir. Um leið hafa þeir á hinn bóginn verið lýsandi dæmi um úr sér vaxið skipulag.

Þó að þessi staða sýnist hafa styrkt leiðtoga ríkisstjórnarflokka hefur hún í reynd veikt stjórnar- farið.

Önnur nálgun

Vel má hugsa sér að nálgast þetta viðfangsefni með öðrum hætti en ríkisstjórnin áformar. Til þess þarf öflugan stjórnarmeirihluta. Hann er á hinn bóginn ekki í sjónmáli á Alþingi. Bollaleggingar í þá veru kunna því að vera tilgangsrýrar.

Rök hníga til þess að gera breytingar á stjórnarskránni til að styrkja stöðu minnihlutans á Alþingi í þeim tilgangi að gera eftirlits- og aðhaldshlutverk hans virkara. Að sama skapi er eðlilegt að handhafar framkvæmdarvalds-

ins hafi frjáltsari hendur en nú er til að ákveða skipulag stjórnarráðsins án of þröngra lagafyrirmæla þó að ákveðin festa í þeim efnum sé nauðsynleg. Þetta mætti gera með því að takmarka fjölda ráðherra í stjórnarskrá. Þannig mætti ákveða að þeir skyldu ekki vera færri en fjórir og ekki fleiri en sjö. Forsætisráðherra fengi síðan innan ákveðinna marka heimildir til að ákveða fjölda ráðuneyta og verkaskiptingum þeirra með stjórnvaldsákvörðun.

Aðlögun að slíkri nýskipan mætti hefja strax með einhliða ákvörðun forsætisráðherra um fækkun ráð-

herra í sjö. Tímabundið myndu þá fimm ráðherrar gegna tveimur ráðuneytum eins og áður var. Breytingar af þessu tagi eru líklegar til að styrkja ríkisstjórnina og gera hana í heild hæfari til að fara með það pólitíska forystuhlutverk sem henni er ætlað.

Eins og sakir standa endurspeglar veik ríkisstjórn veikt Alþingi. Breytingaáformin svífa í pólitísku þyngdarleysi eins og flest annað. Tilraun forsætisráðherra miðar í rétta átt. Gallinn er sá að hún gengur of skammt og er að auki líkleg til að lenda í útideyfu.

enski boltinn

VEISLAN ER HAFIN

Tryggðu þér áskrift og fáðu besta sætið á 380 leiki í Enska boltanum í vetur

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS

VERÐ FRÁ ADEINS 140 KR. Á DAG*



*VILDARÁSKRIFENDUR FÁ ALLT AÐ 30% AFLÁTT AF SPORT 2

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



einfaldlega betri kostur

30-80% AFSLÁTTUR



RÝMINGAR- RÝMUM FYRIR HAUSTLÍNUNNI SALA

© ILVA Island 2010



ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30



21.490

Með hæglokandi setu!

ÓDÝRT

Vnr. 17851000
Salerni
IMEX salerni með
innbyggðum S-stút
og setu með dempara.



Vnr. 13001535
Salernisskál
HUIDA vegghengd
salernisskál með
hæglokandi setu.

Með hæglokandi setu!

19.900



Vnr. 17851010
Handlaug 5.990
IMEX handlaug í borð, 57,5x48 cm.



Vnr. 17851015
Handlaug 7.990
IMEX handlaug á borð, 37,5 cm.



4.390

Vnr. 15400050
Eldhústæki
ARMATURA FERRYT
eldhústæki.



Vnr. 15400030
Sturtutæki 14.990
ARMATURA CLASS sturtutæki, hitastýrt.



3.990

Vnr. 15400045
Handlaugartæki
ARMATURA FERRYT handlaugartæki.



11.990

Vnr. 15400000
Eldhústæki
ARMATURA OMEGA
eldhústæki.



Vnr. 15400025
Baðtæki 17.990
ARMATURA CLASS baðtæki, hitastýrt.



LÆGRA VERÐ!

Vertu viss um að fá betra verð þegar þú framkvæmir

Gerðu verðsamanburð!
Gerðu verðsamanburð!



Verð frá:
3.990 kr. m²

Vnr. 17800010
Flísar
E-STONE gólfflísar, 30x60 cm, margir litir, gæða flísar á frábæru verði.



1.990 kr. m²

Vnr. 17850075
Flísar
IMEX rustic gólfflísar, beige, 30x30 cm.



4.490 kr. m²

Vnr. 0113745
Parket
NORDIC WOOD smelluparket, eik, 15x189x2200 mm.



Vnr. 0113556
Plastparket
Plastparket, eik, 7x195x1210 mm.

1.290 kr. m²

Fæst í BYKO Breidd og Kaupúni

Vnr. 13609515-22
Baðinnrétting
Baðinnrétting, handlaugarskápur 90 cm, 90 cm handlaug og spegill 40x90 cm. Eik eða svört eik.

39.990



Gerðu verðsamanburð í BYKO og vertu viss um að framkvæma á lægra verði!

Er stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna hæf?

Lífeyrissjóðir

Bjarki Steingrímsson
stjórnarmaður og fyrrum varaformaður VR



Þann 10. febrúar sl. breytti Fjármálaeftirlitið framkvæmd við mat á hæfi stjórnarmanna í fjármálastofnunum. Eins og fram kemur á vef FME er tilgangurinn að stuðla að bættu og hertu eftirliti með því að hæfisskilyrði um stjórnarmenn séu uppfyllt og ekki síður að tryggja að stjórnarmenn séu vel meðvitaðir um hvaða þekkingar er krafist og hvað felst í ábyrgð sem fylgir stjórnarstörfum. Eins kemur fram að eftir áföll þau er urðu á fjármálamörkuðum haustið 2008 vöknudu margar spurningar er vörðudu hjá stjórnendur, unnar voru skýrslur um málið. Kemur í ljós að lög og reglur voru ekki megin vandamálið, heldur þekking og viðhorf þeirra er sátu við stjórnvölinn.

Þegar hefur verið staðfest, að þrjár af stærstu lífeyrissjóðunum, Gildi, LSR og LV, hafa afskrifað 86 milljarða og þar af hefur Lífeyrissjóður verslunarmanna afskrifað 26 milljarða, skert lífeyrisgreiðslur um 10% til sjóðfélaga og háværar raddir eru um að hækka lífeyrisaldur upp í 68 ár.

Fjármálaeftirlitið hefur staðfest, að þeir stjórnarmenn sem sátu í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna fyrir þann tíma, skulu ekki sæta sérstakri skoðun þrátt fyrir breytt mat á hæfi stjórnarmanna. Forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Guð-

mundur Þórhallsson, var gerður að framkvæmdastjóra sjóðsins þrátt fyrir að bera ábyrgð á fjárfestingum þeim sem nú hafa verið afskrifaðar og til að gera vel, var gerður 7 ára ráðningarsamningur. Varaformaður stjórnar sjóðsins, Ragnar Ónundarson, sem var framkvæmdastjóri Kreditkorta þegar kreditkortafyrirtækinum Greiðslumiðlun sem nú er Valitor, Kreditkort sem nú er Borgun og Fjölgreiðslu-

Við Guðrún Jóhanna og Ragnar Þór Ingólfsson sem sitjum í stjórn VR höfum unnið ótulllega að mörgum málum er varða félagsmenn VR. Þar á meðal höfum við lagt fram, á fundum stjórnar VR sem og á aðalfundi Lífeyrissjóðs verslunarmanna í sumar, tillögu er snýr að því að stjórnendur lífeyrissjóðs myndu undirgangast strangasta hæfismat Fjármálaeftirlitsins sem nú gildir.



Kemur í ljós að lög og reglur voru ekki megin vandamálið, heldur þekking og viðhorf þeirra er sátu við stjórnvölinn.

miðlun, var gert að greiða 735 milljónir fyrir samkeppnisbrot. Kr. 735.000.000.- sem fyrirtæki og allir korthafar hafa greitt með þjónustugjöldum og kostnaði sem fyrirtækin rukka okkur um. Stefánía Magnúsdóttir sem einnig á sæti í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna var formaður rannsóknarnefndar sem skipuð var vegna meints misbrests á meðferð á fjármunum VR sem hlupu á tugum milljóna. Rannsóknarnefndin lauk störfum með þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar en allar reglur hertar til muna um meðferð á fjármunum félagsins. Þær reglur voru aldrei gerðar. Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, sem nú gegnir stjórnarformennsku stjórnar L.V., á sæti í um 20 stjórnunum stærri sem minni fyrirtækja, spyr maður sig hvort ekki skapist hagsmunaárekstrar?

Stjórnarformaður sjóðsins, Helgi Magnússon, barðist fyrir að tillagan yrði felld og þannig fór. Sömu sögu er að segja frá fundi stjórnar VR. Þar barðist formaður VR, Kristinn Örn Jóhannesson, fyrir því að tillagan yrði felld, þannig fór. Hvað veldur því að á sama tíma og okkur almenningi er sagt fullum fetum að unnið sé að enduruppbyggingu á breyttum forsendum að lítið sem ekkert breyttist? Hvað veldur því að Fjármálaeftirlitið framkvæmi ekki hæfismat á öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðanna á Íslandi eftir breyttu fyrirkomulagi, þegar vitað er að helsta vandamálið er þekking og viðhorf stjórnarmanna? Hvað veldur því að eigendur peninganna sem í lífeyrissjóðunum eru geta ekki treyst á Fjármálaeftirlitið? Hæfi núverandi stjórnarmanna Lífeyrissjóðs verslunarmanna eykur ekki traust á íslensku samfélagi.

Bananar og bjöllusauðir

Þjóðmál

Þorvaldur Þorvaldsson
trésmiður og formaður Rauðs vettvangs



Íslensku samfélagi er hópur viðmælenda sem klingir í eins og sauðabjöllum við hverja hreyfingu þegar eitthvað fréttæmt ber við. Þá gildir einu hvort nokkurt vit er í því sem þeir segja. Þó um sé að ræða nokkuð augljós ófugmæli er þeim skilmerkilega komið á framfæri.

Einn slíkra viðmælenda er Vilhjálmur Egilsson sem er meðal forystumanna í samtökum íslenskra kapítalista. Í hádegisfréttum 2. ágúst var fjallað um andstöðu hér á landi við fjárfestingu Magma Energy í íslenskum orkuauðlindum og þann árangur þeirrar andstöðu að fyrirtækið hygðist fresta eða jafnvel hætta við fjárfestinguna. Andstaða almennings gegn þessari fjárfestingu er svo yfirgnæfandi að stjórnvöld hafa séð sig knúin til að taka tillit til hennar og láta kanna málið frekar. Þá stendur ekki á því að klingi í bjöllu Vilhjálmur sem líkir vinnubrögðum stjórnarinnar við ástandið í svokölluðum bananalýðveldum.

Áróður og veruleiki

En hvað er það sem einkennir þau ríki sem oft eru í niðrandi tón nefnd bananalýðveldi? Það er ekki andstaða við fjárfestingar alþjóðlegra auðhringa í auðlindum og öðrum mikilvægum greinum þessara landa. Þvert á móti einkennir það svokölluð bananalýðveldi að erlent auðmagn á greiða leið til fjárfestinga í hverju sem er

og fer smám saman að stjórna öllu samfélaginu. Lýðræði er fótum troðið og almenn óþingd verður útbreidd. Er þetta ekki einmitt einkenni sem í vaxandi mæli setja mark sitt á íslenskt samfélag en andspyrna almennings spornar heldur við?

Fjármagnsinnflutningur þýðir nefnilega ekki að fé eða önnur verðmæti séu flutt inn í landið heldur að hagnaður er fluttur úr landinu. Þannig þurrkast fljótt upp eigið fé og möguleikar samfélagsins til að þróast á eigin forsendum. Það er svo notað til að greiða fyrir enn frekari einkavæðingu og erlendri fjárfestingu og vítahringurinn heldur áfram.

Hlutverk AGS

Með markaðsvæðingu og einkavæðingu á samfélagslega mikilvægum sviðum í efnahagslífinu er svo búin til svikamylla þar sem kapítalistarnir geta fleytt rjómann og hirt gróðann þar sem hann er að finna en tapinu er velt yfir á almenning, ýmist beint eða gegnum ríkissjóð. Þetta hefur íslenska þjóðin upplifað beisklega gegnum fjármálakerfið og lífeyriskerfið og víðar. Frekari einkavæðing er í deigluinni bæði í auðlindum þjóðarinnar, heilbrigðiskerfinu og víðar. Þó að það sé til verulegs óhagræðis og kostnaðarauka geta nokkrir kapítalistar klipjið sér nokkurn gróða á kostnað almennings. Helsta verkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi er að tryggja að þetta nái fram að ganga.

Nauðsynleg stefnubreyting

Til að koma í veg fyrir að Ísland verði gert að dæmigerðu bananalýðveldi er því mikilvægt að þjóðin snúi vörn í sókn og berjist fyrir eflingu lýðræðis og lýðræðislegum og félagslegum yfirráðum yfir eigin auðlindum og efnahag. Þjóðin verður að losa sig undan járnhæl Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og standa vörð um og efla innviði samfélagsins á félagslegum grunni án tillits til meintra kröfuhafa og þess hvernig klingir í bjöllusauðum auðvaldsins.

Bless RÚV

Ríkisútvarpið

Snorri S. Konráðsson
framkvæmdastjóri

Samkvæmt tilskipun hins opinbera á undirritaður að verða ánaudugur framfarandi þess sem skammstafað er RUV. Var gott og blessað en er ekki lengur gott og blessað. Þetta RUV sem m.a. sendir út fyrir sjónvarp hefur tekið óíslenska ákvörðun um að verða miðstöð myndbandaleiga í ódýrari partinum en hætta með það sem Íslendingum hefur þótt vænst um af íslensku myndefni; Spaugstofan og leikir handbolta-hetjanna.

Niðurlægning, niðurlægning, niðurlægning. Hver sem vill getur leigt sér myndspólur úti í sölu-turni með álíka myndefni amerísku, ómerkilegu, og hið OHF RUV ætlar nú að pína fólk til að horfa á sér til óþurftar og tímaþjófs. Hefur stjórn RUV ekki skilið skyldur sínar sem birtar eru í landslögum um áherslur á íslenskt efni í sjónvarpi? Hefur stjórn RUV ekki skilið að ekki er boðlegt Íslendingum klukkustundum saman að horfa á útlenska soraslyddu og heiladeyfu frá myndverum sem gera út á forheimskan og myndgræði þeirra er hafa sent heila sína í frímínútur? Er menntamálaráðuneytið dautt. Er menntamálaráðherrann dáinn?

Hér með í ljósi mannréttinda og rétti frá átroðslu innantóms myndefnis óskar undirritaður eftir að fá nafn sitt afmáð af nafnalista framfaranda RUV.



Fjölskyldutónleikar í Norræna húsinu

á morgun 15. ágúst

Kl. 13.00

Gilligill og Diskóeyja

Memfismaffian leikur fyrir börnin ásamt gestum

Memfismaffian stígur á stökk og leikur valin lög eftir Baggalútinn Braga Valdimar Skúlason – af hljómplötunni Gilligill, ásamt efni af væntanlegri barnaplötu, sem nefnist Diskóeyja.

Með í för verða Magga Stína, Sigtryggur Baldursson, Sigurður Guðmundsson – að ógleymdum sjálfum Prófessornum.

Samnorrænt stuð og sjóðheitt diskó fyrir alla fjölskylduna.

Kl. 14.00

Jazzhátíð Reykjavíkur

Óskar Guðjóns og Matthías Hemstock ásamt fleiri jazzgeggjum, kynna spennandi tilraun fyrir alla fjölskylduna.

Spilaðu á hljóðfæri á nýjan og spennandi máta.

Ekki er verra að þekkja söngvana úr Kardimommubænum.

Tilraunalandið og Gróðurkaffihúsið opið

Ókeypis aðgangur

Velkomin í Norræna húsið





MAPPA
A4 TEYGJUMAPPA ÚR PAPPA
Ótrúlegt verð: 198 KR.
VERD ÁÐUR: 379



ÞÝSK-ÍSLENSK ORÐABÓK
VINSÆLUSTU ÞÝSKU ORÐIN Í EINNI BÓK
Ótrúlegt verð: 3.990 KR.
VERD ÁÐUR: 5.990



VINNUBÓK 5 STK. Í PAKKA
LÍNUSTRIKAD, 80 BLÖÐ
Ótrúlegt verð: 198 KR. STK.
VERD Á PAKKA 990

ÓTRÚLEGT!

KOMDU Í EYMONDSSON OG SJÁÐU ÓTRÚLEGT VERÐ
OG ÚRVAL AF SKÓLAVÖRUM.

ÍÐJUPJÁLFA Í EYMONDSSON!

Við hjá Eymundsson leggjum okkur fram við að veita ótrúlega góða þjónustu og því getur þú komið og ráðfært þig við íðjupjálfa varðandi val á töskum.

Laugardaginn 14. ágúst
Smáralind og Kringlunni frá 13-15

Fimmtudaginn 19. ágúst
Akureyri, í Smáralind og í Mjódd frá 16-18

Föstudaginn 20. ágúst
Eymundsson Hallarmúla frá 16-18



BAKPOKAR
ÞESSIR VÖNDUDU FRÁ BECKMANN
Ótrúlegt verð: 9.995 KR.
VERD ÁÐUR: 11.995

Ótrúlegur

JEVA SKIPTITÖSKUMARKAÐUR

Við tökum á móti notuðum JEVA töskum í völdum Eymundsson verslunum. Fyrir vel með farin eintök færðu 3000 kr inneign sem þú getur notað til að kaupa nýja vandaða JEVA tösku, eða bækur og ritföng. JEVA skiptitöskumarkað má finna í eftirtöldum Eymundsson verslunum: Hallarmúla, Smáralind, Akureyri, Akranesi, Keflavík, Ísafirði og Vestmannaeyjum.



GILDIR TIL OG MEÐ 16.08.10 – MEDAN BIRGDIR ENDAST.

Almennur slökkviliðsmaður - Hvað þýðir það?

Kjaramál

Sverrir Arnason
slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður



Áð undanförunu hafa verkföll slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna verið nokkuð í umræðunni. Sökum rangfærslna aðila í launanevnd sveisarfélaganna hafa launatölur slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna verið stórlega mis-skildar.

Sá sem þetta skrifar hefur verið starfandi í faginu í sjö ár. Ég hóf starf á Keflavíkflugvelli, á meðan Bandaríkjaher var við stjórnvölinn. Þar gekk ég í gegnum grunnþjálfun í fræðum og sinni venjubundnum störfum slökkviliðsmanna en þó á ameríska vísu.

Árið 2005 þreytti ég inntökupróf hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Grunnkröfur eru: iðmenntun eða sambærileg menntun, meira-próf og gott líkamlegt ástand. Inntökuprófin sjálf taka um 6 vikur, þar sem þreyttar eru ýmsar þrautir sem skera úr um hver er hæfur og hver ekki. Eftir ráðningu situr maður grunnnám í sjúkraflutningum sem gerir mann að sjúkraflutningamanni (EMT-B), fornam slökkviliðsmanns sem gerir manni kleift að stunda reykjöfun með reyndum manni og sinna almennum störfum á neyðarvettvangi.

Þá tekur við vaktavinna þar sem maður kynnist starfinu betur og ef vel gengur stendur manni til boða fastráðning að 6 mánuðum lið-

um. Að tæpum þremur árum liðnum sest maður aftur á skólabekk og nemur fræði sem gera mann að neyðarflutningamanni (EMT-I) og nám atvinnuslökkviliðsmanns, þar sem lærd eru fræði sem undirbúa mann fyrir störf á eldvettvangi sem 1. reykkaferi, viðbrögð við eitrefnaslysum og efnakjöfun, viðbrögð við flugslysum, mengunarslysi í höfnum, björgun fastklemmdra úr bílflökum sem og grunntækni í fjallabjörgum. Að

að stunda reykjöfun og mæta líkamlegum kröfum til þeirra starfa. Svo detta inn aukavaktir endrum og sinnum. Heildarlaun mín fyrir skatta og skyldur eru því oftast á bilinu 340-360 þúsund krónur á mánuði. Í vasann fæ ég því 230-250 þúsund krónur á mánuði. Fullyrðingar launanevndar sveitarfélaga um laun mín og féлага minna eru því þvælukenndar.

Þess ber að geta að boðtæki sem slökkviliðið leggur mér til, gerir



Ég hef menntað mig og þjálfað til að sinna hættulegu og erfiðu starfi sem oft fylgir mikið líkamlegt og andlegt álag. Betra starf get ég ekki hugsað mér.

Þessu loknu tekur svo við vaktavinna aftur auk reglubundinnar sí- og endurmenntunar. Þrekinu má ekki hraka milli ára svo að sífelld líkamsrækt bæði á og milli vakta er nauðsynleg. Miklar nýjungar eru innleiddar í sjúkraflutningum á hverju ári sem manni ber að kynna sér, sem og að fylgjast með nýjustu stefnum og straumum í utanspítalaþjónustu. Ekki má gleyma að halda við þekkingu á þeim fræðum sem manni eru kennd í náminu.

Þvælukenndar launatölur frá LN

Nú að sjö árum liðnum þigg ég sem atvinnuslökkviliðsmaður og neyðarflutningamaður, 209 þúsund krónur í grunnlaun. Vaktálag þiggur allt vaktavinnufólk og áhættuálag fáum við greitt fyrir

það að verkum að ég get verið kallaður út hvenær sólarhrings sem er, allan ársins hring. Svo er ég viss um að mínir nánustu geta vottað að þessi vinna á meira í mér en vaktaskyldan segir til um.

Sanngjarnar kröfur

Mér þykir ekki ósanngjarnt að fara fram á hækkan á þessum launum. Ég hef menntað mig og þjálfað til að sinna hættulegu og erfiðu starfi sem oft fylgir mikið líkamlegt og andlegt álag. Betra starf get ég ekki hugsað mér. Ég lifi og hrærist í því alla daga en ég vil geta náð endum vel saman. Sá tími er liðinn að menn gátu unnið við önnur störf milli vakta. Krafan er að geta verið eingöngu slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður.

Blóðsúthellingalaus leiðrétting

Efnahagsmál

Guðmundur Gunnarsson
formaður Rafiðnaðar-sambands Íslands



Ég átta mig ekki á því hvers vegna hagsmunir launamanna hafa ekki náð flugi í umræðunni um aðild að ESB. Stöðugleiki skiptir launamenn miklu, það veldur því að hann glatar ekki þeim kaupmætti sem hann hefur náð í kjarabaráttunni. Nokkrir helstu andstæðingar inngöngu hafa haldið því fram að krónan sé til hagsbóta sakir þess að „þá sé hægt blóðsúthellingalaus að leiðrétta of góða kjarasamninga launamanna“ svo ég noti þeirra eigin orð.

Þetta upplifa íslenskir launamenn reglulega þegar stjórnvöld hafa ítrekað með einu pennastriki eyðilagt árangur mikillar og langvinnrar kjarabaráttu og svo einennilegt sem það nú er að síðan er veist að stéttarfélagunum vegna slakra launakjara. Nú stendur enn eina ferðina yfir gríðarleg eignatílfærsla og reikningurinn er sendur launamönnum.

Staða krónunnar er allt of lág. Með því að halda krónunni svona lágrí er verið að skapa nýjan heimatilbúinn og gríðarlegan vanda, í formi aukinna skulda upp á þúsundir milljarða. Það veldur mikilli eignarýrnun, greiðsluþroti og gjaldþrotum. Ávinningurinn kemur þá í hlut fárra útvalda (skuldlausra). Því er haldið að okkur að sveigjanleikinn er dýruverði keyptur og það er íslenskur almennigur sem borgar þann brúsa, t.d. með því að borga þegar upp er staðið 4 - 5 sinnum meira en t.d. Danir og Svíar fyrir þakið sem hann byggir yfir sig og sína.

Sveigjanleikinn kostar okkur himinháa vexti. Frá árinu 1995 og til ársloka 2007 var vaxtamunur við útlönd að meðaltali um 5%. Gengi krónunnar var nánast hið sama í lok þessa tímabils og það var í upphafi. Við erum að borga 3 - 4 sinnum meira fyrir þakið sem

við kaupum yfir fjölskylduna, það er vegna þess að við erum með krónuna.

Þessi vandi er miklu mun stærri og alvarlegri en sá ávinningur, sem kemur fram á rekstrarhlið fárra fyrirtækja. Gengisfallið skapar miklu mun meiri vanda fyrir venjuleg fyrirtæki á efnahagsliðinni - þar sem aukning erl. skulda þurrkar út allt eigin fé og setur viðkomandi einingu í greiðslu stopp eða mikinn vanda.

Gengisfallið er því ekki að hjálpa neinum, nema kannski skuldlausum aðilum í útflutningi. Á meðan allir aðrir tapa og yfir standa stórkostlegustu eignatílfærslur Íslandssögunar. Hér er um að kenna kerfishruni krónunnar og allri umgjörð hennar. Endurreisn á gengi verður því viðkomandi með hefðbundnum aðferðum, þær eru ekki lengur fyrir hendi á Íslandi. Þessu veldur breytt í umgjörð krónunnar; hrúnið bankakerfi, traust á fjármálamörkuðum, láns- og eignatílfærsla með lokuðum aðgang að erl. bankakerfi og getuleysi Seðlabankans okkar sem lánveitanda til þrautavara.

Kerfisáhætta krónunnar jókst við fall bankanna. Samningar við ESB og aðstoð Seðlabanka Evrópu er okkur lífnauðsyn með fastgengi þar til evra verður tekin upp eins fljótt og mögulegt er - í samstafi við Seðlabanka Evrópu - byggt á langtíma jafnvægisgegni (gengisvísitölu 135-140).

Krónan hækkar fjármagnskostnað íslenskra fyrirtækja um 5% að staðaldri. Er það að geta fellt gengið í niðursveiflu nægilega mikils virði til þess að hann réttlæti það að íslenskt atvinnulíf þurfi að búa við 5% hærri fjármagnskostnað en samkeppnisáðilar í öðrum löndum ár eftir ár? Margir kvarta sáran yfir okurvöxtum og vísitölutengingu lána á Íslandi. Sömu aðilar eru oft svarnir andstæðingar þess að krónunni sé kastað og annar gjaldmiðill tekinn upp í staðinn. Í rauninni er eini raunhæfi möguleikinn til þess að losna við okurvexti og vísitölutengingu lána að við köstum krónunni.

Fjárveiting vannýtt á glæsilegan hátt

Heilbrigðismál

Sigurður Benediktsson
formaður Tannlækna-félags Íslands



Ég vil óska heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingum Íslands innilega til hamingju með einstæðan og jafnframt undraverðan árangur í sparnaði. Tilefnið er glæsilegur afgangur af fjárlögum til tannlækninga upp á litlar 300 milljónir króna fyrir rekstrarárið 2009. Samanlagt skiluðu átta ár þar á undan þokkalegum afgangi upp á tæpan hálfan milljarð af fjárveitingum Alþingis til tannlækninga. Og nú hefur tekist að ná enn nýjum og undraverðum árangri upp á 300 milljónir króna sem hækkar afgang síðastliðinna ára í heilar 800 milljónir króna. Svona glæsilegur árangur næst aðeins með áræðni, ósérhlífnum aðgerðum og þrotlausri vinnu. Höfum við sem stöndum á hliðarlínunni annað slagið fengið að sjá

í fjölmiðlum hversu frábærlega að verki er staðið þegar almúginn reynir að sækja í þessar fjárveitingar Alþingis, en hvergi er gefið eftir. Hefur náðst að halda eftir nálægt tuttugu prósentum af fjárlögum ársins 2009 til tannlækninga.

Sérstaklega þykir mér undraverð hvernig hægt er að halda eftir fjármunum sem Alþingismenn hafa ákveðið að veita til tannlækninga án þess að þeir hinir sömu láti sig nokkru varða. Lofsvert er hvernig almúginn er svikinn um þessar fjárveitingar eftir að kjörnir fulltrúar hafa ákveðið að þessum fjármunum skuli veitt í þennan mála-flokk.

Samkvæmt rannsóknnum hafa íslensk börn tvöfalt fleiri skemmdir en börn í nágrannalöndum. Ef til dæmis skemmd er löguð fyrir 15.000 krónur hefði mátt nota þessar 800 milljónir til að laga tæpar 55.000 tennur!

Ég legg til að heiðra eigi þá starfsmenn sem skila því líkum árangri í starfi og þeir hækkaðir í tign.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Gæludagar

Krakkarnir fá að klappa kaninum og naggrísunum um helgina



30%

AFSLÁTTUR
AF NAGGRÍSA- OG
KANÍNUBÚRUM



20%

AFSLÁTTUR
VITAKRAFT OG
WITTEMOLEN
FÓÐRI

Hugsun vel um dýrin okkar!



DÝRARÍKIÐ

...fyrir dýravini!

Dýrariði Miðhrauni 2 dýrariði@dýrariði.is sími: 568 66 68

EFTIR SKÓLA.

Fótbolti, handbolti, dans, fimleikar... Nú hefjast tólmstundirnar aftur af fullum krafti og því er um að gera að vera rétt útbúin(n). Við erum með stútfullar búdir af nýjum haustvörum. Verið velkomin!



2.690
(fullt verð 3.490)

NIKE CORE ESS SS TEE
Stuttermabolur úr 100% bómull. Litir: Gulur, svartur, blár, rauður. Barnastærðir.



6.990

ADIDAS KIDS LOGO FULLZIP HOODY
Rennd hettupeysa úr 60% bómull og 40% polyester. Litir: Blá, svört. Barnastærðir.



3.990

PEYSA OG BUXUR
6.490
(fullt verð 8.480)

4.490

NORTHBROOK BASIC CUFF PANT / ZIP JR
Íþróttabuxur og rennd hettupeysa úr 100% bómull. Litir: Svart, grátt. Barnastærðir.



7.990

ADIDAS ORACLE K
Slitsterkir götuskór úr leðri. Barnastærðir.



4.490

PRO TOUCH BOUNCE JR
Íþróttaskór með riflásam. Litir: Hvítir með fjólubláu, svartir með rauðu. Barnastærðir.



5.490

4.990
(fullt verð 7.990)

ADIDAS ESS 3S FLEECE / PES PANT
Rennd flíspeysa. Barnastærðir.
Íþróttabuxur úr 100% polyester. Barnastærðir.



7.990
(fullt verð 9.990)

MCKINLEY SHIELD SET JR
Regnsett: Vind- og regnheldur jakki og buxur.

STUTTBOXUR OG BOLUR
3.490
(fullt verð 4.490)

2.490
**PRO TOUCH
FUNC TEE JR**
Stuttermabolur.
Litir: Svartur, blár,
hvítur, rauður.
Barnastærðir.

1.990
**PRO TOUCH
MESH SHORTS JR**
Stuttbuxur. Litir: Svartar, bláar,
rauðar, hvítar. Barnastærðir.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
LINDUM SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18 SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18



FÉLAGAR Heimir og Rúnar hafa þekkt stærstan hluta ævinnar, borða oft saman í hádeginu og gera sér glaðan dag með fleiri félögum úr hinum sigursæla 1969-árgangi KR-inga.

Hvaða leikmenn úr hinu liðinu myndu Heimir og Rúnar vilja fá fyrir úrslitaleikinn?



Heimir: Björgólf Takefusa.

„Ég held að hann gæti gagnast FH-liðinu vel.“



Rúnar: Ólaf Pál Snorrason.

„Að mínu mati hefur hann bætt sig gríðarlega frá því í fyrra og hefur verið einn allra besta leikmaður Íslandsmótsins í ár.“

Alls ekkert persónulegt stríð

KR og FH eigast við í úrslitaleik Visa-bikarsins í dag. *Kjartan Guðmundsson* spjallaði við þjálfarana **Rúnar Kristinsson og Heimi Guðjónsson**, sem segja að stórleikurinn muni ekki breyta áratugalangri vináttu þeirra á nokkurn hátt.

Með fullri virðingu fyrir öllum öðrum liðum, þá gæti ég trúað að þetta séu þau lið sem flestir hefðu viljað sjá eigast við í bikarúrslitaleiknum,“ segir Heimir Guðjónsson, þjálfari FH-inga, þegar blaðamaður sest niður með honum og Rúnari Kristinssyni, sem nýlega hefur tekið við þjálfun KR-liðsins, í aðdraganda úrslitaleiks félaganna tveggja í Visa-bikar karla sem fram fer á Laugardalsvelli klukkan 18 í dag.

Vissulega ættu flestir að geta verið sammála um að um stórleik er að ræða, en viðureignin er einnig áhugaverð að því leyti að þjálfararnir tveir eru mestu mátar og hafa þekkt stærstan hluta ævinnar. Rúnar vill þó ekki meina að áratugalangur vinskapurinn leiki neitt sérstakt hlutverk, hvorki í undirbúningnum fyrir leikinn né eftirköstum, hver svo sem úrslitin verða.

Gleymt og grafið daginn eftir

„Það er svo stutt síðan ég byrjaði að þjálfva liðið að mér hefur hreinlega ekki gefist tími til að íhuga þetta sérstaklega. En þetta verður alls ekkert persónulegt stríð milli mín og Heimis. Hann stjórnar sínu liði og ég mínu. Svo er bara að vona að það liðið sem vinnur sé vel að sigrinum komið og þá er ekkert annað að gera en að óska hinum til hamingju eða taka við árnadaróskum. Maður verður að geta tekið tapi eins og sigri. Þótt við förum tapni af rifast á hliðarlínunni, þá verður það bara gert í hita leiksins og svo gleymt og grafið daginn eftir,“ segir Rúnar.

Heimur tekur undir þetta og bætir við að vinskapur þeirra tveggja

komi ekki til með að breytast neitt. „Þetta eru tvö metnaðarfull lið sem leggja mikið upp úr sigri, að sjálf-sögðu.“

Skíthréddir við Breiðhýltingana

Heimur og Rúnar léku saman með KR um árabil, nánast sleitulaust frá barnsaldri og fram til ársins 1995 þegar Rúnar hélt til Svíþjóðar í atvinnumennsku. Þeir koma báðir úr hinum víðfræga og sigursæla árgangi leikmanna hjá KR sem fæddir eru árið 1969, sem vann meðal annars til sex Íslandsmeistararitla af níu mögulegum í yngri flokkunum.

Heimur er borinn og barnfæddur Vesturbæingur og ólst upp á Nes-haga, steinsnar frá gamla Melavellinum þar sem æfingar KR fóru enn fram þegar hann hóf knattspyrnu-íðkun sína á unga aldri.

Rúnar bjó einnig í Vesturbænum til fimm ára aldurs, en þá flutti fjölskylda hans í Fellahverfið í Breiðholti og því lá beinast við að Rúnar hæfi æfingar hjá Leikni. Að sögn Rúnars gerði mannfæð og almennt aðstöðuleysi í Breiðholtinu það að verkum að hann, ásamt þremur öðrum leikmönnum Leiknis, gekk til liðs við fjórða flokk KR árið 1983. Einnig spilaði inn í þá ákvörðun að bræður Rúnars höfðu æft með KR og þekktu vel til félagsins.

„Þessir snillingar úr Breiðholtinu, Rúnar, Steinar Ingimundarson, Guðni Grétarsson og Stefán „Mirandinha“ Guðmundsson voru narraðir yfir í KR með loforði um strætómíða til að komast á æfingar,“ segir Heimur og hlær, en Rúnar tekur fram að hann minnst þess ekki að hafa nokkurn tíma fengið umrædda strætómíða í hendur. „Þeir voru fengnir yfir til að styrkja enn frekar annars gríðarlega sterkt lið fjórða flokks KR, og

það gerðu þeir heldur betur,“ heldur Heimur áfram. „Við vorum bara fermingardrengir þarna vestur í bæ og vissum ekkert í okkar haus. Svo komu þarna menn beinustu leið úr Harlem, úr gettóinu, og þeir kunnu ýmislegt sem við fermingardrengirnir kunnum engin skil á. Þeir innleiddu hina og þessa síði sem varla er hægt að tala um í fjölmiðlum,“ segir Heimur og þeir félagar harðneita að útskýra nánar í hverju tóðir síðir fólust, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.

„Það var mikið um fíflangang hjá okkur, eins og gengur og gerist með drengi á þessum aldri,“ er það eina sem fæst upp úr Rúnari um málið. „En strákarnir í KR voru allir skíthréddir við okkur þegar við komum úr Breiðholtinu, þannig að við tókum fljótlega stjórnina.“

Samheldinn hópur

Eins og áður sagði léku margir góðir leikmenn í '69-árgangi KR. Nokkrir þeirra, menn á borð við Þormóð Egilsson, Hilmar Björnsson og Þorstein Guðjónsson, sem í dag er framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Úrval-Útsýn, áttu eftir að láta að sér kveða með meistara-flokki félagsins ásamt Heimi, fjórmenningunum úr Leikni og fleirum.

Heimur segir hópinn mjög skemmtilegan. Meðlimir hans hittist oft enn þann dag í dag og gleðjist saman, haldi árlegt golfmót og margir þeirra spili saman innan-hússknattspyrnu á veturna. „Á þessum tíma myndaðist mjög samheldinn hópur sem heldur góðu sambandi enn í dag. Það má eiginlega segja að við höfum fylgst að í lífinu,“ segir Rúnar. „Svo má ekki gleyma því að margir þessara stráka hafa tekið þátt í stjórnunarstörfum í KR, setið í stjórn knattspyrnudeildarinnar, beitt sér í sjálfbodavinnu og fleiru. Það er mjög jákvætt því hverju félagi er nauðsynlegt að hafa slíka menn innan-borðs.“

Heimur meiri þungavigtarmaður

Sem leikmenn léku Heimur og Rúnar báðir á miðjunni og segjast í raun

1983 ÍSLANDSMEISTARAR



SIGURSÆLL ÁRGANGUR Hluti 4. flokks KR sem varð Íslandsmeistari árið 1983. Heimur er fyrir miðri í miðjuröð en Rúnar fyrsti frá hægri í neðstu röð.

1985 ÍSLANDSMEISTARAR



3. FLOKKUR KR 1985

1994 BIKARMEISTARAR



LOKSINS Rúnar, Atli Knúttsson, Heimur og Daði Dervic fagna langþráðum titli eftir sigur á Grindvíkingum í bikarúrslitaleiknum árið 1994.

hafa verið of góðir til að eiga nokkurn tíma í beinni samkeppni um sæti í liðinu, að minnsta kosti hafi það verið þannig í yngri flokkunum. „Ef ég man þetta rétt þá var Rúnar frekar í hlutverki varnartengiliðs til að byrja með og ég fékk að geysast fram, en eftir því sem árin liðu þá snerist dæmið við,“ segir Heimur og Rúnar samsinnir því.

Blaðamaður stenst ekki mátið og spyr hvor þeirra hafi verið betri leikmaður. „Heimur var miklu betri en ég,“ fullyrðir Rúnar en Heimur er á öðru máli. „Ég held að það segi sig sjálft að leikjahæsti landsliðsmaður Íslands, sem líka átti farsælan feril sem atvinnumaður eins og Rúnar, hljóti að hafa verið betri. En ég var allavega þyngri, við getum orðað það þannig,“ segir Heimur og gömlu samherjarnir skella upp úr. „Það er rétt,“ segir Rúnar. „Heimur var alltaf meiri þungavigtarmaður í liðinu, meiri leiðtogi. Hann var alltaf númer tíu og alltaf fyrirliði í yngri flokkunum.“

Sterkar taugar til beggja félaga

Þrátt fyrir alla velgengnina í yngri flokkum KR náðu þeir Heimur og Rúnar einungis að vinna einn titil saman með meistaraflokki félagsins. Sá var þó ekki af verri endanum, en bikarmeistararitillinn sumarið 1994 var fyrsti stóri titillinn sem KR hafði unnið í 26 ár, eða síðan 1968.

Þeir eru sammála um að sú stund sé ein þeirra stærstu á ferlinum. „Menn héldu að einhver álög hefðu hvílt á KR fram að því, en eftir þetta fóru hlutirnir að gerast hjá félaginu,“ segir Rúnar, og Heimur líkir þeim sigri við tilfinninguna sem hann fékk sem leikmaður þegar FH varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins árið 2004.

Aðspurður segist Heimur enn bera sterkar taugar til KR, enda væri annað óeðlilegt. „En nú er ég í starfi hjá FH og einbeiti mér að því. Þetta er ellefta árið mitt í Hafnarfirðinum og taugarnar eru mjög sterkar til FH líka, það er engin spurning. En að sjálf-sögðu vil ég að KR gangi vel, bara ekki á móti FH.“

ÞETTA ER EINAR Í OFFICE 1

Þú mátt kalla hann hetju eða frelsara. Hann sér til þess að þú fáiir bestu kjörin fyrir skólann.

ÞEGAR ÉG
BROSI, ÞÁ
SPRETTUR
ÚPP TRÉ Í
EYÐIMÖRK

ÉG SETTI
20% AFSLÁTT
Á ALLAR
SKÓLATÖSKUR
ÚT ÁGÚST!

53%
VELJA
OFFICE 1

ÉG BJÓ TIL
STÆRSTA
SKIPTIBÓKA
MARKAÐ
LANDSINS!

ÉG BERST
VIÐ HER
VERÐHÆKKANA
MEÐ ANNARI
HENDI

ÞAÐ ER MÉR AÐ
ÞAKKA AÐ
OFFICE 1 ER
VINSÆLASTI
SKÓLAMARKAÐUR
ÍSLANDS!

ÉG ÆTLA AÐ
SPARA Í ÁR!

ÉG VAR SÁ
SEM STAKK
ÚPP Á ÞVI
AÐ HAFNA
OPÍÐ ALLANN
SÓLARHRINGINN
Í SKEIFUNNI!

Office 1 Super

* Samkvæmt skoðunarkönnun sem framkvæmd var af Capacent Gallup Júní 2010. Spurt var:
"Til hvaða verslunar myndir þú leita fyrst ef þú þyrftir að kaupa ódyr ritföng eða skrifstofuvörur?"

SKEIFUNNI (OPÍÐ ALLANN SÓLARHRINGINN) - SMÁRALIND - KORPUTORGI -
HAFNARFIRÐI - KEFLAVÍK - AKUREYRI - EGILSSTAÐIR - SELFOSS

Office 1

TAX FREE FRAMKVÆMDA- TILBOÐ

Látum
verkin tala!



HÚSASMIÐJAN

Pú færð vöruna í verkið Tax free í
Húsasmiðjunni.

FRAMKVÆMDALÁN



Ef þú þarft fjármögnun þá færð
þú hagstæð framkvæmdalán hjá
bankanum þínum.



Pú færð 100% endurgreiðslu virðis-
aukaskatts af allri vinnu fagmanna
auk skattaávilnunar allt að 300 þús.

Komdu og fáðu tilboð
í verkið hjá okkur að
upphæð 300 þúsund
eða meira, og þú færð
TAX FREE af öllum
vörum, allt frá eldavél
til þakefnis!

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

MORALT



INNIHURÐIR
MIKIÐ ÚRVAL
FRÁBÆRT VERÐ

**Lekur
þakið?**

Fillcoat &
WaterProof
stöðva leka
1ltr

2.995
~~3.995~~



Vatnsklæðning
kúpt 21x 110mm

2.990kr/m²
~~3.970~~



KEOPE®

2.990
kr/m²



Pietra Serena 30x30
Frostþolnar og gegnheilar
gólfplisar á bílskúrinn eða
svalirnar, til í fleiri litum.
Þykkt: 8,6mm Mjög skerkar,
Ítölsk framleiðsla.
8630030

**FROSTÞOLNAR
FYRIR BÍLSKÚRINN,
SVALIRNAR OG
STIGAGANGINN**

2.990
kr/m²

Fasaður Eikarplanki,
Plastparkett
Þykkt: 8mm Gríðarlega sterkt, ótrúlega fallett
gæðaeefni á frábæru verði, framleitt í Austurríki.
147050



Afgreiðslutími verslana sjá www.husa.is
Gildir til 31. ágúst

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsögðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar

BYRJAÐU HJÁ OKKUR!

FRÁBÆRT VERÐ Í HÚSASMÍÐJUNNI



tekur
6kg

1200
snúninga

89.990

Electrolux
5 ára ábyrgð

Pvottavél
1200 snúninga, tekur 6 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455



2.495
~~2.995~~

ÓDÝRT

Innimálning
3 lítrar
7119960



7.999

SOFTSHELL
NÝ SENDING
FRÁBÆRT VERÐ



10 lítrar
6.795
~~8.795~~

Húsa
Útimálning
10L Hvítt
7207040

10 ltr



114.900

Electrolux
5 ára ábyrgð

Kælikápur
140x60x60 sm, 243 ltr,
orkunýting A+
1837901



NILFISK®

13.995
~~15.995~~

Hábrýstidæla
NILFISK
100 BAR - 1300W
- 440L/klst
5254240



9.900

Eldhúsvaskur
780x430 mm.
8032532

EMMEVI
ÍTÖLSK GÆÐI



7.990

Eldhúsblöndunartæki
Winny, einnarhandar.
7900010



Sturtusett
Charisma
8016115

15.990
~~19.795~~

49.000



Vegghengt salerni

Innbyggð wc grind
með kassasalernisskál,
klósetsetu og hvítum
skolhnapp
8078415

Látum
verkin tala!

Kaffi Garður Skútuvoði

Kaffi og gulrótaterta
með rjóma


290kr



HÚSASMÍÐJAN

HEILDARAFLI MAKRÍLS

Í þúsundum tonna



VEIÐAR ÍSLENDINGA

2006:	4.200 tonn
2007:	36.000 tonn
2008:	112.000 tonn
2009:	116.000 tonn
2010:	130.000 tonn

LÍFFRÆÐI MAKRÍLS

Norðursjávartofn: vel aðgreindur á hrygningartíma í Norðursjó. Hrygnir í apríl-júlí. Talinn mjög lítil.

Vesturstofn: er lang stærstur > 75 prósent af heildarstofnstærð. Hrygnir á stóru svæði vestur af Skotlandi að Biskayflóa á tímabilinu mars-júní.

Suðurstofn: hrygnir með norður- og vesturströnd Íberískagangs í janúar-apríl.

■ Eftir hrygningu gengur makrillinn í fæðuleit af vestur- og suðursvæði norður um í Norvegshaf fram hjá Færeyjum og í Norðursjó þar sem stofnarnir blandast Norðursjávartofnum.



■ Seinustu árin hefur orðið breyting á sumardröifingu. Hann hefur gengið norðar og vestar en áður.

■ Þetta sést vel í makrillgöngunum sem heimsótt hafa Ísland 2007-2009.

■ Leitar á haustinn í vetursetu aðallega frá kantinum vestan Bretlands-eyja austur í Norskurennu. Eitthvað af Suðurmakrillnum hefur þó vetursetu við Íberískagang.

■ Hrygningarstofn nú um 2,5 milljónir tonna.

■ Árgangur 2002 stór, síðari árgangar nálægt meðallagi – ekki upplýsingar til um 2007 og 2008 árganga.



Lostæti veldur milliríkjadeilu

Makrill veður um allan sjó og mokveiði er á bryggjusporðum víða um land. Á sama tíma hefur þessi verðmæti fiskur komið róti á samskipti okkar við Evrópuríki. **Svavar Hávarðsson** skoðaði veiðar á stofni sem nú sækir í miklu magni inn í íslenska lögsögu.

Í áratug hafa íslensk stjórnvöld farið þess á leit við Evrópusambandið, Noreg og Færeyjar að fá sæti við samningaborð strandríkja um heildarstjórnun makrillveiða í Norður-Atlantshafi. Þær umleitanir skiluðu ekki árangri lengi vel og nefnd strandríkja hafa ekki viðurkennt rétt okkar til veiða yfir höfuð. Rökin hafa verið að makrill gangi í óverulegu magni inn í íslenska lögsögu og því sé réttur okkar til veiða ekki til staðar. Á sama tíma má vart henda út berum krók við stendur landsins án þess að á hann snarist spikfeitur makrill.

Hótanir og blaðaskrif

Á dögum birtist ítarleg grein í breska stórbliðinu The Independent þar sem því var spáð að í upp-siglingu væri deila á milli Íslands

og Bretlands í ætt við þorskastríðin. Þar gerir blaðamaðurinn Martin Hickman sér mat úr illa duldu hótunum Mariu Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB, í garð Íslendinga og Færeyinga vegna veiða þeirra á makrill. Damanaki hefur sagt að ESB muni láta einskis ófrestað við að verja hagsmuni sína. Því geti Íslendingar ekki vænst þess að samið verði um gagnkvæmar veiðheimildir í framtíðinni; viðskiptabönn eru nefnd. Það er kannski vert að minnst á það að gagnkvæmar veiðheimildir ESB og Íslands skipta litlu sem engu máli. Um örkvóta í karfa á Íslandsmiðum er að ræða á móti löðnuveiðheimild. Um karfaveiðheimild ESB á Íslandsmiðum er þannig búið að ómögulegt er að veiða hann.

Undir röksemdafærslu byggir Hickman með því að vitna til orða Richards Lockhead, sjávarútvegsráðherra skosku heimastjórnarinnar, sem hvetur til þess að makrillveiðarnar verði nýttar sem þvingunartæki í komandi aðildarviðræðum Íslands og ESB. Eins að formaður samtaka breskra útgerðarmanna talar um sjórán. Hann segir sjávarútvegsráðherra Breta, Richard Benyon, taka hófstiltari línu en hann hvetur Íslendinga til að endurmeta veiðarnar. Hickman teng-

ir málið síðan við Icesave-deiluna og leitar þar skýringa á því af hverju Benyon tekur ekki dýpra í árinni.

Ekki sama einhliða eða einhliða

Það sem blaðamaður Independent lætur ósagt er að Íslendingar hafa reynt að komast að samningaborðinu um veiðarnar allt frá því að stjórn þeirra hófst innan Norðuraustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Þar hafa Íslendingar krafist viðurkenningar sem fullgilt strandríki en lengst af hefur ekki verið tekið undir þá kröfu. Hins vegar er 130 þúsund tonna kvóti sem Íslendingar settu sér einhliða, talinn ógna makrillstofninum. Rök Íslendinga eru auðvitað að Evrópusambandsríkin og Noregur ættu að líta sér nær þegar talað er um óabyrgar veiðar. Umrædd ríki

hafa tekið sér kvóta í tegundinni sem er langt umfram veiðiráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Veiðiráðgjöfin fyrir 2009 var 443-578 þúsund tonn en löndin ákváðu að veiða 642 þúsund tonn. Hluti þess kvóta var ákveðinn einhliða.

Réttur Íslendinga til veiða

Samkvæmt Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna er Ísland óumdeilanlega strandríki að makrill. Undanfarin ár hafa hin

HRADSYNDUR TORFUFISKUR

- Makrillinn er náskyldur ættingi túnfisks og er hlýsjávartegund.
- Hann er rennilegur, hraðsyndur uppsjávartorfufiskur
- Hann vex hratt, nær gjarnan 20-23 sentimetra lengd fyrsta árið og er yfir 30 sentimetra langur tveggja ára. Algeng stærð fullorðins makrils er 33-43 sentimetrar en hann getur orðið yfir 60 sentimetrar og meira en 1,5 kíló að þyngd fullvaxinn.
- Makrillinn er kynþroska 2-3 ára. Hrygning fer fram síðla vetrar

syðst á útbreiðslusvæðinu og lýkur snemmsumars nyrst.

■ Makrill er sundmagalaus og sekkur því ef hann er ekki á stöðugri hreyfingu. Það er meginástæða þess að erfitt er að gera stofnmat þar sem mælitæki er háð endurkasti frá sundmaganum.

■ Fæða hans er aðallega krabbadýr (krabbafær og ljósáta), smáfiskar svo sem spærlingur, bristlingur, sandslíli og fiskungviði (síld, kolmunnir og fleira).

strandríkin dregið í efa magn makrils innan íslensku lögsögunnar og talið að íslensk stjórnvöld þurfi að sanna með afgerandi hætti að makrill sé að finna í verulega veiðanlegu magni. Árið 2007 veiddu íslensk skip rúm 30 þúsund tonn og frá 2008 hafa verið veidd vel á annað hundrað þúsund tonn. Afstaða íslenskra stjórnvalda grundvallast á þessu og því séu Íslendingar í fullum rétti að nýta auðlind sem er innan efnahagslögsögu landsins og að halda öðru fram sé í þversögn við alþjóðalög.

Nýr nytjastofn

Makrill fannst fyrst, svo vitað sé, við suðurströnd Íslands árið 1895 og hefur síðan orðið vart af og til. Upp úr 1920 hlýnaði snögglega á Íslandsmiðum og nálægum hafsvæðum og héldust hlýindin fram undir miðjan sjöunda áratuginn þegar kólnaði aftur. Á fimmta áratugnum ritaði Árni Friðriks-son fiskifræðingur grein þar sem hann lýsir því hvernig suðlægari tegundir hösluðu sér völl í vaxandi mæli á Íslandsmiðum eftir því sem á leið hlýviðrisskeiðið.

Árið 2005 fjölgaði mjög tilkynningum til Hafrannsóknastofnunar um makrill sem meðafli við aðrar veiðar. Árið 2007 er síðan fyrsta árið sem Íslendingar veiða makrill í verulegu magni. Ástæðan fyrir þessari auknu fiskgengd er hlýn- un sjávar við landið og breytingar á seltustigi.

Nú er það svo að veiðarnar hér við land hafa verið stundaðar meira af kappi en forsjá. Veiðarnar í fyrria voru kapphlaup og miklum verðmætum var sóað þar sem stærstur hluti aflans var bræddur. Til marks um það sagði Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar á Neskaupstað, á málstofu um

makrillveiðar fyrir á þessu ári að skipulag veiðanna hafi kostað vel á fimmta milljarð.

Við þessu var brugðist í ár og vinnsla til mannelis er í forgrunni allra í veiðum og vinnslu. Á land eru komin 86 þúsund tonn af 130 þúsund tonna kvóta. Er þess skemmst að minnst að sjávarútvegsráðherra sá sig knúinn til að stöðva makrillveiðarnar 8. júlí í fyrria þegar rúmlega hundrað þúsund tonn höfðu verið veidd á þremur vikum.

Markaðir

Stærstu ríkin sem flytja út frosinn makrill, ásamt hrognum og lifur, eru Noregur og Bretland, þau hafa samanlagt yfir 50 prósent af útflutningsverðmætum í heiminum. Kaupendur að þessum afurðum eru að stærstum hluta Japanar, Rússar og Kínverjar. Stærsti markaðurinn er í Japan en 26 prósent af heildarverðmæti markaðarins eru þar.

Framhaldið

Samningaviðræður um heildarstjórn makrillveiðanna fyrir árið 2011 – með þátttöku Íslands – eru fyrirhugaðar í haust. Ekki virðist vera nokkur ástæða til bjart-sýni og viðvarandi ástand líklegt til að verða óbreytt næstu árin. Fagstjóri uppsjávurveiða hjá Samtökum fiskvinnslustöva í Noregi, Otto James Olsen, sagði á nefndri málstofu um makrillveiðar að hugsanleg þátttaka Íslands í stjórn veiðanna myndi þýða að sú aflahlutdeild sem Ísland kæmi til með að fá yrði tekin af þeim heildarkvóta sem settur yrði. Þetta þýðir með öðrum orðum að kvótinn sem okkur mun standa til boða yrði brotabrot af því sem við veidum nú og í engu samhengi við þá miklu makrillgengd sem er við landið.

SÆLGÆTI SEM ÞARF AÐ DEKRA VIÐ



„Það er mjög gaman að matreiða þennan fisk en það verður að gæta þess að meðlæti og meðferð sé í takt við hvað þetta er feitur fiskur“, segir Úlfar Eysteinnsson matreiðslumeistari. „Þegar makrill er steiktur þá losar maður sig við beinagarðinn sem liggur eftir flakinu miðju. Sker flakið í strimla og svo í bita þvers um.“

Ég steiki þetta með grænmeti og set súrsæta sósu útá, en hana er hægt að kaupa alls staðar. Þarna er karrí og hvítlaukur kryddin sem skipta máli.“

Úlfar bíður gestum sínum á veitingahúsinu Þremur frökkum makrill og nýtur rétturinn vinsælda hjá gestum þessa lands. Íslendingar láta segjast þegar þeim hefur verið gert ljóst að fisk-

urinn er beinlaus en Úlfar er vel meðvitaður um að Íslendingar missa lystina á fiski ef þeir fá upp í sig bein. „Íslendingar eru með beinafóbiu þegar kemur að fiskáti. Þetta er ekki eins og í gamla daga þegar fólk var eins og beinaverksmiðjur að ryðja frá sér heilu hryggjarúlunum.“

„Það má líka gefa með þessu gúrkusalat og laga grænpiþrasúsu“, segir Úlfar eftir nokkra umhugsun. „Ég er líka að gera tilraun með að krydda þetta með sama kryddi og var notað á síld hérna í gamla daga. Ég fæ ekkert út úr því fyrr en á miðjum vetri en hef þó aðeins stolist í þetta. Þessu verður best lýst sem sælgæti og mun bara fara batnandi.“

Úlfar mælir ekki með því að makrill sé sóðinn. „Það þarf að dekra við þennan fisk, af því að hann er feitur. Svo má reykja hann eins og gert er í Skandinavíu og Þýskalandi. Það snýst ekki síst um geymsluþolið því fitan eyðileggur þetta hráefni á skömmum tíma.“

SKÓLATIILBOÐ



- Intel Dual Core örgjörvi
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB hljóðlátur diskur
- Stór 17,3" skjár

17,3"

109.989 kr.

TOSHIBA

Toshiba Satellite L550-1CR

1.9GHz Intel Dual Core T3100 - Celeron Duo örgjörvi, 3GB DDR3 1066MHz minni, 320GB SATA diskur, DVD og CD skrifari, 17.3" WXGA LED breiðskjár, VGA vefmyndavél, Intel Graphics Media Accelerator 4500M skjákort, Windows 7 Home Premium val um 32 eða 64-BITm



- Intel Core i3 örgjörvi
- ATI HD5470 leikjaskjákort
- 500GB stór hljóðlátur diskur
- 4GB DDR3 1066MHz minni

15,6"

139.989 kr.

ASUS

ASUS X52JR-SX078V

2,13GHz Intel Core i3 330M 2.5GT/s 3MB örgjörvi, 4GB DDR3 1066MHz minni, 500GB - diskur, DVD skrifari, 15,6" WXGA LED breiðskjár með Glare, vefmyndavél, ATI Radeon HD 5470 skjákort, Windows 7 Home Premium



- Örpunnt LED sjónvarp
- 100Hz Clear LCD
- Pixel Precise HD
- NetTV netvafri

PHILIPS 40"

249.989 kr.

Philips 40PFL7664H

40" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p, 100Hz Clear LCD, Pixel Precise HD, LED, Digital Crystal Clear, 500.000:1 skerpu, 3ms svartíma, HD Natural Motion og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, 14 Bita lítaupplausn, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, NetTV netvafra, USB, HDMI, 2x Scart, DLNA 1.0, Common Interface Plus, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.



- Full HD Blu-Ray spilari
- USB og HDMI

29.989 kr.

Philips BDP3000

Full HD Blu-Ray SPILARI með Deep Color (yfir milljarður lita), x.v. Colour, mynd í mynd, Progressive Scan, USB 2.0 afspilun á video og hljóði, DivX afspilun, Audio L/R, Component & Composite tengi, Digital Coaxial, USB og HDMI út. Spilar DVD myndir með 1080p uppskiöun. Dolby True HD hljóðkerfi, DTS 2.0 + Digital out ofl.



- Lofthreinsitæki
- Hreinsar 99%

14.989 kr.

Philips AC4055

Sjálfhreinsandi 6 stiga CleanAir lofthreinsitæki sem hreinsar m.a. lykt, bakteríur og vírusa. Nemur bestu loftgæðin og tekur 99% óhreinindi úr loftinu. Virkar vel í raka. Allt að 5 ára ending á síum.

Meðmæli frá
British Allergy Foundation!

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX

RAFTÆKI

Vann glímuna við krabbamein

Axel Kristinsson, Íslandsmeistari í júdo og brasilísku jiu jitsu, hné niður sama dag og hann útskrifaðist úr MR og greindist með eitlafrumukrabbamein tveimur dögum síðar. Meðan á erfiðri lyfjameðferð stóð æfði hann íþrótt sína af kappi og hóf einnig háskólanám í verkfræði. **Kjartan Guðmundsson** ræddi við afreksmanninn um bardagana, sigrana og breytt lífsviðhorf.

Aður en ég veiktist og fór í meðferð átti ég það gjarnan til að æsa mig yfir smávægilegum hlutum, en það geri ég ekki lengur. Mér líður einfaldlega mun betur þegar ég er rólegur, viðhorf mitt til lífsins hefur breyst töluvert, og það hjálpar líka mjög mikið til í íþróttunum. Bæði júdo og brasilískt jiu jitsu ganga mikið út á stóíska ró og einbeitingu. Það þýðir til dæmis ekkert að hlusta á brjáláða þungarokkstónlist til að gíra sig upp. Þá verður maður bara reiður og það er alls ekki rétti andinn fyrir þessar íþróttir,“ segir Axel Kristinsson, 21 árs verkfræðinemi, sem einnig er þrefaldur Íslandsmeistari í sínum þyngdarflokki í júdo og Íslandsmeistari í brasilísku jiu jitsu. Auk þess vann Axel til silfurverðlauna á Gracie Invitational, einu stærsta móti Evrópu í brasilísku jiu jitsu, í London í maí síðastliðnum.

En þrátt fyrir öll afrekin á íþróttasviðinu háði Axel sinn stærsta bardaga við krabbamein, þegar hann greindist með Hodgkins eitlafrumukrabbamein á fjórða stigi í júní 2008, einungis tveimur dögum eftir að hann útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík. Við tók ströng lyfjameðferð sem lauk rúmlega sjö mánuðum síðar, í janúar 2009, og í dag er Axel ein-kennalaus af krabbameininu. Sex dögum eftir að meðferðinni lauk hóf hann að æfa brasilískt jiu jitsu í Mjölni við Mýrargötu og nokkrum mánuðum síðar var hann orðinn Íslandsmeistari í íþróttinni.

Alltaf hrifist af eðlisfræði

Axel er borinn og barnfæddur Seltirningur og segist hvernig kunna betur við sig en á Nesinu. Í sumar starfar hann hjá Tæknideild Seltjarnarnesbæjar, við verkefni sem tengjast BS-náminu í umhverfis- og byggingarverkfræði, og telur sjálfan sig afar lánsaman að hafa landað slíkri sumarvinnu.

„Stærðfræði og eðlisfræði hafa alltaf heillað mig og ég hef áhuga á því að sérhæfa mig í byggingarverkfræði þegar fram í sækir. Svo er aldrei að vita nema ég taki húsa-smíðina með, því ég hef rosalega gaman af því að smíða. Ég skrifa þann áhuga að miklu leyti á pabba minn, sem er afar handlaginn og getur gert við nánast hvað sem er þótt hann sé ekki lærður í þeim fræðum. Starfið á tæknideildinni er mjög krefjandi og skemmtilegt. Ég fæ að takast á við erfið verkefni sem samræmast náminu mjög vel,“ segir Axel.

Slagsmálhundar endast ekki

Afreksmaðurinn hóf að æfa júdo ellefu ára gamall og hugur hans stóð aldrei til neins annars en bardagaíþróttar. „Hjá mér gildir það

sama í vinnu, íþróttum og raunar flestu öðru. Ég hrifst af flestu sem þarfnast mikillar hugsunar, mikillar tækni. Þegar ég glími við þá bestu ganga hlutirnir minnst út á að vera sterkir og tuska hvern annan til fram og til baka. Við erum sífellt að pæla og fluga næsta leik niður í kjölinn. Ég kann mjög vel við að glíma við krefjandi verkefni, setja mig í stellingar og einbeita mér.“

Axel segist lítið hafa leitt hugann að brasilísku jiu jitsu fyrr en Þráinn Kolbeinsson, góður vinur hans, mælti með íþróttinni, en þá hafði Þráinn æft af kappi í Mjölni um hríð. „Fyrst í stað var ég ekkert hrifinn af hugmyndinni, hélt að lítið væri varið í gólfglímuíþrótt af þessu tagi og vildi einbeita mér að júdoinu. Það sem breytti þeirri skoðun minni var þegar Þráinn mætti á júdoáæfingu og hreinlega pakkaði öllum saman. Þá hugsaði ég með mér að kannski væri þetta ekki svo vitlaust, byrjaði að æfa strax eftir meðferðina og smitaðist gjörsamlega,“ segir Axel.

Hann telur júdo og brasilískt jiu jitsu eiga einkar vel saman. Æfingar og ýmsar aðferðir nýtist vel í báðum greinum, enda bregði margir á það ráð að blanda þessu tvennu saman með góðum árangri.

„Það hefur líka hjálpað mér mjög mikið að æfa í Mjölni því þar eru allir svo hjálpsamir. Formaðurinn, Jón Viðar Arnþórsson, er frábær og bardagaíþróttamaðurinn Gunnar Nelson hefur verið mér mikil fyrirmynd. Ég veit að margir halda að Mjölni sé bara eitthvert slagsmálafélag, en sú er alls ekki raunin. Það kemur fyrir að við fáum slagsmálhunda á æfingar sem vilja bara læra að berja fólk, en staðreyndin er sú að þessir menn síast bara úr því þeim er pakkað saman. Þeir höndla þetta ekki og hætta strax,“ segir Axel.

Hné niður á útskriftardaginn

Eins og áður sagði greindist Axel með Hodgkins eitlafrumukrabbamein tveimur dögum eftir útskriftina úr MR. Þá hafði hann verið mjög slappur í nokkra mánuði en kenndi stressi vegna stúdentsprófa um, enda segir hann töluvert mikið álag vera á þeim sem þreyta lokapróf í gamla Lærða skólanum.

„Þetta ágerðist eftir því sem leið á vorið. Ég var alltaf þreyttur, vaknaði oft í svitabaði á næturnar, léttist mikið og leið almennt illa. Ég slapp í gegnum stúdentsprófin en hefði alveg mátt fá betri einkunnir. Eiginlega hefði ég þurft að fá læknisvottorð eftir á,“ segir Axel og hlær.

Það var svo á sjálfan útskriftardaginn sem Axel sannfærðist um að eitthvað alvarlegt væri að. „Þegar allir gestirnir höfðu yfirgefið veisluina fór ég strax að sofa, enda orðinn mjög veikur og dauð-



VINNUR MED BÖRNUM Axel hlakkar mikið til að kenna börnum og unglingum jiu jitsu í Mjölni í vetur. Foreldrar hans starfa sem dagforeldrar og því er hann vanur því að hafa mörg börn í kringum sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þreyttur. Svo vaknaði ég fljótlega aftur, rölti fram og þá leið yfir mig. Svo greindist ég með krabbamein tveimur dögum síðar.“

Í ljós kom að krabbamein í eitlu hafði dreift sér í lungu, beggja vegna þindar og hluta lifrarinnar og horfur á bata því ekki mjög góðar fyrst í stað, að sögn Axels.

ABVD-lyfjameðferðin sem hann gekkst umsvifalaust undir lýsir sér á þann hátt að fjórum lyfjum er sprautað í sjúklinginn á tveggja vikna fresti, en meðferðin tók alls rúmlega sjö mánuði í tilvikum Axels. Hann segir meðferðina hafa verið nokkuð erfiða, þótt til séu bæði enn erfiðari og auðveldari meðferðir.

„Þessi lyf sem mér voru gefin eru eitru og mér leið alveg í samræmi við það. Vinur minn vann við að keyra svona efni fram og til baka á spítala og hann sagði mér frá umstanginu sem skapast þegar lyfin hellast á gólfid. Þá þurfa menn að fara úr fötunum, beint í sturtu, girða svæðið af og þar fram eftir götunum. Þessu var verið að sprauta inn í líkamann á mér,“ segir Axel. „Ég fékk kannski viku til að jafna mig aðeins en var svo kippt aftur niður reglulega með lyfjunum. Undir lokin var þetta orðið þannig að nokkrum dögum áður en ég fór í meðferðina byrjaði ég að kasta upp, því líkaminn vissi hvað var að fara



Þetta var erfitt, en ekki síður andlega en líkamlega. Það er engum ætlað að þola svona meðferð lengi.

..... að gerast. Þetta var erfitt, en ekki síður andlega en líkamlega. Það er engum ætlað að þola svona meðferð lengi,“ bætir hann við.

Fékk stuðning víða

Þrátt fyrir meðferðina og þá vanlíðan sem henni fylgdi megnaði Axel að æfa íþrótt sína nokkuð vel meðan á veikindunum stóð, auk þess að hefja hið krefjandi nám sitt í verkfræði. Hann segir stuðning frá vinum og vandaðmönnum hafa skipt mestu máli í þeim efnum. „Þráinn vinur minn og fleiri hjálpuðu mér mjög mikið, svo ekki sé minnst á fjölskylduna og fleiri. Þessi andlegi stuðningur,

að hafa einhvern til að gera hluti með sér og hlusta á vælið í manni endrum og eins, er afar mikilvægur. Ég tók reyndar þann pól í hæðina að leyfa sjálfum mér aldrei að velta mér upp úr veikindunum. Tvisvar sinnum á meðferðartímanum var ég verulega hræddur, en að öðru leyti reyndi ég að hugsa sem minnst um þetta. Auðvitað var þetta líka óraunverulegt, svona eftir á að hyggja. Ég gerði mér ekki almennilega grein fyrir því sem var að gerast.“

Hlakkar til að vinna með börnunum

Axel er spenntur fyrir vetrinum, því í september hefjast í fyrsta sinn jiu jitsu-tímar fyrir börn í Mjölni. Axel sér um þjálfun í tímunum og getur vart beðið eftir að sökkva sér ofan í verkefnið.

„Aðferðin sem við byggjum á kallast Play as the way og byggir á því að krakkarnir læra nauðsynlega tækni í gegnum leiki. Æfingarnar geta líka af sér mikinn sjálfsaga, sem er hið besta mál,“ segir Axel, en foreldrar hans eru báðir dagforeldrar og því hefur hann alist upp við að heimilið sé fullt af börnum stóran hluta dagsins.

„Það er alltaf krakkar í kringum mig, þannig að þetta verður ekkert vandamál,“ segir Axel að lokum.



BARDAGAMENN Axel glímir hér við Þráin Kolbeinsson vin sinn, en það var einmitt Þráinn sem kynnti Axel fyrir brasilísku jiu jitsu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞÚ!

ÞETTA SNÝST UM ÞIG OG FRAMTÍÐINA

Nýttu þér fjölbreytt námskeið Opna háskólans til að styrkja stöðu þína og stuðla að nýjum sóknarfærum. Hér má sjá brot af námsframboði haustsins.

NÁMSBRAUTIR OG LENGRI NÁMSKEIÐ

Námsbraut í markaðssamskiptum og almannatengslum

25. ágúst – 15. júní 2011

Námsbraut í mannauðsstjórnun

30. ágúst – 7. maí 2011

Nám í faglegru fjölmiðlun

7. september – 14. desember

7 venjur til árangurs

The 7 Habits of Highly Effective People®

28. – 30. september

Rekstrar- og fjármálanám

21. september – 23. nóvember

Námsbraut í verkefnastjórnun

Brautin er kennd í fjarnámi

28. september – 7. maí 2011

Stjórnun og forysta í ferðapjónustu

20. október – 2. febrúar 2011 í Reykjavík

27. október – 9. febrúar 2011 á Akureyri

Ábyrgð og árangur stjórnarmanna

20. október – 10. nóvember

STYTTRI OPIN NÁMSKEIÐ

Markþjálfun Coaching Clinic®

1. og 2. september

Verkefnastjórnun

6. september

Starfsmannasamtöl, launaviðtöl og samningatækni

8. september

Taktu flugið – jákvæð sálfræði og flæði

8. og 10. september

Basic Spoken English

14. september

Vefstjórnun

11. október

Mælingar í markaðsmálum

12. október

Fjármál – skilningur, greining og fjárfestingar

16. september – 28. október

Virði trausts

Leading at the Speed of Trust®

9. nóvember

Smart Talent Management

11. nóvember



OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Skráðu þig núna á
www.opnihaskolinn.is

eða hafðu samband við okkur í síma 599 6387

Skírð til starfans

Það vekur undrun og kátínu að hitta fyrir fólk sem hefur starf og áhugamál sem rímar við skírnarnöfn þeirra, en jafnvíst að þar kom hænan á undan egginu; eins og nafnið á undan starfsvali. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir rakst á vörð, hafmey, jökul, ösp og geit.

VÖRÐUR LAGANNA

Nafnið hefur verið mér góður förnautur og það hefur oft verið gaman, enda hef ég verið alls konar vörður,“ segir Vörður Leví Traustason, forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu, sem einnig er meistari í bifvélavirkjun og hámenntaður lögregluumaður sem starfaði við lögregluembættið á Akureyri á árunum 1979 til 1992.

„Um tíma leysti ég af sem fangavörður og þá skemmtu lögfræðingar fyrir sunnan sér við að spyrja: „Vitið þið hvað fangavörðurinn á Akureyri heitir?“ Sem fangavörður þurfti ég einnig að fara eftir nýlenduvörum fyrir fangelsið í KEA og kvittaði undir kaupin. Þá kom Kristinn gamli á horninu með bunka af nótum upp á lögreglustöð og var ægilega óhress með þennan nýja fangavörð sem skrifaði ekki nafn sitt undir, heldur bara „vörður“;“ segir Vörður og skellir upp úr við minninguna.

„Í skóla var mér auðvitað strítt en gaf ekki höggstað á mér þannig að krakkarnir hættu að segja mér að vera dyravörður. Þegar ég byrjaði í löggunni fyrir norðan hafði enginn nýr komið í nokkurn tíma, svo þeir spurðu mig: „Hver ert þú?“ „Ég er Vörður,“ svaraði ég. „Já, það veit ég! En hvað heitirðu, maður?“ spurðu þeir þá skilningsvana,“ segir Vörður sem vegna Leví-nafnsins skrifaði jafnan Vörður L undir lögregluskjölín.

„Því gekk ég undir nafninu Vörður laganna. Á þessum árum sáu lögreglumenn um stöðumælasektir og einhvern tímann var ég í stuði og skrifaði Vörður laganna undir sektina. Fljótlega kom eigandi bílsins brjáláður upp á stöð og vildi takk fyrir fá nafnið á þeim sem sektaði hann,“ segir Vörður sem nú starfar í anda nafns síns sem forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar. „Þar hefur lögreglu-



VÖRÐUR Í MÖRGUM SKILNINGI Faðir Varðar valdi nafnið eftir að hafa lesið Davíðssálm 121, en þar segir: „Vörður þinn blundar ekki og sefur ekki. Hann, vörður Ísraels.“ Vörður merkir hirðir, en Leví þýðir prestur.

starfið hjálpað mér gríðarlega og margt sem ég nýti úr þeim skóla í kirkjunni.“

Hann rifjar upp fleiri broslagar sögur:

„Þegar NATO-fundur var haldinn í Reykjavík var ég sendur suður og gerður lífvörður gríska utanríkisráðherra. Svo man ég eftir samkomu á Ísafirði þar sem mér var boðið í kaffisopa í heimahúsi á eftir. Þá segir einn vöðu spekinglega: „Það er eitt sem ég þarf að vita, Vörður.“ Þá hváir annar: „Ha? Hefurðu líka verið vitavörður, Vörður?“

FRAMTÍÐIN RÁÐIN MEÐ NAFNINU



Á JÖKUL MEÐ JÖKLI Jökull Bergmann er með fjöll í blóðinu því áar hans hafa alltaf gengið á fjöll sér til skemmtunar og heilsuþótar. Hann segir nafn sitt hafa jákvæð áhrif á starf hans, þótt fæstir getir sagt það lýtalaust á hæstu tindum heims.

MYND/GUÐMUNDUR TÓMASSON: ©WWW.GTOMASSON.COM

Þetta er alvöru nafn þótt margir haldi að ég heiti því ekki í raun heldur hafi tekið það upp sem sviðsnafn eins og hver annar strippari,“ segir fjallaleiðsögumaðurinn Jökull Bergmann, sem um var sagt, ungan og stefnandi til fjalla, að framtíðin hafi verið ráðin með nafngiftinni.

„Ég er ættaður frá Klængshóli á Skíðadal á Tröllaskaga þaðan sem horft er beint á Gljúfrárjökul. Móðir mín hefur alltaf verið heilluð af þessum jökli og gaf mér því nafnið Jökull, en Bergmann kemur úr fjölskyldunni, þótt það vísi einnig fyrir tilviljun á fjöll og náttúru,“ segir Jökull sem ólst upp við útivist og fjallaferðir með móður sinni og gekk ungur í björgunarsveitir eins og títt er um ástríðufulla fjallamenn.

„Þar kviknaði fyrir alvöru áhugi á erfiðari fjallamennsku og ég fór að eyða miklum tíma í Ölpunum, ekki síst í bænum Chamonix við rætur Mont Blanc sem er kallaður vaggja fjallamenningarinnar. Þar sá ég kappu sem störfuðu sem fjallaleiðsögumenn, fann löngun til að feta í þeirra spor og lagði til þess stund á tíu ára krefjandi nám í Klettafjölum Kanada,“ segir Jökull sem er eini Íslendingurinn með alþjóðlega fagmenntun fjallaleiðsögumanna að baki, en það þýðir að einn Íslendingur hefur hann starfsleyfi í Ölpunum þar sem leyfislausir menn eru sektaðir um 50 þúsund evrur og fá þriggja ára fangelsi séu þeir gripnir við að leiðsega fólki á fjöllum.

„Nafn mitt er gull ígildi við markaðssetningu. Allar erlendar ferðaskrifstofur sem selja ferðir mínar gera rosalega mikið úr þessu og þýða nafnið á hin ýmsu tungumál. Fyrir útlinga er nafnið því óskaplega sérstakt og menn gera mikið úr þessu þegar þeir hitta mig, þótt þeim sé nánast ómögulegt bera nafnið fram, eins og kom berlega í ljós þegar Eyjafjallajökull gaus,“ segir Jökull og hlær þar sem hann stendur á toppi Mont Blanc.

„Ég er sannarlega í draumastarfinu á draumastað og með rétta nafnið til starfans. Nafnið er hins vegar tilviljun á meðan hitt eru engar tilviljanir heldur aðeins spurning um að lifa sinn draum sem er eitthvað sem allir ættu að reyna að gera, sama hvaða nafni þeir heita.“

NÚ, ER HEIÐRÚN SJÁLF VIÐ?



HEIÐRÚN Í HEIÐRÚNU Senn hyllir undir að Heiðrún Gunnarsdóttir ljúki vaktinni í vinnubúðinni Heiðrúnu en þar hefur hún undanfarið ár leyst af starfssystur sína í fæðingarorlofi. Hún segir marga vilja sjá hana starfa áfram í Heiðrúnu, enda víðeigandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég fæ að heyra þetta oft á dag og tek því ekki illa þótt fólk hafi orð á þessari tilviljun, en slæ því stundum upp í grín að ég hafi verið alin upp frá blautu barnsbeini til að vinna hér í Heiðrúnu,“ segir Heiðrún Gunnarsdóttir, starfsmaður í Heiðrúnu, vinnubúð ÁTVR á Stuðlahálsi, en þar hefur hún unnið í tæpt ár við ómælda gleði viðskiptavina þegar þeir hafa rekið augun í nafn hennar við vínkaupin. Áður starfaði hún í vinnubúðum ÁTVR á Eiðistorgi og í Krínglunni.

„Áður en hingað kom var ég ídulega spurð hvers vegna ég ynni ekki frekar í Heiðrúnu, en nú reka viðskiptavinir upp stór augu þegar krakkarnir á kassanum í Heiðrúnu kalla: „Heiðrún, geturðu komið aðeins!“ og spyr í undrun: „Ha? Nú? Er Heiðrún sjálf við?“ Margir halda því að ég sé hér potturinn og þannan í öllu og margir spyrja hvort búðin hafi verið nefnd í hausinn á mér,“ segir Heiðrún hláturmild og bætir við að viðskiptavinur hafi frætt sig á því að vinnubúðinni hafi verið valin þessi nafngift vegna gættarinnar Heiðrúnar sem mjólkaði miði fyrir þingheim til forna, en nafnið sé útpælt af stjórnendum ÁTVR, enda séu höfuðstöðvar fyrirtækisins á sama stað.

„Mér finnst bara plús ef brosl kvikna í hyundagsamstri fólks og hlæ oft með sjálfri mér þegar úr verður smávegis misskilningur í síma og fólk spyr hvort þetta sé í Heiðrúnu. „Já, svara ég. „Og hver er þetta?“ „Þetta er Heiðrún,“ svara ég. „Já, en við hvern er ég að tala?““

HLEGIÐ AÐ GYÐJU HAFSINS



HAFIÐ KALLAR Á HAFDÍSI Hafdís Hafsteinsdóttir segir sjósund virka eins og hversdagslegt nirvana, eða algleymisástand, því frelsið og andrenalínkikið sé einstakt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mér líður alltaf eins og persónu í Andrésblaði og nafnið hefur verið brandari hjá vínahópnum í tíu ár,“ segir sunddrottningin Hafdís Erla Hafsteinsdóttir sem synti til sigurs á fyrsta Íslandsmótinu í sjósundi í fyrrasumar.

„Öllum þykir bráðsniðugt að Hafdís sæki í sjóinn, enda nota ég hvert tækifæri til að synda í söltum sjó og er orðið hluti af minni upplifun af landinu að henda mér í sjóinn hér og hvar,“ segir Hafdís, en nafnið merki gyðja hafsins.

Þess ber að geta að Hafdís er fædd undir stjörnumerki vatnsberans, sem enn eykur á tengsl við hafið.

„Það er svo líka partur af gríninu, fyrir lengra komna. Útlendingum finnst nafnið stórkostlega fyndið og þegar ég segi þeim hvað það þýðir halda þeir að ég hafi tekið það upp í tengslum við sundíþróttina. Þeir hvá því þegar ég segi það þýða „ocean fairy“ en ég læt þá samt alltaf bögglast í gegnum Hafdís því mér dettur ekki í hug að gefa hugmyndinni um sviðsnafn undir fótinn. Það er líka svo væmið þannig, en engin væmni sem finnst í Hafdís Hafsteinsdóttur.“

ÖSPIN MÍN HEIMA HJARTFÓLGIN

Ég lenti í þessu starfi fyrir einskæra tilviljun, en vissulega var sagt í atvinnuviðtalinu að mér mundi teljast til tekna að heita jafn víðeigandi nafni. Þá hafa margir spurt hvort ég hafi þurft að taka upp Asparnafnið þegar ég tók við starfinu, en svo var nú ekki,“ segir Esther Ösp Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi Skógræktar ríkisins, sem gegnir starfi sínu frá skógi vöxnum Egilsstöðum.

„Þótt ég sé alin upp við sjóinn á Fáskrúðsfirði sleit ég barnsskónum líka í skóglendi því foreldrar mínir áttu sumarbústað skammt frá Hallormsstaðaskógi. Voru eftir að ég fæddist var ösp gróðursett mér til heiðurs í garðinum heima og varð mitt tré, og síðan hefur verið fylgst með henni vaxa í takt við mig. Reyndar var hún fljót að fara fram úr mér, en þessi ösp hefur síðan verið mér hjartfólgin,“ segir Esther Ösp sem var skírð fyrra nafninu í höfuðið á ömmu sinni.

„Foreldrar mínir eru jafnréttissinnaðir og settust niður hvort í sínu lagi til að skrifa niður nöfn sem þeim þóttu falleg sem millinafn. Ösp var í fyrsta sæti hjá þeim báðum og auðvitað valið. Ég hef því alltaf borið nafnið með stolti og finnst gaman hve fólk er klókt að sjá út tenginguna við starfið sem ég á endanum valdi.“



LAUFUM SKREYTT SKÓGARDÍS Esther Ösp Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi Skógræktar ríkisins, kann að klæða sig í réttum starfsanda, eins og sjá má á iðjagrænu hárskrauti hennar. MYND/ÚR EINKASAFNI

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**NÝ BÓNUSVERSLUN
Í KAAPTÚNI GARÐABÆ**
-beint á móti verslun IKEA

OPNUM Í DAG

LAUGARDAG KL. 10.00

Í KAAPTÚNI GARÐABÆ

Fjörtíu spennandi opnunartilboð

Skoðaðu tilboðsblaðið sem
er á www.bonus.is

Komdu í heimsókn!



AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS **BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Ekkert grín að vera 6 ára

Flestum krökkum þykir æsispennandi að byrja í skóla. En sumir þeirra kvíða líka fyrir, svo ekki sé talað um foreldrana sem oft á tíðum velta umskiptunum meira fyrir sér en börnin sjálf. **Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** fékk nokkra sérfræðinga í andlegri og líkamlegri heilsu til að gefa foreldrum góð ráð um hvernig megi gera fyrstu dagana í skólanum auðveldari.

Svefn og næring skipta sköpum

Með því að hlúa að svefni og næringu barna geta foreldrar haft áhrif á athygli, einbeitingu, úthald, hegðun og alla líðan barna sinna. Þetta segir Arna Skúladóttir barnahjúkrunarfræðingur sem hefur hjálpað fjölmörgum foreldrum með ýmis vandamál tengd börnum þeirra. Hún er höfundur bóka Draumalandið og Veganesti. Sú fyrri hefur selst í mörgum þúsundum eintaka og hjálpað fjölmörgum foreldrum að koma skikki á svefnmynstur ungra barna sinna. Nýja bókinn fjallar um samspil svefns og næringar og samveru fjölskyldunnar.

Arna segir mikilvægt að fara rólega í að breyta svefnmynstri barna eftir sumarið. „Á sumrin er svefntími barna oft töluvert öðruvísi en á veturna. Þau fara seinna að sofa og seinna á fætur og það er ekkert að því – svo lengi sem allir fá þann svefn sem þeir þurfa. En það er mjög mikilvægt að gefa börnum tíma til að breyta aftur yfir í að fara snemma að sofa og snemma á fætur. Foreldrar ættu að gefa sér eina til tvær vikur í það ferli.“

Six ára börn þurfi um tíu til tólf tíma svefn á hverri nóttu. Ef barn hafi vaknað klukkan tíu á sunnudagsmorgni sé ekki hægt að ætlast til þess af því að það fari að sofa klukkan átta um kvöldið, þó það þurfi að vakna snemma daginn eftir. Fullorðið fólk ráði við að vera þreytt í nokkra daga

við svona umskipti en það fari mjög illa í börn.

Arna vill líka benda foreldrum á hversu mikilvægt er fyrir börn á þessum aldri að eiga góða stund með foreldrum sínum fyrir svefninn. „Ég myndi ekki mæla með því að fólk sendi börn sín ein inn í herbergi að sofa. Fara frekar með þeim inn í svefnherbergi, lesa fyrir þau og sitja svo hjá þeim stundarkorn. Með því að sitja hjá þeim í rólegheitum er mun líklegra að barn segi frá því sem því liggur á hjarta heldur en þegar þú spyrð að því klukkan sex við matarborðið. Þarna fær barnið tækifæri til að tjá sig ef það hefur þörf á. Það kemur alltaf að því að börn fara að ræða eitthvað sem þau eru að velta fyrir sér. Og með þessu ertu líka að kenna því ró og slökun.“

Um næringu barnanna segir Arna mikilvægt að leggja áherslu á morgunmatinn, bæði til að næra sig og fyrir samverustundina, og mælir með hafragraut, lýsi og ávaxtasafa, sem sé einfaldur og góður morgunmat. Fá börn skólamáltíð séu þau oft lystarlaus á kvöldin og því um að gera að hafa kvöldmatinn léttan. Hins vegar sé mjög gott að venja þau á að fá kvöldhressingu fyrir nóttina. „Þá myndi ég helst mæla með brauði, eða kornmat og mjólk, og þá helst volgri mjólk. Hitinn róar líkamann og í brauði er langvirkt kolvetni, sem er létt og endingargott í magann yfir nóttina.“



ARNA SKÚLADÓTTIR BARNAHJÚKRUNARFRÆÐINGUR Arna segir mikilvægt að fara rólega í að breyta svefnmynstri barna eftir sumarið. Það megi ekki gera á einum degi, enda þoli börn illa að vera ósofni í skólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



Börn spegla oft viðhorf foreldra

Almennt séð er mikilvægast að foreldrar skilji að það er álag fyrir barn að byrja í fyrsta bekk. Þess vegna ættu þeir að leitast við að hafa meiri ró heima við, fyrstu dagana og skrúfa sig niður á öllum öðrum sviðum,“ segir dr. Urður Njarðvík, barnasálfræðingur og lektor við Háskóla Íslands.

Hún segir það ekki síst mikil viðbrigði fyrir börn, sem hafa vanist því að vera elst og duglegust á leikskólanum, að vera allt í einu yngst í ókunnugu umhverfi. Þá sé meiri hávaði í kringum þau en þau eigi að venjast í skólanum, svo ekki sé talað um reglurnar sem þau þurfi að framfylgja, svo sem að standa í röð og sitja grafkyrr. „Allt þetta veldur spennu og álagi hjá börnum. Þess vegna er hvíldin svo mikilvæg fyrir þau. Ég myndi ráðleggja foreldrum að sleppa tömstundaheimilinu og gæslu fyrstu dagana, ef þeir eiga kost á því.“

Að þessu sögðu tekur Urður fram að viðhorf foreldra við þessi umskipti skipti miklu máli. Mikilvægt sé að börnin finni það á foreldrum sínum að breytingarnar sem þau eru að ganga í gegnum séu jákvæðar og að foreldrar hafi trú á að þetta muni allt ganga vel. „Ef foreldrar eru mjög stressaðir yfir því að það gæti verið erfitt fyrir barnið að byrja í skóla getur það haft áhrif á barnið. Viðhorf foreldra þarf að vera jákvætt. Börn spegla nefnilega oft viðhorf foreldra sinna. Það er mikilvægt að barnið finni að foreldrar hafi trú á að það geti þetta.“

Urður segir allan gang á því hversu erfitt það reynist börnum að byrja í sex ára bekk. Sum séu löngu tilbúin til þess og eigi auðvelt með umskiptin, önnur rúlli inn í skólann í rólegheitunum og skilji ekki hvað fulloröna fólkinu finnst þetta mikið mál, á meðan enn önnur geta kviðið því að byrja í skóla. Einstaklingsmunurinn sé mikill og ráðist ekki endilega af aldursmuninum, þó sum börn séu fædd snemma á árinu og önnur seint. „Það er gott að segja við barn



URÐUR NJARÐVÍK SÁLFRÆÐINGUR Breytingar, eins og þær að byrja í skóla, valda spennu og álagi hjá börnum. Þess vegna er mikilvægt að hafa ró heima við fyrstu dagana eftir að börn byrja í skóla að mati Urðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að það sé allt í lagi að finnast eitthvað erfitt eða að vera hræddur við eitthvað. Þau þurfi bara alltaf að láta mömmu, pabba eða kennarann vita af því og þá sé hægt að laga það.“ Mörg börn festist nefnilega í því að vera dugleg og segi jafnvel ekki frá því ef eitthvað bjatar á.

Að lokum segir Urður foreldra þekkingu sín börn best og þeir verði að meta viðbrögð sín út frá því. „Ef barnið þitt þolir illa breytingar þarftu að vanda þig sérstaklega og taka lengri tíma í aðlögun. Fyrstu dagarnir í skólanum geta skipt miklu máli fyrir barn og upplifun þeirra á skólanum í framtíðinni.“

Fjölbreytt líkamsstaða mikilvægust

Þegar börn hætta í leikskóla og byrja í skóla aukast líkurnar á stöðkerfisvandamálum þegar þau, sem eru vön að vera alltaf á hreyfingu, þurfa að sitja við mun lengur en þau hafa átt að venjast. Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í stöðkerfissjúkráþjálfun (MT), segir fjölbreytni í líkamsstöðu mikilvægasta. „Það er mikilvægara að skipta oft um stöðu en að vera alltaf í beinni stöðu. Langbest er að geta staðið upp reglulega. Ef ekki er gætt að þessu eða aðstæður eru ekki góðar getur það haft slæm áhrif á stöðkerfi barna. Líkurnar á stöðkerfisvandamálum aukast verulega ef fleiri áhættuþættir eru til staðar, eins og ættarsaga eða fyrri meiðsl.“

Líði börnum illa í líkamanum komi það oft fram í því að þau eiga erfitt með að einbeita sér eða vera kyrr. „Ef þau eru öll á íði af því þeim líður illa í bakinu fá þau að heyrja að þau séu með orm í rassinum. Þau eiga oft erfitt með að koma orðum að því að þeim líði illa, svo foreldrar og kennarar þurfa að fylgjast svölítið með þeim. Sjá hvort þau eru til dæmis alltaf að íða bakinu eða hálsinum til, sem getur verið merki um verki þar.“

En hvað geta foreldrar gert til að minnka álagið á kropp

barnsins síns? „Til að minnka líkur á háls- og bakvandamálum er gott að hvetja börnin til að lyfta bókum aðeins upp við lestur eða nota eitthvað undir fjarenda bókarinnar til að halla henni. Með þessu móti geta þau haft hálsinn nokkuð beinan og minnkað þannig álagið. Einnig þarf að huga að setstöðunni og skólatöskunni. Mjög er mikilvægt að fætur nái niður á gólf þegar börn sitja, til að minnka álag á bakið. Stólbakið á að styðja við bakið, sérstaklega mjóbakið svo að börnin sitji síður hokin. Borðin þurfa svo að vera í rétttri hæð út frá hæð stólsins þannig að þegar þau sitja bein sé borðplatan í kringum olnbogahæð þeirra. Varðandi skólatöskuna er mikilvægt að það sé góð fóðrun á bakinu og böndunum og hægt sé að stilla böndin svo þunginn dreifist sem jafnast.“

Þá segir hún góða skó sem gefa dempun einnig mikilvæga. „Þeir þurfa að styðja vel við hælinn og botninn þarf að vera sveigjanlegur, þar sem fóturinn beygist við göngu, en þó ekki of þunnur. Svo má nefna að það þarf að passa að börn hafi góða blýanta með góðu gripi og að þau verði ekki of stíf þegar þau skrifa, því þá fá þau spennu sem leiðir upp handlegginn og alla leið upp í háls og herðar.“



HÓLMFRÍÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR, SÉRFRÆÐINGUR Í STÖDKERFIS-SJÚKRÁÞJÁLFUN Hvetur foreldra til að fylgjast með atferli barna sinna. Oft eigi þau erfitt með að koma orðum að því ef þeim líður illa í líkamanum, sem komi þá jafnvel fram í hegðun þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Kápa
9990 kr



Peysa
2990 kr



Kjóll
7990 kr



Kjóll
8990 kr



Toppur
6990 kr

*Full búð af nýjum
haustvörum*



Kjóll
7990 kr



Kjóll
8990 kr



Kjóll
7990



Kjóll
6990 kr.



Jakki
7990 kr.

Opið frá 11-18 í Smáralind

3 Smáragar Smáralind 578 0851



ÆRLEGUR BÓNDI Þótt vel hafi tekist til á ritvellingum verður Chris enn að sinna ánum sem eru hans ær og kýr. Chris er ánægður með sitt hlutskipti, enda mun betra að vera metsöluhöfundur og afdalabóndi en sextug rokkstjarna. MYND/LUNA VANDOORNE

Trymbillinn slaki sem sló í gegn

Hann var rekinn úr Genesis áður en sú hljómsveit sló í gegn. Fyrir tveimur áratugum keypti hann svo hreysi á afskekktum stað í hlíðum Sierra Nevada á Spáni. Jón Sigurður Eyjólfsson hitti metsöluhöfundinn **Chris Stewart** í Granada og spjallaði við þennan breska afdalabónda sem varð að heimsþekktum blekbónda.

Hittu mig á barnum á suðvesturhorninu á Prinsagarðinum,“ hafði Chris skrifað blaðamanni í netpósti. Þegar komið er í umræddan garð í Granada versnar hins vegar í því. Það er bar á hverju horni og engin leið að átta sig á því hvað snýr suður. „Ekta skilaboð frá afdalabónda; bar á suðvesturhorninu,“ hugsar blaðamaður áhyggjufullur.

Þær áhyggjur reyndust óþarfar því það fer ekki fram hjá neinum þegar Chris er kominn í Prinsagarðinn; með kringlóttu gleraugunum á nefinu, brosið út að eyrum, í víðri útjaskaðri skyrtu, víðum buxum og fjallgönguskóm. Blaðamann hafði einmitt grunað að höfundur bókarinnar „Ekið yfir sítrónur“ liti einhvern veginn svona út. Eftir stutt spjall er haldið á barinn á suðvesturhorninu.

Grætur ekki Genesis

Á unglingsárum stofnaði Chris hljómsveitina Genesis ásamt nokkrum skólafélögum sínum. Þeirra á meðal var Peter Gabriel sem margir þekkja eflaust af farsælum sólóferli. „Í mínum huga var þetta aðeins skólahljómsveit með þann eina tilgang að halda skemmtilegar uppákomur. En félagar mínir höfðu hærri hugmyndir um hljómsveitina. Eini vandinn var sá að hljómsveitin kæmist ekki í slíkar hæðir með svo slakan trommuleikara svo ég var látinn fjúka eftir að hafa leikið með þeim í tveimur lögum á fyrstu plötunni.“ Þá tók John Silver við kjuðunum en frammistaða hans þótti heldur ekki nógu góð. Kom þá Phil Collins til sögunnar; um frammistöðu hans þarf ekki að fjölyrða.

„Mig minnir nú að ég hafi verið algveg fokillur yfir þessu, annars er hugurinn fljótur að afmá það beiska úr minningunum. Allavega lagði ég mig allan fram við að heyra aldrei

tónlist Genesis. Ég hef hins vegar hitt þessa gömlu féлага mína aftur og einnig kynnst Phil Collins, sem er í rauninni aðdáunarverð persóna, og mér finnst það í raun aðdáunarvert hvað þeir hafa höndlað frægðina af mikilli hæversku. En ég er afar sáttur við mitt hlutskipti, ég er raunar hæstánægður með mitt hlutskipti. Þar að auki er það örugglega ekkert spennandi að vera rokkstjarna á sextugsaldri.“

Rokkari verður að rúningsmanni

Faðir Chris var kaupþýslumaður og þótti heldur súrt í broti þegar sonurinn gaf allri kaupþýslu langt nef en sneri sér að landbúnaðarstörfum. Hann var fjárhirðir í suðurhluta Englands um nokkurt skeið en lítið var upp úr því að hafa. Þá varð að leita annarra leiða. „Ég viðurkenni að ég var lélegur trommari,“ segir Chris. „Eftir að ég var rekinn sneri ég mér að gítarnum en ég er einnig lélegur gítarleikari. Sömu leiðis er ég lélegur bóndi þó mér þykir sá starfi afar skemmtilegur. Ég er hins vegar afar góður rúningsmaður enda var það mín mesta tekjulind um þrjátíu ára skeið að rýja ær, sérstaklega í Svíþjóð, Englandi og einnig á Spáni.“

Þessi tekjulind var ekki verri en svo að Chris og Anna, kona hans, gátu dvalið á sumrin á Spáni sem þau heilluðust bæði af. „Ég var síðan gerður út af örkinni til að skoða hús í Andalúsíu sem við hjónin gætum hugsanlega keypt,“ rifjar hann upp. „Þegar ég kom til fjallahéraðsins Alpujarra sannfærðist ég hins vegar um að hér vildi ég eiga heima. Þess vegna fór ég út fyrir valdsvið mitt og keypti húsið El Valero án nokkurs samráðs við konuna.“

Húsið stendur fjarri manabyggð í djúpum dal. Þar var ekkert rafmagn og engar vatnsleiðslur þegar Chris bar að. Þar að auki stóð það handan ár mikillar sem ekki var

enn búið að brúa. „Það eru liðin tæp tuttugu og tvö ár síðan við keyptum húsið,“ segir blekbóndinn íhugull. „Við höfum breytt því mikið en þó ekkert í námunda við það sem það hefur breytt okkur.“

Ábúandinn sem fylgdi með húsinu

Þessu breytingaskeiði lýsir Chris í bók sinni „Ekið yfir sítrónur“ (Driving Over Lemons) sem kom út árið 1999 og hefur selst í vel á annað milljón eintaka víða um veröld.

„Eins og ég lýsi í bókinni þá má segja að við höfum eiginlega keypt gamla ábúandann með húsinu en hann hafði engan hug á því að flytja þótt nýir eigendur væru fluttir inn. Þetta er skemmtilegur maður en þó tók þessi sambúð nokkuð á, sérstaklega þar sem hann og Anna áttu ekki skap saman.“

Seinna komust hjónin að því að gamla ábúandinn bar út mikinn óhróður um þau hjónin í sveitinni. „Það urðu endalok þeirrar vináttu. Reyndar hitti ég hann átta árum eftir útgáfu bókarinnar og bauð honum kaffisöpa. Hann sagðist þá samgledjast mér innilega vegna velgengni minnar sem rithöfundar, síðan mátti sjá tár á hvarmi. Ég fyrirgef honum allt en það sem hann gerði okkur er svo hræðilegt að ég gat ekki sagt frá því öllu; ég tónaði þó verulega niður í bókinni.“ Chris lítur síðan til lofts líkt og hann sjái fortíðina þar ljóslifandi. Svo lítur hann á mig íbygginn og segir: „Það er svo hollt að fyrirgefna.“

Ætlaði aldrei út á ritvöllinn

Sveitungar voru flestir efins um að þetta breska ævintýrafólk myndi tóra í hreysinu atarna. „Það er heldur ekkert skrítið, við efuðumst stundum um það sjálf,“ rifjar rithöfundurinn upp. Eftir útgáfu fyrstu bókarinnar óttast enginn um afkomu þeirra hjóna.

„Ég ætlaði reyndar aldrei að

skrifa þessa bók,“ segir Chris. „Það var í raun og veru útgefandinn sem atti mér út í þetta. Ég kynntist honum þegar ég skrifaði Rough Guide to China nokkrum árum áður en ég flutti til Spánar. Svo heimsótti hann mig í Alpujarra og varð um og ó. Sagðist hann aldrei hafa kynnst annarri eins örbirgð og það yrði að gera eitthvað til að koma mér til mannsæmandi lífs. Síðan linnti hann ekki látum uns ég samþykkti að skrifa bók um þessa reynslu. Til allrar hamingju lét ég undan því og þegar ég loks byrjaði hafði ég afskaplega gaman af ritstörfunum.“

En hvað ef hann hefði aldrei skrifað þessa bók? Væru þá hjónin enn þá við kröpp kjör í dalnum djúpa? „Ég er nokkuð viss um að við værum þarna enn. Í raun hefur líf okkar ekki breyst svo ýkja mikið þrátt fyrir velgengnina á ritvellingum. Ég er enn þá með mínar kindur, við ræktum okkar afurðir og ég er enn þá að rýja heilu hjarðirnar í sveitinni. Reyndar ferðumst við meira en við gerðum áður. Ég er líka farinn að vinna við fjölmörgu nú en það var aldrei á dagskrá þegar ég keypti hreysið. Núna er ég til dæmis að vinna að sjónvarpsþætti um Andalúsíu, ég er þó ekki með neitt sjónvarpstæki á heimilinu.“ Síðan sýpur hann á vín glasi sem búið er að bera á borð. „Núna læt ég það líka eftir mér að kaupa gott vín til að súpa á með matnum en ég eyði engu í hégóma,“ segir hann og bendir á skyrtu sína og buxur sem færur hverjum fjárhirði vel.

Á puttanum um Ísland

Áður en Chris flutti til Spánar tók hann það að sér að sigla fleyi fyrir frændfólk sitt um grísku eyjarnar í Eyjahafi. Það ævintýri leiddi síðar til þess að hann fór í skútuleiðangur um Norður-Atlantshaf og hafði þá viðdval á Íslandi.

„Er enn þá hægt að fara á putt-

anum um Ísland?“ spyr hann blaðamann sem ekki hefur reynslu af þessum ferðamáta. „Það var vel hægt árið 1993 þegar ég var þarna á ferð. Ég man sérstaklega eftir því þegar ég fór til Þingvalla, ég varð svo uppnúminn af kyrrðinni og náttúrufegurðinni. Þetta er með sterkari ferðaupplifunum mínum.“ Blaðamaður verður upp með sér eins og ævinlega þegar landi hans eru slegnar gullhamrar af víðförlu fólki. Síðan heldur rithöfundurinn áfram: „Það er alveg magnað; Ísland er eina landið í heimi sem hefur enga maura. Meira að segja á Grænlandi eru maurar þó náttúran sé enn hrjóstugri þar. Mér er minnisstætt þegar ég var á Grænlandi og hitti mann sem sagðist alltaf hafa viljað sjá tré. Fyrir skemmstu var ég svo á ferðinni í Marokkó og þar hitti ég annan mann sem dreymdi um að sjá snjó. Ef ég fer aftur til Íslands myndi ég eflaust hitta einhvern sem ætti þann draum heitastan að sjá maur,“ segir Chris og skellir upp úr.

Að faðma lögfræðinginn sinn

Þó vinið sé gott og glaumur Grandaborgar heillandi er Chris ekki til setunnar boðið því enn á hann eftir að rýja ær sínar. Við höldum því af stað í átt að fararskjóta hans. Á leiðinni spyr ég hann hvað sé svo heillandi við Spán. „Það kann að hljóma klisjulega en Spánverjar eru svo hlýir og létir á bárunni. Þetta hefur haft mikil áhrif á mig, til dæmis er ég fyrir löngu farnin að faðma alla að mér. Þegar ég hitti lögfræðinginn minn í Madrid þá endar fundur okkar íðulega með faðmlagi. Á Englandi tíðkast það ekki að faðma lögfræðinginn sinn,“ segir Chris og skellir upp úr.

Hann heldur þó aftur af sér þegar komið er að því að kveðja þennan norræna blaðamann eftir skemmtilegan fund og tekist er í hendur að norðurevrópskum síð.

ALLTAF BETRA VERÐ



msi
15,6"

ÖRGJÖRVI
Ati HD5470 SKJÁKORT

FARTÖLVA

MSI CX620
2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjúr • ATI HD5470 skjúkort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-bit

149.990



1080p
LCD BREIÐSKJÚR
Acer V223HQBB
21.5" Full HD LCD breiðskjúr með 1920x1080 punkta upplausn, 50.000:1 skerpu og 5ms svartíma.

32.990



**SJÓNVARPS
FLAKKARI**

DViCO TViX R-3300
Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 3.5" diska, afspilun yfir net, HDMI tengi, aðgerðir á skjá og fullkomin fjarstýring.

29.990



FARTÖLVA

Toshiba Satellite C650D-11R
2.2GHz Mobile AMD V Series V120 örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 250GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjúr • ATI Radeon HD 4250 PCI-Express skjúkort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

89.990



KJÖLTUSTANDUR

Logitech N315
Punnur og léttur kjöltustandur fyrir fartölvur. Verndar fyrir hita frá tölvu. Músaflötur sem rennur inn í standinn. Stámir fletir sem má þvo.

4.990



1.5 TB FLAKKARI

WD Elements 1.5TB
1.5 TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

22.990



HÁTALARAR

Logitech Z320 2.0
10W RMS kerfi með 2 hátölurum. 360° tækni sem gefur góðan hljóm allstaðar.

14.990



TÖLVUTILBOÐ

Ace AMD 3

- ACE Battle 4 turmkassi - 450W
- AM3 DualCore Athlon II 250 3.0GHz
- 2GB DDR2 minni
- 640GB WD Blue - SATA II diskur
- 22x Dual Layer DVD og CD skrifari
- 22" Philips 220C1SB LCD skjúr
- MSI GeForce N210 skjúkort
- Logitech S120 hátalarar
- 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D

129.990



TEIKNIBORÐ

Wacom Bamboo Pen A6
248x176x8,5 mm tölvuteikniborð með penna. Windows og Mac OS X. ArtRage 2 forritið fylgir.

12.990



LYKLABORÐ MÚS

Logitech MK300
Þráðlaust lykklaborð með aðrenndum íslenskum stöfum. Fjöldi flýttakka. Þráðlaus mús fylgir.

9.990



LEIKJAMÚS

Manhattan MLD Laser
Frábær 1600dpi laser leikjamús. Skipta má jafnharðan um hraðastillingar með sérstökum hnappi eftir aðstæðum í leikjum.

4.990

VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN

Þjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum

BORGUN
AÚDVELDAR VÍDSKIPTI

KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI

Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi



F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi

VELJUM ÍSLENSKT

**SKÓLA
TILBOÐ**

TÖLVU LISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
SÍMI 414 1700

GLERÁRGÖTU 30
SÍMI 414 1730

MIDVANGI 2-4
SÍMI 414 1735

HAFNARGÖTU 90
SÍMI 414 1740

AUSTURVEGI 34
SÍMI 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1750

ÚTSALAN Í FU



**40%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM LEIK-
FÖNGUM!**



**SPARID
1.000**

**THERMO LUX
sæng og kodd**
Góð sæng, fyllt með 2 x 550
gr. af sílikonmeðhöndluðum
holtrefjum. Má þvo á 90°C.
Sæng: 140 x 200 sm
Koddi: 50 x 70 sm.

SÆNG + KODDI ÁÐUR: 4.995,-

3.995,-



GEGNHEIL EIK

**44%
AFSLÁTTUR**

LIVA fataskápur
Mjög góður fataskápur úr LIVA
línunni úr olúborinni eik. 3 hurðir
og 3 skúffur. Stærð: B138 x H190 x
D61 sm.

FATASKÁPUR ÁÐUR: 79.950,-

44.950,-



**84%
AFSLÁTTUR**

SÆNGURVERASETT ÁÐUR: 2.495,-

399,-

AC MILAN sængurverasett
Sængurverasett úr 100% bómmull. Stærð: 140 x 200
sm. og koddaver 50 x 70 sm.

**83%
AFSLÁTTUR**

Gólfmotta
Flott HIGH
SCHOOL
MUSICAL gólf-
motta á frábæru
verði! Stærð:
100 x 120 sm.



MOTTA ÁÐUR: 5.995,-

995,-

**50%
AFSLÁTTUR**

WellPur™

HEILSUKODDI ÁÐUR: 3.995,-

1.995,-

WELLPUR heilsukoddi
Frábær heilsukoddi með sérhönnuðum
svampi sem hefur þrýstijafnandi eigin-
lega. Koddinn styður vel við háls
og hnakka. Stærð: 42 x
65 sm.

**40%
AFSLÁTTUR**

**KRONBORG
sængurverasett**
Falleg krepssængur-
verasett á frábæru
tilboði! Stærð: 140
x 200 sm.



ULLUM GANGI!



**42%
AFSLATTUR**

SÓFASETT 3+2 ÁÐUR: 259.950,-

149.950,-

**MANCHESTER
sófasett**
Fallegt, dökkbrúnt
sófasett úr bycast leðri.
Stærð á 2ja sæta:
B178 x H94 x D93
sm. Stærð á 3ja sæta:
B220 x H94 x D93 sm.

**SPARIÐ
110.000**



**90%
AFSLATTUR**

Leðurbelti
Svart leðurbelti fyrir
herra á frábæru
verði!

BELTI ÁÐUR: 995,-

99,-



**40%
AFSLATTUR**

BORÐ + STÓLL ÁÐUR: 9.995,-

5.995,-

Skrifborð + skrifborðsstóll
Skrifborð og skrifborðsstóll á frábæru verði!
Stærð á borði: 70 x 48 x 73 sm.

Hettupeysa
Flott, rennd
hettupeysa.
Stærðir: 116-
176 sm.



**50%
AFSLATTUR**

HETTUPEYSA ÁÐUR: 3.995,-

1.995,-



**50%
AFSLATTUR**

100 GR. DOKKA ÁÐUR: 645,-

322,-

BIG VALUE DK garn
Frábært acrylgarn í mörgum fallegum litum. Tilvalið í dúkkuföt,
teppi, peysur eða hvað sem er. Frábært og sérlega gott garn.
100 gr. dokka. EFni: 100% acryl.



SÆNGURVERASETT ÁÐUR: 2.495,-

1.495,-

Gerviblóm í potti
Falleg gerviblóm
í potti. Margar
mismunandi gerðir.
Frábært verð!



1 STK. ÁÐUR: 1.295,-

499,-

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Herramenn og ungrúr Íslands

Bækurnar um Herramennina og ungrúrnar sem síðar bættust við, eftir Roger Hargreaves, hafa komið út hér á landi í slétt þrjátíu ár og notið mikilla vinsælda. Í tilefni tímamótanna fékk *Kjartan Guðmundsson* nokkra valinkunna andans álitsgjafa til að segja til um hvaða Íslendingar gætu mögulega séð sjálfa sig í Herra Subba, Ungfrú Ráðríki og fleiri félögum þeirra.

ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS




FREYR EYJÓLFSSON
FJÖLMÍÐLAMÁÐUR



HILDUR LILLIENDAHL
SKÁLD



JÓHANN ALFRED
KRISTINSSON GRÍNISTI



HERRA SUBBI

H: „Sveinn Andri Sveinsson. Tekur að sér subbulegustu málin.“

F: „Íslenski útrásarvíkingurinn. Búinn að sverta orðspor Íslendinga um aldur og ævi.“

J: „Hrafn Gunnlaugsson er Herra Subbi. Hann er kannski ekki á sama máli en borgaryfirvöld voru það og Herra Subbi var látinn taka til eftir sig á eigin kostnað.“



UNGFRÚ STJARNA

H: „Haffi Haff er svo mikil stjarna að eitt tungumál dugar honum ekki til að mynda setningu. Þar fyrir utan eru ekki allir nógu frægir til að geta haldið þrenna útgáfutónleika á sama staðnum sama daginn.“

F: „Ásdís Rán. Sún eina sem gæti titlað sig sem stjarna í símaskránni.“

J: „Halló! Ásdís Rán Gunnarsdóttir á stjórnunni í Playboy. MYNDIR!“



HERRA RUGLI

H: „Árni Páll Árnason er augljóslega Herra Rugli, enda ruglar hann fram og til baka. Og svo er hann súkkulaðiþrúnn eins og herra Rugli.“

F: „Íslenski þingmaðurinn.“


J: „Hér er um auðugan garð að gresja og í raun nýr Herra Rugli í hverri viku en nýlegast var það auðvitað Runólfur sem var í ruglinu. Engin fyrirgreiðsla sem máli skiptir svo sem, kannski hálfur milljarður. Einmitt!“

HERRA ÖNUGUR

H: „Eiður Svanberg Guðnason. Það er eins og hann sé að reyna að ávinna sér hatur. Aldrei hefur nokkur maður verið jafnönugur og jafn viljugur til að sýna það á sama tíma.“

F: „Davíð Oddsson. Virðist sérlega önugur í skrifum sínum og hegðun.“

J: „Þjóðfélags- og veitingarýnirinn Jónas Kristjánsson er skuldlaust önugastur allra Íslendinga. Bloggfærslan „Er nema von að ég sé kallaður einmana, gamall og geðstírur?“ segir allt sem segja þarf.“



UNGFRÚ RÁÐRÍK

H: „Agnes Bragadóttir. Ráðrík er vægt til orða tekið. Það er auðvelt að ímynda sér hissíftin heima hjá Agnesi þegar hún fær ekki það sem hún vill.“

F: „Björk Guðmundsdóttir. Sendir stjórnvöldum og viðskiptajöfrum tóninn í Magma-málinu.“

J: „Það er sama hvað ég velti þessu fyrir mér, alltaf kemur Álfheiður Ingadóttir upp í hugann. Hún er svona ráðríki í ríkinu. Spyrið bara Steingrím Ara.“



UNGFRÚ HEPPIN

H: „Ragnheiður Elín Clausen. Þetta eru öfugmæli. Hún er ýmist rekin eða hrakin af öllum stöðum sem hún reynir að koma sér inn í. Verður fyrir einelti í keramikdeild LHI, hrökklast svo milli skóla og vinnustaða næstu tíu árin og er að lokum rekin tíu sinnum af Facebook. Geri aðrir betur.“

F: „Kúlulánadrottningin. Milljarðamæringar sem fá skuldir afskrifaðar og eignast fyrirtækin sín aftur.“

J: „Ungfrú Heppin er skattadrottning Íslands og heitir Guðbjörg Matthíasdóttir. Guðbjörg seldi auðvitað 1,7 prósent í Glitni korteri fyrir þjóðnýtingu fyrir fleiri milljarða. Hún er einhvers konar frummynd heppinnar þessi kona. Hvernig væri ef landsliðið í fótbolta fengi smá lánað af þessari heppni!“



HERRA SÆLL

H: „Maggi mix. Ekkert kemur þessum dreng úr jafnvægi. Hann er lukkudýr heillar kynslóðar og er fullfær um að leiða hjá sér gagnrýnisráddir – nú, eða svara þeim með léttu tónlistartriði.“

F: „Jón Gnarr. Alltaf svo glaður og ætlar að gera alla aðra glaða í kringum sig.“

J: „Friðrik Weissappel er eitthvað svo einstaklega vel haldinn og flottur úti í Kaupmannahöfn. Hann veit líka að sælla er að gefa en að þiggja.“



UNGFRÚ STRÍÐIN

H: „Elly Ármanns. Dundar sér við að skrifa fyrirsagnir sem sjá Barnalandi fyrir umræðuefni dögum saman, hallar sér svo afturábak í stólnum og horfir á landann froðufella af bræði meðan heimsóknateljari á síðunni bræðir úr sér undan álaginu.“

F: „Íslenska krónan. Hefur strítt Íslendingum meira en góðu hófi gegnir.“

J: „Það er þá helst Björk Guðmundsdóttir. Hún er alltaf eitthvað að flippa og að stríða auðvaldinu og svona. Svo þurrar hún örugglega á magann á Matthew áður en þau fara að sofa.“

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

ágúst 2010

Kemur í stað korns

Kartöflur eru skemmtilegt bökunarefni að sögn Jóns Areliussonar bakara sem segir þær þó sorglega lítið notaðar í bakaríum.

SÍÐA 2



Pólskar hefðir

Kartöflur eru snar þáttur í mataræði Pólverja og eru notaðar bæði sem undirstaða máltíðar og meðlæti.

SÍÐA 4



Kartöflur í súkkulaðibúningi

Kartöflur er hægt að nota í hvers kyns mat og bakstur og jafnvel í dísæta eftirrætti.



Hárgreiðslumeistarinn Sigríður Valdís Bergvinsdóttir, öðru nafni kartöflukonan, er einhver ötulasti talsmaður kartöflunnar á Íslandi. Hún var framkvæmdastjóri yfir ári kartöflunnar

árið 2008 og tókst að varpa nýju og skemmtilegu ljósi á það sem er hægt að gera úr kartöflum. Sama ár gaf hún út veglegan bækling með tíu kartöfluréttum en þar er meðal annars að finna dísæta eftirrætti. Það kann að hljóma einkennilega en Sigríður segir kart-

öflur tilvaldar í brauð- og jafnvel kökubakstur.

„Þær eiga þátt í að lyfta bakstrinum og þess vegna er jafnvel hægt að sleppa lyftidufti. Þá eru þær ekki bragðmiklar og því hinn besti grunnur.“

Sigríður er sífellt að þróa nýja

rætti og gefur uppskrift að kartöflukökum sem er hægt að baka undir berum himni. „Ég er mikil útivistarkona og reyni eins og ég get að aðlaga uppskriftir þannig að ég geti eldað þær úti í náttúrunni.“

FRAMHALD Á SÍÐU 6

SPARI
DAGAR
2010



40" LED SJÓNVARP

FULL HD · 1920x1080 WXGA upplausn (16:9)
4 ms svartími · DVB-T móttakari

LC40LE600 | LC40LE700
LISTAVERÐ: 40": 339.900,- LISTAVERÐ: 40": 389.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 229.900,- SPARIDAGAVERÐ: 259.900,-



AEG

AEG ÞVOTTAVÉL

1200 snúninga · Taumagn: 6 kg
Íslenskt stjórnborð

LAVAMAT S2840
LISTAVERÐ: 129.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-



AEG ÞURRKARI

Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg

LAVATHERM-T55460
LISTAVERÐ: 119.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 89.900,-

20%
afsláttur

af AEG þvottatækjum,
kæliskápum, ofnum,
helluborðum, gufugleypum
og ryksugum

GÆÐI OG GOTT VERÐ
FARA ALLTAF SAMAN HJÁ

ORMSSON

Sparidagar Ormsson
í 10 ár

Umboðsmenn um land allt!

LÁGMÚLA 8 Heimilistæki · SÍÐUMÚLA 9 Hljómtæki · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

PÖGUL BARÁTTA

Marta María Friðriksdóttir skrifar

Kartöflur kalla fram margar minningar. Fyrstu minningarnar um kartöflur eru úr sveitinni þegar verið var að taka þær upp á haustin, allaf í hráslagaveðri og rigningu. Við systurnar litlar að skottast í kringum þau sem eldri voru þar til við vorum gripnar og okkur kennt allt um stóru og ljótu „mömmukartöfluna“. Kaldir fingurnir fengu að koma við ófrýnilega „mömmuna“ og hún var skoðuð í krók og kring. Svo var haldið inn í hitann þar sem nýuppteknar, soðnar kartöflurnar voru borðaðar með bestu lyst. Tilhugsunin um krumpaða „mömmuna“ fylgir mér þó alltaf þegar ég borða kartöflur.



Við kartaflan höfum lengi háð þögla baráttu. Matardiskurinn minn lítur oft nokkuð tómlega út. Ég hef nefnilega vanið mig á það að borða mat í skömmtum, fyrst aðalréttinn og svo meðlætið ef eitthvert pláss er eftir. Svo ég skjóti því inn í þá hentaði þetta form neyslu mér afskaplega vel þegar ég bjó í Frakklandi sumarlangt. Frakkarnir sem ég bjó hjá borðuðu einmitt aðalréttinn sér og salat annaðhvort fyrir eða eftir. En aftur að meðlætinu. Eftir að aðal-

réttarins hefur verið neytt reynist því miður oft ekki pláss fyrir meðlæti eins og til dæmis kartöflur og því hefur fólk lengi grunað að mér þættu þær ekkert sérlega góðar, sem ekki er rétt. Þess vegna höfum við kartaflan háð þögla baráttu hvor við aðra sem snýst um það að ég leyfi kartöflunum að fylgja með á diskinn með aðalréttinum, úr því að verið var að hafa fyrir því að sjóða þær á annað borð.

Í gegnum tíðina hefur matreiðsla kartaflna í kringum mig oftast verið á þá leið að þær hafa verið soðnar, hugsanlega steiktar eða settar í gratín og ekki má nú gleyma frönskunum. Það verður nú reyndar að viðurkennast að matreiðsla kartaflna er talsvert lítil á mínu eigin heimili, og reyndar bara matreiðsla yfir höfuð. Ég flutti að heiman fyrr á þessu ári og kartöflur hafa því miður aldrei lent í pottum eða á pönnum mínum.

Ætli það sé eins með mig og Norðmenn sem hafa aldrei neytt jafnlítils af kartöflum? Þetta las ég í sumar á vef Bændablaðsins og þótti talsvert merkilegt. Hver Norðmaður neytti aðeins um 25 kíló af kartöflum í fyrra á meðan Hvít-Rússar borðuðu rúmlega þrjú hundruð kíló á mann á ársgrundvelli. Sérfræðingar þar ytra telja að þessi litla kartöfluneysla Norðmanna stafi af tímaleysi fólks eða því hversu stutt kartöflutímabilið sé. Ég rek mína litlu kartöfluneyslu frekar til hins síðarnefnda því nýjar íslenskar kartöflur eru alltaf bestar eða kannski er skýringin sú að krumpaða „mamman“ starir alltaf á mig af disknum.

Ég fékk hugljómun í vikunni þegar verið var að ræða um kartöflur í brauð, kökur og ýmsa aðra rétti. Hvernig bragðast til dæmis kartöflur og súkkulaði saman, minnir það eitthvað á soðna meðlæti? Mig langar eiginlega að fara að elda!

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:



Aðalréttur



Meðlæti



Hvunnudags



Kökur



Grænmeti

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjórn: Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir

Forsíðumynd: Ragnheiður Guðmundsdóttir **Pennar:** Vera Einarsdóttir

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir Marta María Friðriksdóttir Gunnþóra Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:**

Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is



Reykhólahreppur er þekktur fyrir mikla náttúrfeegurð. Reykhólahreppur er u.þ.b. 300 manna sveitarfélag með fjölbreyttu mannlífi. Helmingur íbúa býr í byggðarkjarnanum á Reykhólum, þar eru grunnskóli, leikskóli, sundlaug og íþróttahús. Finna má nánari upplýsingar um Reykhólahrepp á vefsíðunni reyk-holar.is. Starfsstöð sveitarstjóra er á Reykhólum. Við auglýsum eftir duglegum og áhugasömum sveitarstjóra sem getur hafið störf sem fyrst.

Helstu kostir sveitarstjóra þurfa að vera:

Jákvæðni og færni í stjórnun og mannlegum samskiptum.

Áhugi og reynsla af rekstri og stjórnsýslu sveitarfélaga.

Áhugi á uppbyggingu samfélagsins og reynsla af markaðs- og kynningarmálum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst næstkomandi.

Áhugasamir sendi inn skriflegar umsóknir til Skrifstofu Reykhólahrepps. Merkt sveitarstjóri. Mariútröð 5, 380 Reykhólahreppur.

Skrifstofustjóri skrifstofu Reykhólahrepps.

Starf skrifstofustjóra á sveitastjórnarskrifstofu Reykhólahrepps er laust til umsóknar.

Auglýsum eftir duglegum og áhugasömum skrifstofustjóra, þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

Reynsla og þekking af bókhaldi og launavinnslu.

Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.

Áhugasamir sendi inn skriflegar umsóknir til Skrifstofu Reykhólahrepps. Merkt skrifstofustjóri. Mariútröð 5, 380 Reykhólahreppur.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps.



Starfsmaður óskast

Hönnunaryrirtækið Farmers Market leitar að starfsmanni. Helstu verkefni eru afgreiðsla í verslun, samskipti við söluaðila, símsvörun og ýmislegt sem til fellur hjá litlu sprotayrirtæki. Vinnutími er 10-18 á virkum dögum.

Óskað er eftir samviskusömum einstaklingi með góða þjónustulund sem getur unnið sjálfstætt.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september.

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá með mynd í tölvupósti á netfangið: starf@farmersmarket.is

www.farmersmarket.is



Vínkyningar

Mekka Wines & Spirits, einn stærsti áfengisheildsali landsins, leitar að einstaklingi sem getur tekið að sér kynningar á vínnum við ýmis tækifæri.

Vinnutími er ekki fastur, heldur breytilegur og mismikill.

Viðkomandi þarf að ...

- vera orðinn 20 ára.
- vera læður þjónn eða hafa brennandi áhuga/þekkingu á vínnum.
- vera opin og heiðarlegur.
- vera laginn í mannlegum samskiptum.

Kíktu á www.mekka.is og þá sérðu vörurval Mekka W&S.

Vinsamlegast skilið inn umsókn með mynd á netfangið umsokn@mekka.is með upplýsingum um menntun og starfsreynslu.

Umsóknarfrestur er til 30. ágúst.

Netvistun óskar eftir starfsfólki:

Fornitar óskast:
Netvistun leitar af einstakling sem hefur gott vald á PHP / MySQL / Javascript / HTML. Framundan eru spennandi og krefjandi verkefni. Ekki er farið fram á háskólamenntun.

Sökumenn óskast:
Netvistun leitar af öflugum sökufólki. Starfið snýst um að afa nýrri vefsíðum og vefsíðum. Laun eru órangustengd og tekjumöguleikar því mikill. Það sem þú þarft að hafa fram að fara er:

- Einstakir söluafleikar
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Meirnaður í starfi
- Stundvís og skipulögð vinnubrögð

Þú hefur áhuga á að taka þátt í samfélagslegu uppbyggingarstarfi með miklu framsýningu og vinnuáhrifum? Sendu okkur umsókn og starfsreynslu á netfangið: an@netvistun.is Tveituvöðvegur 20, ágúst



www.netvistun.is

Netvistun hefur meðal annars





Lögfræðingur

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti fer með mál er varða efnahagsmál, viðskiptamál og málefni fjármálamarkaðar.

Vegna afleysinga er laust til umsóknar tímabundið starf lögfræðings í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

Lögfræðingur sinnir einstökum verkefnum á hinum þremur fagskrifstofum ráðuneytisins sem eru skrifstofa efnahagsmála, skrifstofa fjármálamarkaðar og skrifstofa viðskiptamála.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kandidats- eða meistaraþróf í lögfræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnslu æskileg
- Reynsla og þekking á verkefnasviði ráðuneytisins æskileg
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og í einu Norðurlandamáli æskileg.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðningartími er níu mánuðir. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

Umsókn

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 578 1145. Umsóknarfrestur er til 30. ágúst n.k. Umsókn með ferliskrá óskast fylltar út á www.intellecta.is.

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirsöfnun og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík
Sími 511 1225 Fax 511 1126
intellecta@intellecta.is
www.intellecta.is



E/S

Einkaleyfastofan

Einkaleyfastofan fer með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðamerki og önnur hlíðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðsamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Stofnunin starfar samkvæmt reglugerð nr. 188/1991 um Einkaleyfastofu. Um embættið gilda enn fremur lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Vegna tímabundins leyfis forstjóra Einkaleyfastofu er embættið laust til umsóknar með setningar-tíma frá 1. október 2010 til tveggja ára. Efnahags- og viðskiptaráðherra setur í embættið.

Um er að ræða fullt starf. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum. Forstjóri Einkaleyfastofu ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar gagnvart efnahags- og viðskiptaráðherra.

Helstu verkefni

- Stjórnun og stefnumótun
- Áætlanagerð
- Daglegur rekstur
- Starfsmannamál
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða í lögfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegu námi
- Þekking og reynsla á verkefnasviði Einkaleyfastofu
- Þekking á sviði opinberrar stjórnslu
- Stjórnunarreynsla og leiðtogaþæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Með vísan til jafnréttis laga eru konur jafnt sem karlar hvattar til þess að sækja um embættið.

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík
Sími 511 1225 Fax 511 1126
intellecta@intellecta.is
www.intellecta.is

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 578 1145. Umsóknarfrestur er til 30. ágúst n.k. Umsókn með ferliskrá óskast fylltar út á www.intellecta.is. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að sinna embættinu. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirsöfnun og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

Starfsmaður í móttöku sjúkráþjálfunar og heilsuræktar.

Sjúkráþjálfun STYRKUR ehf óskar eftir starfsmanni í móttöku eftir hádegi frá kl. 12.15 – 17.00. Starfið felst m.a í símaþróslu, móttöku viðskiptavina, tímabókunum, tölvuskráningu, frágangi o.fl. Óskað er eftir vingjarnlegum, áhugasömum og röskum einstaklingi sem er að leita eftir framtíðarstarfi og getur hafið störf strax.

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilsskrá á netfangið audurstyrkur@simnet.is fyrir 21. ágúst 2010.



Landakotsskóli Stuðningsfulltrúi



Stuðningsfulltrúa vantar í 60%-100% starf við skólann frá og með upphafi skólaárs. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sölvi Sveinsson skólastjóri í síma 510 8200 eða í netfanginu solvi.sveinsson@reykjavik.is.

Landakotsskóli ses er sjálfseignarstofnun. Þar starfa 20-30 manns og nemendur eru á annað hundrað. Skólinn býður upp á metnaðarfullt nám fyrir allt frá fimm ára börnum upp í 10. bekk, trausta kennslu og heimilislegt andrúmsloft.


Æskulýðsfulltrúi, hálf starf

Ástjarnarkirkja í Hafnarfirði óskar eftir að ráða æskulýðsfulltrúa í 50% starf til að taka við öflugum starfi sóknarinnar með börnum og unglingum.

Krafist er djákna- eða guðfræðiprófs, uppeldismentunar eða annarrar menntunar sem nýtist í starfi. Reynsla af æskulýðsstarfi er skilyrði. Starfsmaður þarf að hefja störf 1. september.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist til Ástjarnarkirkju, Kirkjuvöllum 1, 221 Hafnarfirði fyrir 28. ágúst, merkt „Æskulýðsfulltrúi“.

Sóknarnefnd Ástjarnarsóknar



VAKI

Vaki er leiðandi fyrirtæki í þróun og markaðssetningu tækniþúnaðar fyrir fiskeldi. Nánast öll framleiðsla er seld á erlenda markaði í gegnum umboðsaðila eða dótturfyrirtæki erlendis. Starfsmenn á Íslandi eru 16 og 6 starfa í dótturfyrirtæki Vaka í Chile.

Hugbúnaðarsérfræðingur

Framtíðin er björt og við erum að stækka, þess vegna leitum við að öflugum einstaklingi til þess að takast á við spennandi verkefni sem eru framundan hjá okkur.

Helstu verkefni:

- Um er að ræða hönnun og uppbyggingu á hugbúnaði fyrir framleiðslustýringu fiskeldis, ásamt samtengingu tækniþúnaðar frá Vaka. Einnig viðbætur við núverandi hugbúnað.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði.
- Þekking á C#, Delphi, SQL.
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar.



Vaki hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands árið 2009.

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Landsbankinn

Landsbankinn er stærsta fjármála-fyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Starfsmenn eru um 1100 talsins og útibúanet bankans telur 37 útibú og afgreiðslur um land allt.

Mannauðsstjóri

Landsbankinn auglýsir starf mannauðsstjóra laust til umsóknar. Starfið felur í sér áherslu á metnaðarfulla mannauðsstefnu og góða fyrirtækjamenningu. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi til að annast þetta ábyrgðarmikla og fjölbreytta starf.

Helstu verkþættir:

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðstengdum málum
- Stuðla að traustri fyrirtækjamenningu
- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni
- Umsjón með starfsþróunarmálum
- Mat á mannaflapörf og umsjón með ráðningum
- Ábyrgð á gerð starfslýsinga og starfssamninga
- Þátttaka í mótun og framkvæmd launastefnu

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun er skilyrði og framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er æskileg
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar er nauðsynleg
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð

Upplýsingar veita:

Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is
og Sturla J. Hreinsson, sturla@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



LÖGFRÆÐINGUR

Samtök atvinnulífsins leita að lögfræðingi til starfa á skrifstofu samtakanna.

Helstu verkefni:

- Gerð og túlkun kjarasamninga
- Lögfræðileg ráðgjöf og þjónusta við aðildarfyrirtæki SA, einkum á sviði vinnuréttar
- Málflutningur f.h. samtakanna eða aðildarfyrirtækja þeirra
- Gerð umsagna um þingmál
- Þátttaka í undirbúningi stefnumótunar samtakanna í fjölmörgum mikilvægum málaflokkum
- Aðkoma að alþjóðlegu samstarfi

Á vinnumarkaðssviði samtakanna starfa sex lögmennt. Leitað er að öflugum einstaklingi með embættis- eða masterspróf í lögfræði, nokkra starfsreynslu úr atvinnulífinu eða viðeigandi starfsreynslu á öðrum vettvangi og/eða viðbótarnám sem nýtist í starfi. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á vinnurétti og lögmannsréttindi.

Upplýsingar veita Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, í síma 821 0019 og Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur SA, í síma 821 0020.

Umsóknir berist á skrifstofu SA í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík eða með tölvupósti til ragnar@sa.is.

Umsóknarfrestur er til 30. ágúst nk.

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs og málsvari atvinnurekenda í hagsmunamálum þeirra. Innan vébanda samtakanna eru átta aðildarfélag sem starfa á grunni atvinnugreina. Aðild að SA eiga um 2.000 smá og stór fyrirtæki þar sem starfa u.þ.b. 55.000 starfsmenn eða um helmingur launamanna á almennum vinnumarkaði á Íslandi.

Hjá SA starfa 19 starfsmenn sem búa yfir margvíslegri sérfræðipekkingu og sinna m.a. vinnuþáttum skatta-, umhverfis-, samkeppnis- og menntamála auk samstarfs við stjórnvöld og setu í margvíslegum stjórnnum og nefndum, m.a. samningahópum vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB. SA taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda en samtökin reka einnig skrifstofu í Brussel.

Nánari upplýsingar um Samtök atvinnulífsins er að finna á vef SA: www.sa.is



Framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar

Fríhöfnin óskar að ráða kraftmikinn og áhugasaman framkvæmdastjóra sem hefur hæfileika til að þróa áfram sterkan verslunarrekstur með því hæfa starfsfólki sem félagið hefur á að skipa. Um er að ræða skemmtilegt og spennandi starf í fjölbreytlegu og alþjóðlegu umhverfi.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Yfirumsjón með rekstri Fríhafnarinnar s.s. innkaupum, samningsgerð við alla birgja á verslunarsviði, birgðahaldi, birgðastýringu, framlegðarbókhaldi og mótun sölu- og vörustefnu félagsins
- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi Fríhafnarinnar ásamt áætlanagerð og eftirfylgni
- Öll almenn framkvæmdastjórn og yfirumsjón með öllum verkefnum félagsins samkvæmt samþykktum og starfsreglum félagsins
- Frumkvæði og stefnumótun varðandi þróun og skipulag félagsins
- Leggur upp og undirbýr verkefni stjórnar, umfjöllun og úrvinnslu
- Ýmis innlend og erlend samskipti er snúa að innkaupamálum félagsins og tengslum við aðila sem vinna í verslunarrekstri á ferðamarkaðnum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, verkfræði og/eða stjórnunar er skilyrði
- Reynsla af stjórnunarstörfum er skilyrði
- Hæfni í gerð samninga
- Viðtæk þekking á fjármálum í rekstri fyrirtækja
- Áhersla er lögð á að umsækjandi hafi mikla samskiptahæfileika og sé sterkur stjórnandi með góða og örugga framkomu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu

Fríhöfnin hefur sett sér það markmið að vera ávallt til fyrirmyndar í jafnréttismálum. Í jafnréttisáætlun félagsins er unnið að því markmiði með margvíslegum hætti og leggur Fríhöfnin áherslu á að jafna hlutfall kynjanna í sambærilegum stöðum, einkum í stjórnunar- og áhrifastöðum eins og jafnréttislög gera ráð fyrir. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.



Fríhöfnin ehf. er dótturfyrirtæki ISAVIA ohf. og annast rekstur 5 verslana í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Félagið er stærsta verslunaryrirtækið í flugstöðinni með um 100 starfsmenn og ársveltu upp á tæpa 5 milljarða króna. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti og nú nýlega bættist við fatnaður þar sem Fríhöfnin tók yfir rekstur Saga Shop sem er staðsett á brottfararsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Fríhöfnin er framsækið fyrirtæki í sibreytilegum ferðaheimi þar sem markmiðið er að bjóða upp á gæðavörur á góðu verði í samkeppni við verslanir á erlendum flugvöllum.

Umsóknir skulu sendar til Hagvangs, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík eða fylltar út á www.hagvangur.is með ítarlegum upplýsingum um náms- og starfsferil.

Nánari upplýsingar: Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til 17. ágúst.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Starf á rekstrarsviði	Samkeppniseftirlitið	Reykjavík	201008/038
Skjalastjóri Íbúðalánasjóðs	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201008/037
Sviðsstjóri rekstrarsviðs	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201008/036
Bókasafns- og upplýsingafr.	Félags- og tryggingamálar.	Reykjavík	201008/035
Þjónustufulltrúi	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð	Reykjavík	201008/034
Lögreglumaður	Lögreglustjórinn á Selfossi	Selfoss	201008/033
Talmeinafræðingur	LSH, talmeinaþjónusta	Reykjavík	201008/032
Ræstitæknir	Menntaskólinn á Tröllaskaga	Reykjavík	201008/031
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201008/030
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201008/029
Yfirproskapjálfi	Sv.skrifstofa mál.fatl. í Reykjavík	Reykjavík	201008/028
Hjúkrunardeildarstjóri vökudeildar	LSH, vökudeild	Reykjavík	201008/027
Aðstoðarmaður talmeinafræðinga	LSH, talmeinaþjónusta	Reykjavík	201008/026
Verkefnisstjóri	Landbúnaðarháskóli Íslands	Reykjavík	201008/025
Heilbrigðisritari, skrifstofumaður	LSH, barna- og unglingageðd.	Reykjavík	201008/024
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofun Vestfjarða	Bolungavík	201008/023
Yfirproskapjálfi	Sv.skrifstofa mál.fatl. í Reykjavík	Reykjavík	201008/022
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201008/021
Löglærðir fulltrúar	Lögreglustj. á höfuðborgarsv.	Reykjavík	201008/020
Símaverðir	LSH, símaver	Reykjavík	201008/019

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~


Starfatorg.is

Starfskraftur óskast í Úra- og skartgripaverslun í Reykjavík.

Verslunin er starfrækt í verslunarkjarna utan miðborgarinnar. Um er að ræða hlutastarf ca.65% og gert er ráð fyrir að unnið sé þriðja hvern laugardag. Vinnutími er fastmótaður en örlítið breytilegur yfir vikuna.

Starfið felst í afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavinum ásamt því að sjá um annað sem tilheyrir daglegum rekstri sérsverslunar.

Óskað er eftir þjónustuliprum og áreiðanlegum aðila. Meðmæli eru æskileg. Gott væri að viðkomandi gæti byrjað ekki síðar en í ágúst. Áhugasamir sendi umsókn ásamt mynd á netfangið: axgull@heimsnet.is



Kennari óskast

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, óskar að ráða vélfræðing með reynslu sem vélstjóri og með kennsluréttindi til kennslu í Vél-tækniskólanum.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson skólustjóri Vél-tækniskólans í síma 514 9501 eða í tölvupósti egu@tskoli.is.

Umsóknarfrestur er til 20. ágúst. Kjör samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ. Umsóknir sendist á bg@tskoli.is.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Komdu í lið með okkur



Forritarar og ráðgjafar í Microsoft Dynamics AX – alþjóðleg verkefni

Annata þróar viðamiklar hugbúnaðarlausnir sem notaðar eru af fyrirtækjum um allan heim. Aukin eftirspurn og kröfur markaðarins um nýja virkni og stuðning við viðskiptavinum á ólíkum markaðssvæðum gerir okkur kleift að bæta við okkur forriturum og ráðgjöfum.

Við leitum að hæfileikaríkum einstaklingum sem hafa áhuga á því að verða hluti af þróunar- og ráðgjafahópum Annata. Óskað er eftir tölvunar-, verk- eða kerfisfræðingum í hugbúnaðarþróun og jafnframt viðskiptamenntuðum einstaklingum til að styrkja ráðgjafateymi okkar. Við hvetjum sérstaklega þá sem eru nýtskrifaðir (eða við það að útskrifast) að sækja um.

Annata býður þeim sem ekki hafa reynslu af Dynamics AX upp á skipulagða þjálfun á sviði hugbúnaðarþróunar og ráðgjafar á hinum ýmsu sviðum Dynamics AX viðskiptalausna og jafnframt þjálfun í sérlausnum Annata.

Lausnir okkar eru skrifaðar í Microsoft Dynamics AX og Microsoft Visual Studio þar sem notast er við hlutbundin forritunarmál eins og X++ og C#. Áhersla er lögð á metnað, gæði, gott vinnuumhverfi og góðan starfsanda.

Lausnir okkar eru gæðavottaðar undir "Certified for Microsoft Dynamics".

Áhugasamir sendi umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu á netfangið johann@annata.is. Nánari upplýsingar veitir Jóhann Jónsson í sama netfangi. Fullum trúnaði heitið.

Annata veitir þjónustu til viðskiptavina hér á landi og í fjölmörgum löndum utan Íslands. Skrifstofur okkar eru á Íslandi, Bretlandseyjum, Svíþjóð og Danmörku og eru starfsmenn riflega 60 talsins. Við störfum náið með samstarfsaðilum víða um allan heim. Starfsumhverfið er óþvingað og afslappað. Umbunin er fyllilega í takt við framlag og mjög samkeppnishæf. Mikil áhersla er lögð á þjálfun starfsmanna og faglegur aðbúnaður er fyrsta flokks. Þótt vinnan sé tekin alvarlega, skemmtum við okkur reglulega og starfsmannafélagið er mjög virkt.

Hugbúnaður | Ráðgjöf

Mörkinn 4 108 Reykjavík Sími 412 1000 Fax 568 4201

Ísland | Bretland | Svíþjóð | Danmörk | Hong Kong

annata
www.annata.is



Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Actavis hf. er eitt af dótturfyrirtækjum samstæðunnar og er framleiðslueining fyrirtækisins hér á Íslandi. Hjú Actavis á Íslandi starfa um 600 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Sérfræðingur í gæðamálum - Quality Systems Specialist

Quality Systems deild Actavis Group sér um samræmingu gæðamála innan Actavis samstæðunnar, metur stöðu gæðamála og aðstoðar við gæðaubætur.

Helstu verkefni:

- Vinna við viðhald á gæðahandbók samstæðunnar (Actavis Corporate Manual)
- Aðstoða gæðadeildir dótturfyrirtækja við innleiðingu gæðakerfa sem mæta kröfum handbókarinnar og kröfum yfirvalda á hverjum stað fyrir sig
- Vinna að gæðaubótum
- Taka út gæðakerfi dótturfyrirtækja og fylgjast með framgangi umbóta-verkefna og fylgja niðurstöðum eftir
- Veita sérfræðiráðgjöf í gæðamálum við lyfjaframleiðslu

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun
- með góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem býr yfir hæfileikum í textagerð
- sem er fljótur að tileinka sér ný vinnubrögð og þekkingu
- með þekkingu á GMP (kostur)
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum

Verkefnastjóri lyfjaupplýsinga

Lyfjaupplýsingadeild tilheyrir skráningasviði Actavis Group og ber ábyrgð á gerð lyfjaupplýsinga (product information) þegar verið er að sækja um markaðsleyfi fyrir lyf á alþjóðavísu sem og viðhald á lyfjaupplýsingum eftir veitingu markaðsleyfa. Til lyfjaupplýsinga telst samantekt um eiginleika viðkomandi lyfs, áletrun umbúða og upplýsingar í fylgiseðli sem ætlaður er notendum lyfsins. Verkefnastjóri er í miklum samskiptum við starfsmenn skráningarsviðs og lyfjagátarsviðs Actavis samstæpunnar bæði hérlendis og erlendis og er einnig í samskiptum við skráningaryfirvöld.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á gerð lyfjaupplýsinga vegna umsókna um markaðsleyfi
- Viðhald upplýsingatexta um lyf eftir veitingu markaðsleyfa
- Svára annmarkabréfum varðandi lyfjaupplýsingar í umsóknarferlum

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun í lyfjafræði eða sambærilega menntun
- með þekkingu á lyfjaskráningum (kostur)
- með mjög góða enskukunnáttu, önnur tungumálakunnáttu er kostur
- með reynslu af textagerð (kostur)
- sem er nákvæmur og sjálfstæður í vinnubrögðum
- með góða tölvukunnáttu

Sérfræðingur í framleiðsluteymi

Gæðatryggingardeild tilheyrir gæðasviði Actavis hf. Deildin ber ábyrgð á gæðaeftirliti með framleiðslu Actavis á Íslandi og losun afurða á markað. Framleiðsluteymi gæðatryggingardeildar sinnir margþættum störfum sem eiga að tryggja að öll framleiðsla á afurðum Actavis standist þær GMP kröfur og staðla sem fyrirtækið hefur sett sér. Starfið felur í sér talsverð samskipti við aðrar deildir Actavis.

Helstu verkefni:

- Útgáfa og viðhald rannsóknar- og geymslupólsforskrifta og gæðalýsinga framleiðsluvöru
- Rýni, yfirferð og samþykkt á framleiðsluskram
- Mat á frávikum/utanmarkaniðurstöðum
- Þátttaka í innri úttektum
- Eftirlit, gerð og viðhald skriflegra leiðbeininga og þjálfun starfsmanna

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun á sviði raunvísinda
- sem býr yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu
- með góða tölvukunnáttu
- sem tileinkar sér hratt ný vinnubrögð og þekkingu
- sem sýnir frumkvæði og getur unnið sjálfstætt

Umsóknarfrestur er til **22. ágúst nk.** og nánari upplýsingar um störfin veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Laus störf

í Skammtíamavistun á Sauðárkróki

Fjölskylduþjónusta Skagfirðinga auglýsir laus störf í Skammtíamavistun á Sauðárkróki. Auglýst er eftir starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna spennandi störf með fötluðum einstaklingum. Við leitum að þroskapjálfum, eða starfsmönnum með aðra menntun sem nýtist í starfi og/eða einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í málaflokknum.

Um er ræða 60-80% starfshlutfall í vaktavinnu.

Störfin eru laus frá 1. september n.k. eða eftir nánara samkomulagi.

Við ráðningu verður litið til menntunar og persónulegra eiginleika viðkomandi s.s. frumkvæðis, sveigjanleika, þjónustulundar og samstarfsvilja. Reynsla af starfi með fötluðum er kostur en ekki skilyrði. Karlmennt jafnt sem konur hvattir til að sækja um.

Laun samkv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila á netfangið doraheida@skagafjordur.is

Nánari upplýsingar veitir Dóra Heiða Halldórsdóttir, forstöðuþroskapjálfi í síma 692-7511, eða á netfanginu doraheida@skagafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 23. ágúst n.k.

Skammtíamavistun þjónustar Norðurland vestra. Markmið þjónustunnar er að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna/ungmenna/fullorðna og stuðla með þeim hætti að því að þeir geti búið sem lengst í heimahúsum. Einnig að veita hinum fatlaða tilbreytingu og eða til undirbúnings flutnings úr foreldrahúsum.

www.skagafjordur.is



Sölumaður óskast

Fyrirtækjasvið Innnes óskar að ráða kraftmikinn og áhugasaman sölumann til starfa.

Um er að ræða nýtt starf fagmanns með víðtæka þekkingu á matreiðsluviði þar sem fagþekking viðkomandi nýtist í samstarfi við fjölbreyttan hóp viðskiptavina okkar.

Í boði er krefjandi og spennandi starf fyrir einstakling þar sem reynir á góða þjónustulund, frumkvæði og samvinnuhæfni.

Við leitum að einstaklingi sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- Menntun á sviði matreiðslu og/eða yfirgripsmikil þekking
- Sé hugmyndaríkur og skapandi
- Hafi áþreifanlega reynslu og þekkingu í sölumennsku
- Hafi góða samskiptafærni, þjónustulund og faglega framkomu
- Sé sjálfstæður og skipulagður í vinnubrögðum
- Sýni frumkvæði
- Hafi víðtæka þekkingu á HORECA markaði
- Er reglusamur og stundvís
- Jákvætt viðhorf og dugnaður
- Góð tölvu- og íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Leifur Örn Leifsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Fyrirspurnir og umsóknir óskast sendar til framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs á netfangið: lol@innnes.is

Umsóknarfrestur er til 26. ágúst 2010

Innnes ehf. er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins þar sem flest vörumerki fyrirtækisins eru markaðsleiðandi á sínu sviði.

Hjá Innnes starfar öflug liðsheild starfsmanna sem leggur höfuðáherslu á þjónustulipurð, góð samskipti við viðskiptavini og nákvæma afgreiðslu pantana á réttum tíma. Við erum staðráðin í að vera fremst á okkar sviði!

Í dreifingarmiðstöð félagsins eru vörur geymdar við bestu aðstæður í háhillugeymslum, frysti- og kæliklefum. Gæðaeftirlit er samkvæmt GAMES eftirlitskerfinu og allar vöruhreyfingar eru skráðar með rafrænum hætti sem eykur nákvæmni og tryggir hraða þjónustu.

Stjórnandi óskast

Lúðrasveit Hafnarfjarðar leitar að stjórnanda fyrir starfsárið 2010-2011. Áhugasamir sendi umsókn með upplýsingum um menntun og starfsferil til ludrasveit@ludrasveit.is fyrir 28. ágúst. Þar fást einnig nánari upplýsingar.

PRIF

Samhent fjölskylda óskar eftir reglusamri og áreiðanlegri manneskju til að þrifa 4 heimili á höfuðborgarsvæðinu.

Um er að ræða fulla dagvinnu og þarf viðkomandi að hafa aðgang að farartæki.

Áhugasömum er bent á að senda umsókn eða hafa samband við Önnu Mörtu, annamarta@toppfiskur.is, sími 821 8152.

CLEANING

A close family is looking for a dedicated person to clean 4 private household in greater Reykjavik area. Working hours are daytime and necessary for person to have access to a car.

Cleaning experience is a bonus.

All Interested are asked to send application or

contact Anna Marta by e-mail or phone.

annamarta@toppfiskur.is tel.821-8152

CZYSZCZENIE

Szukamy osoby niepalacej, niepijacej, posiadajacej prawo jazdy I samochod, do sprzatania czterech mieszkam na Seltjarnarnes I Gardabaer w pelnym wymiarze czasu pracy. Osoby zainteresowane prosimy o skladanie podan na adres e-mail annamarta@toppfiskur.is.

Wiecej informacji mozna uzyskac pod nr tel. 821 8152 Anna Marta.



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Lausar stöður í leikskólum

Arnarberg (664 5837 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Álfaberg (664 5864 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Aðstoð í eldhúsi

Hlíðarendi (664 5856 hliðarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (590 2881 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Þroskapjálfi og leikskólakennari

Hvammur (664 5885 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hörðuvellir (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Norðurberg (664 5851 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari
Sérkennslustjóri með framhaldsmenntun í sérkennslu

Smáralundur
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjars (664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Tjarnarás (664 5859 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Aðstoð í eldhúsi

Vesturkot (664 5854 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störf gefa skólastjórar viðkomandi skóla.

Sjá nánar á heimasíðum skólanna.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

STÖRF HJÁ GARÐABÆ**Leikskólinn Lundaból**

- Leikskólakennari
- Deildarstjóri

Leikskólinn Bæjarból

- Leikskólakennarar

Íþróttamiðstöð Garðabæjar

- Sundlaugarvörður

Sjáländsskóli

- Kennari í smíði og hönnun
- Leiðbeinandi í tómstundaheimili

Hofsstaðaskóli

- Skólaliði
- Leiðbeinandi í tómstundaheimili

Flataskóli

- Stuðningsfulltrúi

Íþróttfulltrúi Garðabæjar

Sjá nánar á vef Garðabæjar
www.gardabaer.is



Fræðslu- og menningarsvið

„Amma“ óskast í Kópavoginn

Vantar góða konu í 100% starf til að sjá um 6 mánaða skvísu ásamt léttari heimilisaðstoð. Áhugasamar sendi upplýsingar á netfangið barngod@gmail.com

Heimilisaðstoð - Herbergi

Maður á miðjum aldri óskar eftir herbergi í skiptum fyrir heimilisaðstoð/ þrif / matargerð og/eða ummönnum.
Uppl. í s. 892 4254.

Verslunarstjóri

Við leitum að verslunarstjóra til að stýra Levi's í Smáralind og Kringlunni.

Óskað er eftir drífandi og þjónustulunduðum einstaklingi til að sinna þessu skemmtilega starfi. Jákvæðni, hæfni í mannlegum samskiptum, faglegur metnaður og dugnaður eru skilyrði.

Starfssvið

- Sala
- Starfsmannastjórn og þjálfun
- Lagerstjórn
- Aðstoð við innkaup
- Uppgjör
- Uppsetning og útstilling vöru

Hæfniskröfur

- Þekking og reynsla úr verslunargeiranum er æskileg (samt ekki skilyrði)
- Þjónustulund
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sölutækni
- Áhugi á tísku

Vinnutími er til 19.00 alla virka daga, og vinna aðra hverja helgi. Þetta starf hentar jafnt konum sem körlum. Um er að ræða framtíðarstarf.

Þeim sem áhuga hafa á að sækja um starfið eða óska eftir frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Lilju í tölvupósti – lilja@demin.is

Umsóknafrestur er til 20. ágúst

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar að ráða í eftirfarandi störf:

Aðstoðarmaður dómara – tvær stöður

Önnur er tímabundin afleysingastaða til 2ja ára og hin er ótímabundin.

Byrjunartími í báðum störfum er 1. september nk.

Um er að ræða starf á grundvelli 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Til aðstoðar dómurum eru ráðnir lögfræðingar sem fullnægja skilyrðum 2.-6. tölul. 2. m.gr. 12. gr. sömu laga. Rétt er að vekja athygli á því að fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á ákvæðum dómstólalaga sem felur m.a. í sér útvíkkun á starfssviði og ábyrgð aðstoðarmanna dómara. Nánari upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna má finna á www.domstolar.is.

Hæfniskröfur:

- Aðstoðarmaður dómara þarf að búa yfir skipulags- hæfileikum og vera sjálfstæður í starfi, ásamt því að vera sveigjanlegur og sýna færni í mannlegum samskiptum.
- Laun greiðast til samræmis við ákvæði stofnana- samnings BMH og dómstólaráðs.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita:

Brynhildur Halldórsdóttir,
brynhildur@hagvangur.is og
Rannveig Haraldsdóttir,
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk.

Dómritari

100% starf frá og með 1. september

Leitað er að duglegum og samvissusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er sveigjanlegur og á auðvelt með mannleg samskipti.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Starfssvið:

- Undirbúningur þinghalds í þinglok
- Bókun í dómsal
- Skráning og frágangur málsskjala
- Almenn skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf er skilyrði
- Háskólapróf er æskilegt
- Mjög góð íslensku- og tölvukunnátta (ritvinnsla)
- Nákvæm vinnubrögð
- Góð samskiptafærni

Prófarkalesari (málfarsráðunautur)

50% starf

Leitað er að duglegum og samvissusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er sveigjanlegur og á auðvelt með mannleg samskipti.


Menntunar- og hæfniskröfur:

- BA-próf í íslensku eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Starfsreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulipurð
- Sveigjanleiki
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð tölvufærni


HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Sérfræðingur/arkitekt Netbankalausnir



Arion banki leitar að öflugum einstaklingi til starfa í hugbúnaðardeild á upplýsinga- og tæknisviði bankans. Við viljum fá til liðs við okkur starfsfólk sem getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði í starfi, hefur góða íslensku- og enskukunnáttu, framúrskarandi samskiptahæfileika og á auðvelt með að vinna í hópi.

Starfsmenn á upplýsinga- og tæknisviði vinna aðallega í umhverfi Microsoft (TFS og Visual Studio) og nota SCRUM/Agile verkferla og Test Driven Development í verkefnum sínum.

Starfssvið

- Forritun í tengslum við Netbanka Arion banka
- Þróun og hönnun á hugbúnaði
- Aðlögun og samþætting kerfa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Lágmark fimm ára reynsla af þróun hugbúnaðar
- Mjög góð þekking á .NET, C#, Visual Studio nauðsynleg
- Þekking á ASP.NET MVC, WCF, MS SQL Server, Team Foundation Server æskileg

Nánari upplýsingar um starfið veitir Per Christian Christensen, forstöðumaður hugbúnaðardeildar, s. 444 7212, netfang per.c.christensen@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst 2010.

Umsækjendur sækja um starfið á vefbankans, www.arionbanki.is

Hafðu samband
sími 444 7000 * arionbanki.is

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðs- viðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavinum okkar í fyrsta sæti.



Enskukennari

Við Menntaskólann í Kópavogi er laust til umsóknar fullt starf enskukennara næsta skólaár vegna fæðingarorlofs.

Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK. Gerð er krafa um háskólapróf í ensku og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst en kennsla hefst 24. ágúst. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsóknir skal senda til skólameistara.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu www.mk.is. Frekari upplýsingar veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

Skólameistari



HEILSUSTOFNUN NLFÍ
GRÆNUMÖRK 10 • 810 HVERAGERÐI

Læknir óskast við Heilsustofnun NLFÍ

Læknir óskast til starfa (í hlutastarf) á HNLFI. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar hjá Erlu G. Sveinsdóttir, yfirlækni í síma 8601950 eða Ólafi Sigurðssyni, framkvæmdastjóra í síma 483 0300.

HNLFI er annars vegar almenn og sérhæfð endurhæfingarstofnun og hins vegar veitir hún hvíldar- og hressingardvöl. Á HNLFI eru stunduð samhæfð meðferðarform undir handleiðslu fagfólks með það að markmiði að efla heilbrigði, auka færni, vellíðan og styrkja einstaklinginn í að bera ábyrgð á eigin heilsu og velferð. HNLFI forðast kennisetningar, sem ekki standast vísindalega gagnrýni.

Umsóknarfrestur er til 27. ágúst 2010.

Umsóknir með ferilskrá sendist til:
HNLFI – framkvæmdastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða olafur@hnlfi.is.

Libra

Hjá Libra ehf. starfa 30 starfsmenn. Við byggjum á yfir 14 ára grunni og erum leiðandi hugbúnaðar-fyrirtæki á innlendum fjármála-markaði. Megin kerfi okkar eru Libra Loan, lánaumsýslukerfi, og Libra Securities, verðbréfaumsýslukerfi.

Störf hjá Libra

Við bjóðum krefjandi verkefni og þátttöku í samhentum hópi starfsmanna á líflegum vinnustað.

Hugbúnaðargerð

Við leitum að efnilegum forriturum til að vinna við greiningu, hönnun, forritun og prófanir á Libra hugbúnaði á starfsstöðvum okkar í Kópavogi og á Akureyri.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla á SQL og .NET æskileg
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hópi

Þjónusta og ráðgjöf

Við leitum að duglegu og áhugasömu fólki til að vinna við þjónustu og ráðgjöf á starfstöð okkar í Kópavogi

Hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á Libra Loan
- Rík þjónustulund
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hópi

Starfsumsókn og ferilskrá sendist á jonpall@librosoft.is fyrir 29. ágúst.

Nánari upplýsingar fúslega veittar í síma 595-8715



Ein glæsilegasta hársnyrtistofa landsins óskar eftir frábæru fólki í stólaleigu.

Boðið er uppá mjög hagstæða leigu ásamt söluþóknun úr stærstu hárvörubúð landsins. Erum staðsett í glányju húsnæði á Laugavegi 94. Frábært umhverfi. Allar frekari upplýsingar í síma 866 3381 eða á atvinna@harvorur.is
Circus Circus | Hárvörur.is

Viltu starfa í líflegu umhverfi?



Við erum að leita af þér

World Class leitar eftir starfsfólki í ræstingu í stöðvar sínar í Kringlunni, Ögurharfi og í Spönginni. Um er að ræða 40 til 80 % stöður og vaktavinnu.

Umsjón með ráðningu hefur Hólfríður holly@worldclass.is

Umsóknir þurfa að berast skriflega til viðkomandi ráðningaraðila, einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Okkar leiðarljós

þjónusta • jákvæðni og samvinna • Virðing



Styrkur frá NATA

Samstarf á sviði ferðamála milli Grænlands, Íslands og Færeyja

Allir sem áhuga hafa á bættum samskiptum á sviði ferðamála milli landanna þriggja geta leitað eftir aðstoð við að fjármagna verkefni, hugmyndir, ferðir eða því um líkt. Umsóknir skulu fela í sér samstarf milli tveggja af löndunum þremur hið minnsta.

Sækja má um aðstoð á eftirfarandi sviðum:

Þróun ferða

Siglingar, þemaferðir, stuttar heimsóknir (short break) o.s.frv.

Markaðssetning í ferðapjónustu og greining sóknar-tækifæra
 Alþjóðleg átaksverkefni á sviði ferðapjónustu.

Menntun

Faglegar námsferðir, menntun á sviði ferðamála, dvöl til að kynna sér aðstæður.

Allar umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublaðum. Sem fylgiskjöl með umsókninni skal leggja fram nákvæma útlístun á verkefni, svo og fjárhagsáætlun. Umsóknir skulu vera á dönsku eða ensku og sendast til:

NATA c/o
 Ferðamálastofa
 Geirsgata 9,
 101 Reykjavík

Lokafrestur til að senda umsóknir er
4. september 2010

Næst verður auglýst eftir umsóknum í febrúar 2011.
 Umsóknareyðublað má nálgast á vef Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is
 Fyrirspurnir varðandi vinnslu umsóknar sendist til: sigrun@icetourist.is

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirgni í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlega hagsmuna að gæta.



North Atlantic Tourism Association

Ønsker du å jobbe med IT i Norge?

Nå søker TeleComputing i Stavanger flere dyktige kolleger

TeleComputing har siden 1997 vært en ledende aktør innen sentralisert IT-drift og nettbasert programvaredistribusjon. Vi tilbyr fleksible, skalerbare systemer til små og mellomstore bedrifter.

TeleComputing har Europas største og mest moderne felles drifts-plattform. Vi tilbyr 2.400 ulike applikasjoner til mer enn 800 bedriftskunder med ca. 50.000 brukere. Les mer om oss på www.telecomputing.no.



Vår avdeling i Stavanger søker nå etter dyktige personer til fire stillinger

- Senior Applikasjonskonsulent
- Prosjektleder
- Onsite-konsulent
- Senior konsulent Datakommunikasjon

Ønskede kvalifikasjoner

- Utdanning på høyskolenivå eller høyere
- Flere års relevant erfaring
- God kjennskap og bred erfaring til fagområdet
- Erfaring fra sentralisert IT-drift og support
- Norsk/dansk/svensk språk, skriftlig og muntlig

Ønskede egenskaper

- Kundefokus
- Evne til å jobbe strukturert, målrettet og disiplinert
- Gode samarbeidsegenskaper
- Evne til å kunne prioritere mellom ulike oppgaver
- Selvstendig/ansvarsbevisst og fleksibel
- Serviceinnstilt og godt humør
- Initiativrik

Vi kan tilby:

- Konkurransedyktig lønn
- Trivelig og uhøytidelig arbeidsmiljø
- Faglige utfordringer og gode personlige utviklingsmuligheter

TeleComputings kundeløsninger varierer fra de helt enkle til meget komplekse og kritiske løsninger. Nødvendig opplæring i form av interne og eksterne kurs vil bli gitt.

For å søke på jobbene og se nærmere beskrivelse, gå til www.finn.no/jobb (søk etter "TeleComputing Sandnes").

Spørsmål om de ulike stillingene kan sendes til Sigurdur Arnar Ólafsson på e-postadresse sigarnar@telecomputing.no. Søknadsfrist er 31. august 2010.


TeleComputing®
 - making IT easier

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
 Borgartúni 27
 Sími 540 1000





ATVINNA

Draumavinna á kvöldin – úthringingar

Hjá söluveri Símans, Reykjavík, starfar kraftmikið og framtakssamt fólk sem veitir öfluga söluráðgjöf og leysir málin.

Við leitum að hressu fólki, 20 ára og eldra, sem hefur mikinn metnað og frumkvæði til að skara framúr.

Viðkomandi verður að vera fljót/ur að læra, hafa mikinn áhuga á mannlegum samskiptum og tilbúin/n til að láta til sín taka.

Ef þessi lýsing á við þig erum við að leita að þér!

Um er að ræða hlutastörf þar sem unnið er 2-4 kvöld í viku.

Góð laun í boði fyrir rétt fólk.

Umsóknarfrestur er til 21. ágúst 2010

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

800 7000 – siminn.is

Það er Síminn

ENEMM / SJA / NM43153

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna rétta einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrafaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Mata hf. • Sundagörðum 10 • 104 Reykjavík

Bílstjóri.
Mata hf óskar að ráða til starfa bílstjóra.

Starfssvið:

- Útkeysla
- Tíltekt pantana
- Almenn lagerstörf

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, getur sýnt frumkvæði, er skipulagður og sveigjanlegur og hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

Mata er rótgróin heildsala sem sérhæfir sig í dreifingu á ávöxtum og grænmeti.

Áhugasamir sendið inn skriflegar umsóknir á netfangið steinar@mata.is

Forritari óskast

Verksvið

- Parfaggreiningar og kerfishönnun
- Þróun og smíði gagnagrunnskerfa
- Veflausnir og aðrar hugbúnaðarlausnir

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í tölvunarfræði / kerfisfræði eða verulega starfs-reynslu, góða þekkingu á gagnagrunnum, ss. Oracle og SQL Server og reynslu af .Net þróunar- umhverfi (C#, ASP.NET, XML)

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á olafur@midi.is
Umsóknarfrestur er til 1. september.

www.midi.is

midi.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



BORGARAHREYFINGIN

Aðalfundur Borgarahreyfingarinnar

Aðalfundur BH verður haldinn þann 25. september 2010 að Borgartúni 6, jarðhæð V.

Dagskrá:

Kl. 09:00 Fundur settur – kosning fundarstjóra
Ræða formanns – skýrsla stjórnar
Niðurstöður hópavinnu/lagabreytingar kynntar
– World Café umræður

Kl. 12:00 Hádegisverður
Lagabreytingar
Niðurstöður vinnuhópa lagðar fram
til samþykkis
Stjórnarkjör

Kl. 15:00 Kaffi
Samþykki endurskoðaðra reikninga
Kjör skoðunarmanna reikninga
Önnur mál – ályktun fundarins

Kl. 17:00 Ný stjórn kynnt - fundi slitið


Kjörgengir eru þeir sem eru skráðir **félagar í BH 14.08.2010.**

Málefnavinna mun fara fram í Húsinu Höfðatúni 12 á nánar auglýstum tímum fyrir aðalfundinn.

Skráning og nánari upplýsingar á heimasíðu BH: borgarahreyfingin.is

Upplýsingar eru einnig veittar síma: 864 8902

Stjórnin



Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein,
raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða
rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að
hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 31
Þriðjudaginn 24. ágúst 2010 kl. 17:00.

“Ertu í stuði?” er verkefni sem ætlað er að finna leiðir
til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í
námi og starfi.

Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á
heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins
www.fsraf.is
eða í síma 580 5252**

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:

Endurnýja íþróttagólf í íþróttahúsi Hagaskóla (dúkur).

Útboðsgögn á geisladiski fást á 3.000 kr. frá kl. 10:00
mánudaginn 16. ágúst 2010 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss
Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 2. september 2010 kl. 10:00 í Ráðhúsi
Reykjavíkur.

12491

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048

Netfang: utbod@reykjavik.is

LAUSAR STÖÐUR

SÉRFRÆÐINGAR Á ERFÐARANNSÓKNASVIÐI



STARFSLÝSING

Íslensk erfðagreining leitar að sérfræðingum til starfa á rannsóknarstofum erfðarannsóknasviðs fyrirtækisins. Um er að ræða krefjandi og áhugaverð verkefni við að framkvæma umfangsmiklar skimanir á breytileikum í erfðamengi manna.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun (B.Sc.) á sviði líffræði, lífefnafræði, erfðafræði, efnafræði eða lífeindafræði
Fjöldi herbergja: 9
Byggingarár: 1982
Brunabótamat: 0



Opið Hús

Opið hús á mánudaginn kl 19.00 - 19.30

Verð: 99.000.000



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is


RE/MAX SENTER KYNNIR: Glæsilegt 326,3 fm einbýlishús við Hofgarða á Seltjarnarnesi. Húsið er vel staðsett en það stendur innst í botnlanga á 868 fm eignarlóð. Hiti í innkeyrslu. Arkitekt er Magnús Skúlason. Innanhús-arkitekt er Árni Þórolfsson. Garðurinn er teiknaður af Stanislas Bohic. Á aðal hæð hússins eru stofur, eldhús, þvottahús, fjögur herbergi, tvö baðherbergi, snyrting og forstofa. Á jarðhæð er 65 fm 2ja herbergja íbúð með sér inngangi sem búið er að sameina efri íbúðinni. Lýsing: Komid er inn í flisalagða forstofu. Inn af forstofu er flisalögð snyrting, nýlega endurnýjuð. Stofurnar eru þrjár parket á gólfum með útgengi út í garð. Annar er í stofum. Í garðinum er timburvernd sem snýr til suðurs. Í eldhúsinu er sérsmíðuð vidarinnrétting og parket á gólf. Inn af eldhúsinu er þvottahús. Herbergin eru fjögur með parketi á gólf. Inn af hjónaherbergi er nýlega uppgerð baðherbergi flisalagt með sturtu. Mikil lofthæð er í húsinu. Parketið á gólfum er gegneill hlýnur. Á jarðhæð hússins er snyrtileg 2ja herbergja íbúð með sérinngangi (í dag opið á milli), en einnig er innangengt í fullbúinn bílskur með vinnuástoðu.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Furuás 24

221 Hafnarfjörður
Fallegt og vel skipulagt einbýli

Stærð: 311,4 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2008
Brunabótamat: 0



Opið Hús

Opið hús á laugardaginn kl 16.30-17:00

Verð: 59.900.000

Húsið er skráð 311,4 fm en samkvæmt teikningum um 370 fm. Húsið er byggt í funkisstil og er á tveimur hæðum. Bílskur skráður 67 fm. Húsið er steypt og á eftir að þýssa það að utan. Að innan er búið að gera neðri hæðina að mestu tilbúna en efri hæðin er rúmlega tilbúin til innréttinga, þ.e. búið að spartla og mála vegg og loft. Komid vinnurafmagn. Á neðri hæðinni er fullbúin íbúð sem er í útleigu en auðvelt væri að gera þetta að opna þar inn og nýta allt húsið. Teikningar á staðnum.

Lárus Óskarsson
Sölufulltrúi
823 5050
larus@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Sigtún

800 Selfoss
Gott raðhús miðsvæðis á Selfossi

Stærð: 142,3 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1967
Brunabótamat: 24.430.000



BÓKID SKODUN!

Verð: 23.900.000

Húsið er steypt, byggt 1967 en á síðust árum hefur það verið tekið mjög mikið í gegn. Húsið er klætt með steni, nýlegt járn á þaki. Ný klæðing á stöki. Skot-endurnýjað, miðstöð, lagir og önnur endurnýjað, ný rafmagnsfalla og dregið í nýtt rafmagn. Hlemtaugar endurnýjaðar. Gler í góðu ástandi. Að innan hafa til gólfhiti, innréttingar og innihurðar verið endurnýjaðar. Ný rennihurð áplást út á þaki. Baðherbergi er flisalagt í höll og gólf, góðhiti, smekkleig innrétting. GOTT VERIÐ!

Magnús Ninni
Sölufulltrúi
6949999
magn@remax.is

Snorri Sigurfinnsson
Lögg. fasteignasali
8648090
ss@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

Bugðulækur 10

105 Reykjavík
Falleg íbúð á vinsælum stað

Stærð: 47,5 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1959
Brunabótamat: 9.240.000



Opið Hús

Opið hús á mánudaginn kl 19.00-19.30

Verð: 13.400.000

Fallega og mikið endurnýjaða 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í fallegu 3ja hæða staðsteyptu húsi við Bugðulæk. Íbúðin er s.k.v FMR 47,5 fm. Góð stofa með plastrparketi. Nýlegt eldhús með fallegri innréttingu. Baðherbergið er með nýlegri innréttingu Wc og baðkar með sturtuástoðu. Flisalagt í höll og gólf. Herbergi með fataskáp. Þvottahús er sameiginlegt með annari íbúð. Húsið var tekið í gegn að utan 2008 og þak málað 2009. Á eigninni hvílir lán ca. 12,6m á 4,95% vöxtum. Allar uppl. Ástþór R 899-6753

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Álfkonuhvarf 13

203 Kópavogur
Nýlegt og vandað parhús


Stærð: 207,9 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 0



Opið Hús

Opið hús á sunnudaginn kl 17.00 - 17.30

Verð: 56.900.000



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

RE/MAX SENTER KYNNIR: Glæsilegt, fullbúið og vel staðsett 207,9 fm parhús á góðum stað í Kópavogi við Elliðaavatn. Stór og fallegur garður með harðviðarpalli og heitum potti. Skjólgröngur úr harðvið er umhverfis löðina. Forstofa með flisum, skáp og hita í gólf. Úr forstofu er innangengt í 30fm bílskur með 8fm geymslu. Snyrting með upphengdu salemi, stóru baðkar/setlaug, flisum og hita í gólf. Sjónvarpshol með útgengi í garð. Tvö svefnherbergi eru á neðri hæð hússins. Stiga með fallegu handriði úr burstuðu stáli og gleri. Efri hæðin er björt með góðri lofthæð. Tvö svefnherbergi eru á hæðinni ásamt snyrtingu með sturtu. Vandaðar innréttingar eru í herbergjum, snyrtingu og eldhúsi. Stofa og borðstofa eru ásamt eldhúsi opið rými með halogen lýsingu í lofti og útgengi út á flisalagðar svalir sitt hvoru megin við húsið. Eldhúsið er með stóru eyju, gaseldavél, tækjum úr burstuðu stáli. Garðurinn er stór og algjör með áhaldaskúr, stórum grasflöt og heitum potti á harðviðarpalli. Húsið stendur á tæplega 800fm löð. Örstutt í leikskóla, skóla, íþróttastað og verslanir. Hús sem henntar einstaklega vel fyrir barnafjölskyldu.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Klettagata 16

220 Hafnarfjörður
Glæsilegt tvílyft einbýli.

Stærð: 350,8 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1984
Brunabótamat: 60.600.000



Opið Hús

Opið hús á laugardaginn kl 15.00-15:30

Verð: 75.000.000

Störglæsilegt einbýli sem stendur innst í botnlanggötu í friðsælu hverfi í Norðurbæ Hafnarfjarðar. Á neðri hæð er stórt hjónaherbergi með góðu fataherbergi og sér baðherbergi ásamt eins herbergi inn af því. Að auki er á hæðinni þvottahús og bílskur. Á efri hæð er aðalrými hússins sem skiptist í opið eldhús, borðstofu og stofu með arni. Sólstofa inn af stofu með útgengi hellulagða vernd. Á efri hæðinni eru einnig þrjú góð herbergi og útgengt úr einu þeirra á svalir.

Lárus Óskarsson
Sölufulltrúi
823 5050
larus@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



- er með lykilinn af þínu heimili

Nálastungur verða vinsælli

Boðið er upp á meðferðir í nálastungum víðs vegar á Íslandi. Samkvæmt austrænum læknavísindum koma þær jafnvægi á lífsflæðið. Þær eru notaðar á misjafnan hátt og í ýmsum tilgangi, til dæmis við ófrjósemi, á meðgöngu, í fæðingum og í meðferð íþróttameiðsla. **Pórunn Elísabet Bogadóttir** kynnti sér nálastungur.

Við fyrstu sýn virðist þetta vera svolítið svona út úr kortinu, fyrir fólk sem kikir á hvað nálastungur geta boðið upp á og unnið á,“ segir Kolbeinn Steinþórsson nálastungumeistari og meistari í austrænum læknavísindum. Hann segir fólk ekki alveg vita hvort kalla eigi nálastungur vísindi, hvort þær séu raunverulegar, vestrænar og haldþærar. Þá hristi fólk oft hausinn.

En nálastungur njóta einnig nokkurra vinsælda hér á landi. „Nálastunguheitíð sem slíkt er það að notast við nálar til að koma jafnvægi á það sem Kínverjar kalla lífsflæði. Svo er hægt að túlka það á mismunandi hátt nákvæmlega hvað það er. Í grundvallardráttum er þetta notkun nála sem er stungið inn á ólíka staði líkamans til að koma á jafnvægi þar sem ekki var jafnvægi fyrir,“ segir Kolbeinn. „Það eru mörg nálastungukerfi til þó þau byggja kannski öll á sömu rótinni. Svo getur maður líka sagt að það sé frjálsglega farið með orðið nálastungur. Það eru þeir sem eru að nota þetta meira út frá þessum gömlu klassísku gildum og nota kínverska greiningarkerfið og skoða það sem undir liggur. Það eru líka margir aðrir eins og sjúkrahjálfarar sem nota þetta sem létta viðbót við það sem þeir eru með. Þá er verið að ganga út frá allt öðrum forsendum, kannski vestrænni forsendum þar sem er verið að örva einhverjar taugar eða hreinlega setja nálar þar sem eru verkir. Þetta kallast allt nálastungur en í minni bók myndi það sennilega ekki flokkast þannig.

Það er svo misjafnt hvað fólk kafar djúpt í þetta og það er allur gangur á þessu.“

Kolbeinn hefur stundað nálastungur í fimm ár eftir að hann lauk fjögurra ára námi í Bandaríkjunum. Hann segir Bandaríkin og Bretland vera vinsælustu staðina í þessum geira, það séu löndin sem eru komin hvað lengst. Hann er meðlimur í Nálastungufélagi Íslands, sem er fagfélag og berst fyrir viðurkenningu á menntun sinni.

„Fólk veltir því fyrir sér hvernig svona gamalt kerfi getur átt sér grundvöll í nútímasamfélagi. Ástæðan fyrir því að þetta kerfi hefur dafnað svona vel er grunnhugmyndin á bak við nálastungukerfið,“ segir Kolbeinn. Hann segir muninn á vestrænum og austrænum læknavísindum vera mikinn. „Við erum alltaf að meta okkar upplifun á eigin lífi og líkama í staðinn fyrir að nota rannsóknir eins og að senda inn blóðsýni. Á meðan vestræna kerfið byggir á línulegri hugsun, þar sem leitað er að orsök og afleiðingu og það er hugsað um að drepa eða fjarlægja ákveðna bakteríu eða orsakavald, þá erum við alltaf í þessu austræna að byggja á heildarskynjun á mannlíkamanum. Sem þýðir að allir þættir koma inn í, hvort sem er veðráttan úti eða tilfinningalegir eða matvælalegir þættir eða hvað sem er sem getur verið að hafa áhrif á eins ómerkilega hluti og jafnvel öxlina á þér. Langvarandi þreyta í líkamanum getur orsakað til dæmis að öxlin eða eitthvað annað er ekki að virka eins og hún á að gera.“

Kolbeinn segir þetta ástæðu



KOLBEINN VIÐ STÖRF Kolbeinn segir austræn læknavísindi alltaf byggja á heildarskynjun á líkamanum. Þannig er hugsað út í áhrif veðursins, tilfinninga og matar, svo eitthvað sé nefnt.

þess að nálastungurnar hafi lifað. „Af því að fólk kemur til mín og upplifir að svæði sé með þrota eða þreytt, þó að það finnst ekkert að. Þín upplifun á þér er fullgild, þó að það finnst ekkert. Þannig stenst þetta tímans tónn af því að upplifun okkar á hvað við erum sem einstaklingar hefur ekkert svo mikið breyst, þó við séum

kominn með flóknari fræðiheiti yfir þetta í dag.

Það eru margir á Íslandi sem nýta sér þetta. Það er að minnsta kosti alltaf nóg að gera. Það hefur kannski eitthvað að gera með frekara hrun í heilbrigðiskerfinu. Við erum heppin með það að við fáum að sinna fólki, hverjum einstaklingi, eins og við þurfum.

Það snýst allt um greiningarkerfið og hvernig maður metur hvern og einn og áttar sig á því til dæmis hvernig einfaldir hlutir eins og gamlir, krónískir bakverkir geta átt sér miklu flóknari sögu. Þetta er svona grundvallarmunur á vestrænni og austrænni hugsun í heild sinni. Þetta er byggt allt öðruvísi upp.“



Nota nálastungur í auknum mæli við ófrjósemi

Guðlaug María Sigurðardóttir, ljósmóðir og nálastungusérfræðingur

Við notum nálastungur á meðgöngu og einnig fyrir þör með ófrjósemissvandamál,“ segir Guðlaug María Sigurðardóttir, ljósmóðir og nálastungusérfræðingur. Hún stofnaði heilsumiðstöðina 9 mánuði árið 2002 og hefur verið boðið upp á nálastungur þar frá upphafi.

Guðlaug segir nálastungur vera notaðar í auknum mæli á meðgöngu og í fæðingum, en hún hefur haldið námskeiði í nálastungum fyrir ljósmæður. Hún segir þó að ljósmæðrum í mæðra- vernd gefist ekki oft tími til að nota nálastungur á meðgöngu en Guðlaug gerir mikið af því sjálf.

„Það hefur verið sérstaklega mikið að gera í ófrjósemissmeðferðum því fólk er kannski að fatta að það er hægt að gera mikið, mikið meira en að fara beint í róttækari aðgerðir. Fólk sem kemur hingað er bæði fólk sem er í slíkum meðferðum og líka fólk sem finnst heimaleikfimin bara ekki ganga nógu vel. Það hefur verið viðloðandi að fólk fari strax í stórskotaliðspakkann ef það gengur ekki að verða ólétt eftir sex mánuði,“ segir Guðlaug.

Hún segir fjölda fólks sem kemur í meðferðir mjög breytilegan. „Það er svaka toppur núna og það hefur verið rosalega mikið að gera í sumar.“



Meðal annars notaðar á handboltalandsliðið

Pétur Örn Gunnarsson sjúkrahjálfari

Ég nota þetta alltaf meira og meira,“ segir Pétur Örn Gunnarsson sjúkrahjálfari um nálastungur. „Við notum þetta mismikið eftir því hvar er verið að vinna. Eftir að landlæknir fór að skrifa upp á þetta fórum við að nota þetta meira.“

Pétur hefur einnig starfað sem sjúkrahjálfari fyrir íþróttalið, til dæmis hjá íslenska karlalandsliðinu í handbolta og knattspyrnuliði Fram. Hann segir nálastungur ekki síður koma að góðum notum þar. „Ég nota þetta tvímælalaust í hópnum. Þegar við fórum á Ólympíuleikana í Kína með landsliðinu notuðum við þetta, og

ég veit að þetta var líka notað á HM,“ segir Pétur. Á Ólympíuleikunum sáu reyndar aðrir hjálfarar um það. „Þetta virkar vel einmitt til að slaka á stífum vöðvum. Við notum þetta mikið í verkjameðferðum, til að slá út verki og létta á.“

Pétur segir þá sem hafi lært nálastungur í lengri tíma marga hverja vera ósátta við að sjúkrahjálfarar geti farið á helgarnámskeið og farið að vinna við nálastungur. Hann segir þó að sjúkrahjálfarar hafi góðan grunn fyrir slíkt. „Það er fint að hafa sem flest vopn í vopnabúrinu. Og reynslan af þessu er mjög góð.“



Stuðningsfélag fyrir ungt fólk
sem greinst hefur með krabbamein

Takk fyrir stuðninginn

„Upplifum vellíðan saman í sumar í formi
hreyfingar og ánægjulegrar samveru“

Það er öllum mikilvægt að stunda heilbrigða útiveru og hreyfingu og þá ekki síst ungu fólki sem hefur greinst með krabbamein.

Í sumar hefur hópur fólks á vegum Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, staðið fyrir átaki undir kjörorðinu hér að ofan.

Markmiðið er að hvetja félagsmenn okkar og aðstandendur til að drífa sig út í sumarið og njóta hreyfingar og samveru. Hitt markmið átaksins er að safna peningum til stuðnings féluginu og starfsemi þess.

Eftirfarandi fyrirtæki veittu Krafti sérstakan stuðning í sumar:



LÉTTFETI EHF – SENDIBÍLL
ENGHJALLA 1
200 KÓPAVOGUR
SÍMI : 897 4993



Við þökkum einnig öllum öðrum (fyrirtækjum) sem studdu Kraft í sumar



Þeir sem vilja heita á Kraft eða önnur góðgerðarfélag í Maraðoni Íslandsbanka 2010 geta kynnt sér málið á www.hlaupastyrkur.is

Samhljómur gefur lífinu tilgang

Allskonarmaðurinn **Jón Svavar Jósefsson** lifir annasömu lífi sem teygir sig inn á hin ólíkustu svið, eins og myndirnar hans frá síðastliðnum miðvikudegi bera með sér. Hann vinnur á leikskólanum Græuborg fyrir hádegi, járnar hesta eftir hádegi og syngur frá morgni til kvölds – enda óperusöngvari líka. Á miðvikudagskvöldið kemur heldur Jón Svavar einsöngstónleika á Kaffibarnum.

MYNDBROT ÚR DEGI | Miðvikudagurinn 11. ágúst | Myndir teknar á Olympus FE 230



1 Miðvikudagurinn 11. ágúst var skemmtilegur og fallegur dagur. Ég tók daginn snemma og mætti í vinnuna á leikskólanum Græuborg. Það er gaman að leika úti í góðu veðri og þarna erum við að gæða okkur á rífsberjum.



2 Eftir hádegið skrappt ég upp í sveit að bjarga einum hesti sem hafði misst eina skeifu, hann var í góðum fíling, sem og ég.



3 Hvað er svo betra en að skreppa í ber og rjóma til mömmu þegar líður á daginn?



4 Það gefur lífinu tilgang að finna samhljóð og það gerist sannarlega á kóræfingum Bartóna.



5 Stundum þarf að taka menn í einkatíma.



6 Eftir annasaman og góðan dag var ég svo steinsofnaður vært.



Stór Margarita á **1.190 KR.**
ef þú sækir.*

Auka álegg á miðstærð af pizzu..... 200 kr.

Auka álegg á stóra pizzu..... 250 kr.



58-12345 | www.dominos.is

AFMÆLISHÁTÍÐ

30

AIRA

TILBOÐIN GILDA
Í DAG LAUGARD.
14. ÁGUST

PYLSUR
OG GOS



KJARNAFÆÐI

Í tilefni af 30 ára afmæli verslunarinnar býður Griffill öllum landsmönnum til veislu **í dag laugardaginn 14. ágúst**. Blöðrur og jójó fyrir börnin og pylsur og gos meðan birgðir endast. Auk þess býður Griffill uppá mörg frábær afmælistilboð.

30%

AFSLÁTTUR

Af öllum pennaveskjum



30%

AFSLÁTTUR

Gormabók A4 lína 5 í pk

686

KR

Verð áður
980



SKIPTU BOKUM

Afmælisgjöf.

Griffill gefur þeim gjöf sem koma með bækurnar sínar í dag á skiptibókamarkaðinn.

20% álagning á inneignarnótuna.

Dæmi: Ef þú skilar bókum fyrir

5000 færðu **1000** auka eða

samtals **6000**

TOMBÓLA

Keyptu miða og fáðu eitthvað flott t.d. skólatösku eða pennaveski. A.T.H. Engin núll.

Allur ágóði rennur til starfsemi Reykjadal.



FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

Full búð af frábærum tilboðum í tilefni dagsins.


40%

AFSLÁTTUR

3417

KR

Verð áður
5695



OPÍÐ
10-18

GRIFFILL

ALLTAF ÖDÝRARI

SKEIFUNNI 11 s: 5331010
griffill.is

Haust &vetur 2010/11

Kynntu þér ævintýralegar haust- og vetrarferðir og bókaðu beint á heimsferdir.is

Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu lægsta verðið á www.heimsferdir.is.



Beint leiguflug með Icelandair



Tenerife

í haust og vetur

frá 109.940 kr.
– 10 daga ferð með hálfu fæði



Ferðabæklingi Heimsferða er dreift með Fréttablaðinu í dag.

Beint leiguflug með Icelandair



Kanarí

í haust og vetur



Borgarveisla í haust

frá 69.900 kr.*

Barcelona

14. okt. í 4 nætur – Uppselt

Madrid

28. okt. – 4 nætur

frá 104.900 kr. – flug og gisting

VISA

50 sæti á sértilboði 28. okt.

– Gildir til 27. ágúst

Búdapest

23. sept. í 4 nætur

7. okt. í 4 nætur – Uppselt

21. okt. í 4 nætur

frá 69.900 kr. – flug og gisting

VISA

50 sæti á sértilboði 23. sept.

– Gildir til 27. ágúst

* Netverð á mann m.v. gistingu á í tvíbýli með morgunverði, 23. sept. í 4 nætur. Sértilboð Visa.

Róm

28. okt. – 4 nætur – Örfá sæti laus
frá 109.900 kr. – flug og gisting

Prag

30. sept. í 3 nætur – Nokkur sæti laus
frá 79.900 kr. – flug og gisting

Ljubljana

21. okt. – 4 nætur – Nokkur sæti laus
frá 99.900 kr. – flug og gisting



Istanbul

Heimborgin óviðjafnanlega!

4. nóvember – 5 nætur

Frábært verð

Frá 159.880

Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbýli á Golden Crown Hotel með morgunverði í 5 nætur.

Beint leiguflug með Icelandair

VISA

10.000 kr. afsl. á mann fyrir korthafa VISA

– Gildir til 27. ágúst ef greitt er með Vísakorti. Ath. takmarkaður sætafjöldi.



NÝTT

Golfveisla í haust

frá 159.900 kr.*

Beint leiguflug með Icelandair

Sértilboð á Novo Sancti Petri



28. sept. – 7 nætur Nokkur sæti laus

5. okt. – 10 nætur UPPSELT

15. okt. – 7 nætur Nokkur sæti laus

22. okt. – 9 nætur Laus sæti

* Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbýli í viku. Sértilboð á Novo Sancti Petri, 28. september. Innifalið: flug, skattar, gisting á Iberostar Royal Andaluz m. hálfu fæði, ferðir til og frá hóteli, ótakmarkað golf alla daga, golfkerrur og farastjórn.

Antalya

Tyrklandi

– einstök perla í haust

frá 179.980 kr.



Sértilboð

Ótrúlegt verð

Fame Residence
Lara & Spa *****

179.980 kr. – allt innifalið

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið. Sértilboð 26. október í 9 nætur. 10 náttu ferð 16. okt. 199.980 kr.

Beint leiguflug með Icelandair

Skíðaveisla í Austurríki

Flachau og Lungau

frá 114.040 kr.



Ótrúlegt verð

Skihotel Speiereck *** – Lungau
114.040 kr. – hálf fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi með hálfu fæði. Vikuferð 22. janúar. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 129.880. Brottfarir 29. janúar og í febrúar kr. 3.000. aukalega.

Fleiri gististaðir í boði – sjá www.heimsferðir.is

Beint leiguflug með Icelandair



HELGI HÁLFÐANARSON (1911-2009) VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG.

„Íslendingar eru stundum býsna fundvísir á það í fari útlendinga sem einna síst skyldi það eftir.“

Helgi var lyfsali og mikilvirkur þýðandi, meðal annars er hann þekktur fyrir Shakespeare-þýðingar sínar á íslensku.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 14. ÁGÚST 1982

Furstahjónin af Mónakó á Íslandi

Rainier III., fursti af Mónakó, og kona hans, Grace Kelly, komu í heimsókn til Íslands þennan dag árið 1982, ásamt börnum sínum tveimur, Carolínu og Albert, og fylgdarliði. Þau ferðuðust hingað með franska skemmtiferðaskipinu Mermoz. Um tvö þúsund Íslendingar söfnuðust saman í Sundahöfn til að fagna þessum frægu gestum. Er þeir stigu frá borði fóru þeir fyrst í Rammagerðina við Hafnarstræti og síðan í útsýnisferð um Reykjavík, þar sem meðal annars var komið við á Árbæjarsafni. Um kvöldið heimsótti furstafjölskyldan Vigdís Finnbogadóttur forseta. Daginn eftir var farið í skoðunarferð upp að Laxá í Kjós, til Þingvalla og að Laugarvatni, Gullfossi og Geysi.



Í HEIMSÓKN Rainer fursti og Grace Kelly í Rammagerðinni.

MYND/GVA

MERKISATBURÐIR

- 1874 Þrjú Íslendingar ásamt Englendingnum W.L. Watts komu úr fjögurra daga ferð á Vatnajökul þar sem þeir könnuðu eldstöðvar og gáfu fjöllum nöfn.
- 1951 Fyrsti Lionsklúbbur á Íslandi er stofnaður, Lionsklúbbur Reykjavíkur.
- 1982 Rúvak, Akureyrardeild Ríkisútvarpsins, tekur til starfa.
- 1999 Byggingu Eyrarsundsbrúar lýkur og Friðrik Danakrón-prins og Viktoría krón-prinsessa Svíþjóðar hittast með táknrænum hætti á miðri brúnni.

AFMÆLI

RAGNAR STEFÁNSSON jarðeðlisfræðingur er 72 ára.



STEVE MARTIN, leikari er 65 ára.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ragnheiður Jóhannesdóttir,
Álfheimum 44, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 4. ágúst. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 17. ágúst, klukkan 13.00.

Haraldur Sigfússon
Hreinn Haraldsson
Hanna Dóra Haraldsdóttir
S. Birgir Haraldsson
barnabörn og langömmubörn.

Ólöf Erna Adamsdóttir
Bjarni Jón Agnarsson
Hanna Jóhannsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Fanny Þorsteinsdóttir
frá Drumboddsstöðum í Biskupstungum, áður til heimilis að Rauðarárstíg 34, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, miðvikudaginn 11. ágúst. Útförin fer fram frá Háteigskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 19. ágúst kl. 15.00.

Hilmar Reynir Ólafsson
Þorsteinn Gunnar Tryggvason
Ketill Rúnar Tryggvason
Sigurður Sævar Tryggvason
Erlendur Viðar Tryggvason
Lilja Björk Tryggvadóttir
Tryggvi Tómas Tryggvason
barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Jónmundsdóttir
Ósk Sigurós Ágústsdóttir
Laugheiður Bjarnadóttir
Jóhanna Hermannsdóttir
Harpa Arnþórsdóttir
Guðlaugur Arason
Anna Scheving Hansdóttir

Útfararþjónusta

Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Frjðbjósson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511



Rúnar Geimundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbjörg Þórbjörnsdóttir

Allhiða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Á KAFFI PARIS Reykjavíkurgoðinn meðal fastra gesta í árbit á Kaffi Paris við Pósthússtræti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÖRMUNDUR INGI HANSEN REYKJAVÍKURGOÐI: ER SJÖTUGUR Í DAG

Hef alltaf verið ásatrúar

Reykjavíkurgoðinn Jörmundur Ingi Hansen situr á Kaffi París í formiðagskaffi. Þar er hann meðal annarra fastra gesta sem eflaust fagna með honum sjötugsafmælinu á Næsta bar í Ingólfsstræti síðdegis. „Ég vona að það verði gaman og fólk komist inn,“ segir hann og kveðst aðspurður jafnan halda upp á tugaafmælin sín.

Jörmundur Ingi er Reykvikingur og segist lengst af hafa verið hálfgerð miðbæjarrotta. Þó búi hann uppi í Artúni núna sem sé dálítið skemmtilegt því þangað hafi hann ungur farið með ömmu sinni að tína grös. Hann hefur áður búið í úthverfi því hann á bernskuminningar frá sumri í Breiðholtinu. „Það var 1945 og þá var þar bara eitt hús, það stendur enn. Vatnið var flutt til okkar í bíl úr bænum og varð að fara sparlega með það. Svo var útikamar í indversk/arabískum stíl með kúptu þaki og turnum, líkt og Taj Mahal,“ rifjar hann upp.

Foreldrar Jörmundar Inga voru Helga Eiríksdóttir og Jörgen Ferdin-

and Hansen. „Mamma var listfeng, lærði útskurð og skar út húsgögn og fleira. Hún setti mig í myndlistarskóla þegar ég var sex ára og síðar ákvað ég að verða arkitekt. Fór í húsasmíði í Iðnskólanum og í Tækniskóla til Danmerkur en entist reyndar ekki lengi þar heldur kom heim og vann um tíma hjá Húsameistara ríkisins þar sem ég var meðal annars að teikna skóla og kirkjur.“ Ekki kveðst hann geta nefnt guðshús sem hann hafi teiknað enda kveðst hann lítið hafa sótt kirkjur. Skyldi hinn heiðni síður snemma hafa höfðað til hans?

„Ég hef verið ásatrúar frá því ég man eftir mér en veit ekki af hverju því allir voru kristnir í kringum mig. Ég hef nú viljað klína því á langömmu mína, sem sat oft með mig þegar ég var lítill, að hafa lætt inn einhverjum skagfirskum sögum úr heiðni innan um sálma og þulur. Móðir mín var skyggn þegar hún var barn og sá álfa og huldufólk. Það voru leifar af gamla, heiðna siðnum. Fólk komst upp með álfa- og huldufólks-

trú án þess að vera brennt eða hýtt.“

Spurður út í Jörmundarnafnið svarar goðinn: „Ég var skírður Jörgen eftir afa og langafa en fékk því breytt því ég vildi heita íslensku nafni. Þá stóð ég í þeirri trú að ég hefði fundið upp nafnið Jörmundur en komst að því 30 árum síðar að þetta er fornt norrænt nafn og til í Færeysjum. Fyrir fáum árum var það notað í frægri kvikmynd og ef maður gúgglar það núna kemur upp fullt af skemmtilegu rugli.“

Í Kolaportinu er Jörmundur Ingi þekktur fyrir sinn fatabás. „Ég er að reyna að grynna á fata- og skóbirgðunum,“ segir hann til skýringar. „Faðir minn var ákaflega enskur í klæðaburði enda alinn upp í miklu samneyti við Englendinga sem voru hér að veiða lax, því afi var með ár í Borgarfirði til leigu. Þegar ég var fimmtán ára var mér kennt að fara til klæðskera. Ég hef enn gaman af að fá mér föt og hugsa núna: Það er allt í lagi að kaupa þetta. Ég sel bara eitthvað annað í staðinn.“

gun@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Kristvarðsson,
fyrirum kaupmaður,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 4. ágúst, verður jarðsönginn frá Seljakirkju þriðjudaginn 17. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast Kristins er bent á Minningarsjóð Eirar, sími 522 5700.

Ragnar V. Kristinsson
Gunnhildur K. Kristinsdóttir
Helga E. Kristinsdóttir
afabörn og langafabörn.

Þór Þórisson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu langömmu og systur,

Pálinu A. Lórenzdóttir.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítalans við Hringbraut og Landakotspítala.

Aðalheiður G. Hauksdóttir
Hallgrímur L. Hauksson
Ása I. Hauksdóttir
Öömmubörn, langömmubörn og systkini.

Ágúst V. Árnason
Ingvaldur M. Tryggvadóttir
Benóný Áegisson



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Jónína Jónsdóttir

frá Gemlufalli, áður til heimilis að Safamýri 51, Reykjavík,

sem lést þann 2. ágúst sl. verður jarðsungið frá Háteigskirkju mánudaginn 16. ágúst kl. 13.00. Þökkum starfsfólki deildar 1 B á Eir fyrir góða umönnun undanfarin ár.

Sigríður Pétursdóttir
Jón Ágúst Pétursson
Ólafur Pétursson
Kristín Pétursdóttir
og barnabörn.

Jan Overmeer
Hólmfríður Helga Þórsdóttir
Anna M.P. Ólafsdóttir
Pröstur Harðarson



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og blyhubug vegna andláts og útfarar okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Úndínu Árnadóttir

frá Akureyri.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fyrir hlýja og góða umönnun.

Rafn Sveinsson
Sveinn Brynjar Sveinsson
Ívar Matthías Sveinsson
Árni Viðar Sveinsson
Ingibjörg Hrönn Sveinsdóttir
Kristján Arnar Sveinsson
ömmubörn og langömmubörn.

Kristín Jónsdóttir
Aðalheiður Stefánsdóttir
Sjöfn Magnúsdóttir
Margrét Sigmundsdóttir
Pétur Kjartansson
Gullveig Ósk Kristinsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Magnús

Guðmundsson,

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 8. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 16. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarkort Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, sími 525-0000.

Jóna Gísladóttir
Guðmundur Friðrik Sigurðsson
Axel Jónsson

Kristín Pálsdóttir
Þórunn María Halldórsdóttir
Óskar Jóhannsson
Guðmundur Jóhannesson
Gunnar Haukur Gunnarsson

Aðalheiður Dóra Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Pröstur Óskarsson



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð, blyhubug og vináttu við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Hreins Eyjólfssonar

vélsjóra, Laugarnesvegi 87, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til Karítas hjúkrunarþjónustu, starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, og annarra starfsmanna Landspítalans fyrir alúð þeirra við umönnunina í veikindum hans.

Jóhanna Hreinsdóttir
Steinþór Hreinsson
Guðrún Hreinsdóttir
Gestur Hreinsson
Hlynur Hreinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Benóni Torfi Eggertsson
Elín Skarphéðinsdóttir

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Erika Martins Carneiro



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, blyhubug og vináttu við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Jóns Salómons Jónssonar

frá Flateyri.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hann á Hrafnistu í Hafnarfirði.

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Svandís Jónsdóttir

Valborg Jónsdóttir

Grétar Arbergsson

Kristinn Þórhallsson

Birna Jónsdóttir

Magnfríður Jónsdóttir

Ólafur R. Jónsson

Björn Ágúst Jónsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Guðbjartur Guðbjartsson

Garðar Sigurgeirsson

Sólveig Jónsdóttir

Anna María Sigurðardóttir



Þökkum öllum heim sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför

Láru Böðvarsdóttur

frá Laugarvatni,
Barmahlíð 54, Reykjavík.

Eggert Hauksson
Ágústa Hauksdóttir
Ása Guðmundsdóttir
og fjölskyldur.

Jónas Ingimundarson



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Bogi Ingimarsson

hæstaréttarlögmaður,
Sigtúni 57, Reykjavík,

verður jarðsungið frá Háteigskirkju þriðjudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

Sigrún Sigurþórsdóttir
Sigurþór Bogason
Benedikt Bogason
og barnabörn.

Úlla Káradóttir



Innilegar þakkir færur við þeim sem sýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts og útfarar móður minnar,

Stellu Meyvantsdóttur

Selvogsgrunni 22, 104 Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á gjör-gæsludeild Landspítala Háskólasjúkrahúss.

Sigurður Þórarinnsson
og aðrir aðstandendur.



Móðir okkar,

Erla Geirsdóttir

Hamrahlíð 31,

er látin.

Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þökkum auðsýnda samúð.

Helga Björnsdóttir

Geir Björnsson

Halldóra Björnsdóttir

og fjölskyldur.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, blyhubug og vináttu við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

Sigríðar Unnar

Konráðsdóttur (Diddu)

Langhóltsvegi 142.

Sérstakar þakkir til Karítas hjúkrunarþjónustu, Guðlaugar Helgu Ásgeirsdóttur, prests líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, og öllu öðru starfsfólki líknardeildar fyrir alúð og góða umönnun.

Ægir Vigfússon

Viktor Ægisson

Konráð Ægisson

Aldis Björg Ægisdóttir

Guðlaug Konráðsdóttir

ömmubörn og langömmubörn.

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Þórunn Björg Birgisdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurlaug Jónsdóttir,

áður til heimilis á Laugarnesvegi 104,

lést þann 6. ágúst á deild H-1 á Hrafnistu Reykjavík. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu (að vestanverðu) þriðjudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

Ásdís Hannesdóttir, Gunnar Waage

Benedikt G. Waage

Davíð Waage, Carolina Castillo, Alexander og Isabella

Baldur Hannesson, Sangiam Phanomkul

Fjóla Ösp

Hlynur Baldursson, Anna Kr. Gústavsdóttir

Birna Íris og Máni Björn.

Lilja Björk Baldursdóttir, Kjartan Norðdahl

Karen Ösp, Tinna Marín, Kristel Lind og Jökull Logi



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Svavar Jóhannsson

fv. skipulagsstjóri Búnaðarbankans,
Brúnavegi 9, Reykjavík,

sem lést 8. ágúst sl. verður jarðsungið frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 17. ágúst kl. 15.00. Blóm eru vinsamlegast afþakkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktar- og minningargjafasjóð LSH.

Edda Svavarsdóttir

Jóhannes Svavarsson

Gunnar Svavarsson

Bragi Svavarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Birgir Hólm Björgvinsson

Unnur Guðjónsdóttir

Anna Þórsteinsdóttir

Áslaug Þórðardóttir



Okkar ástkæri

Ólafur Guðmundsson,

Hamarsgötu 4, Seltjarnarnesi,

lést miðvikudaginn 11. ágúst á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 19. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalásjóð Hringins, 5433724.

Kristín Bernhöft

María Fjóla Pétursdóttir

Þórður Orri Pétursson

Kristín Hlín Pétursdóttir

og börn.

Pétur Orri Þórðarson

Birnir Ásgeirsson

Hildur Harðardóttir

Davíð Sverrisson

Sögudagur haldinn í Skagafirði

Sturlungadagur verður haldinn hátíðlegur í annað sinn í Skagafirði í dag og að þessu sinni verður Brandi Kolbeinssyni gert hátt undir höfði. Dagskráin hefst á Reynistað klukkan 13 en þá mun Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagafirðinga, segja frá Ásbirningum, gömlu valdaættinni í Skagafirði sem barðist við Sturlunga, en þeirra á meðal var Brandur Kolbeinsson sem var drepinn í Hauganesbardaga. Við sama tilefni mun Laufey Guðmundsdóttir syngja ljóð sem voru samin eftir að hann var felldur.

„Klukkan 15 förum við svo að grundunum neðan við Hauganesið en þar verður grjótherinn formlega tekinn í notkun en hann er táknrænn fyrir þennan mannskæðasta bardaga Íslandssögunnar og er að finna einn stein fyrir hvern mann sem tók þátt í honum,“ segir Kristín Jónsdóttir, verkefnastjóri Á Sturlungaslóð. Klukkan 17 tekur sögumaður síðan á móti gestum og gangandi á Örylgsstöðum og fræðir þá um Örylgsstaðabardaga sem er fjölmennasti bardagi sem sögur fara af á Íslandi. „Um kvöldið verður svo efnt til Ásbirningablóts í Miðgarði. Þar mun Karla-kórinn Heimir syngja brot úr dagskrá



VIÐ HAUGANES Klukkan 15 verður grjótherinn verður formlega tekinn í notkun. Hver stein stendur fyrir hvern mann sem tók þátt í Hauganesbardaga.

sem var samin um Örylgsstaðabardaga auk þess sem Einar Káason rithöfundur, heimamaðurinn Bjarni Maronsson og matgæðingurinn Nanna Rögnvaldardóttir taka til máls,“ segir Kristín.

Sturlungadagurinn er liður í starfsemi verkefnisins Á Sturlungaslóð í Skagafirði sem var sett á laggirnar

sumarið 2008 en markmið þess er að nýta Sturlungu til að kynna sögustaði og efla ferðaþjónstu í Skagafirði, enda áttu margir stóratburðir sögunnar sér stað í héraðinu. „Við bjóðum upp á ferðir og leiðsögn um merka sögustaði auk þess sem við leitumst við að gera þá aðgengilegri með ýmsum hætti.“



Þökkum hlýhug og samúðarkveður vegna fráfalls ástkærs vinar okkar,

Ólafur Sigurðsson

frá Syðri-Gegnishólum,

sem var jarðsunninn 4. ágúst sl. Innilegar þakkir til starfsfólks Kumbaravogs fyrir góða umönnun.

Svala Steingrimsdóttir

Margrét Ívarsdóttir

og aðrir vandamenn.



Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samkennd, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa, langafa og vinar okkar allra,

Trausta Eyjólfssonar.

Gréta Finnbogadóttir

Þórunn Helga Traustadóttir

Gunnar Albert Traustason

Ólafur Árni Traustason

Jón Grétar Traustason

Sesselja Traustadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Stefán Már Halldórsson

Ásta Birna Stefánsdóttir

Auður Bergsteinsdóttir

Ingunn Hera Ármannsdóttir

Kjartan Guðnason



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afa og bróðir,

Árni Skarphéðinsson,

lést 12. ágúst á Heilbrigðisstofnuninni Hvammstanga.

Kristín Árnadóttir

Árni Þór Óskarsson

og systkini hins látna.

Jón Óli Sigurðsson



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afa og langafi,

Grétar Sigurðsson,

Hjaltabakka 14, Reykjavík,

sem lést að morgni fimmtudags 5. ágúst, verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju mánudaginn 16. ágúst kl. 13.00.

Sigríður Þóra Ingadóttir

Rósa Dagný Grétarsdóttir

Laufey Grétarsdóttir

Ingi Grétarsson

barnabörn og barnabarnabarn.

Guðni Þór Arnórsson

Eypór Harðarson

Svandís Geirsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall okkar elskulega bróður og frænna,

Gunnars Más

Hjálmtýssonar.

Sérstakar þakkir færur við starfs- og hjúkrunarfólki Grundar fyrir einstaka alúð, umönnun og vináttu í Gunnars garð.

Ásdís L. Hjálmtýsdóttir Callaghan

Jóhanna H. Hjálmtýsdóttir Thorarensen

og frændsystkinin.



Elskulegi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Þórður Bjarnar

Hafliðason,

áður til heimilis að Fífuhvamm 21 og Sjafnargötu 6,

er lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi 5. ágúst sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju Kópavogi mánudaginn 16. ágúst kl. 15.00.

Ásta Marteinsdóttir

Smári Elfar Þórðarson

Vilhjálmur Þórðarson, Heiðdís Sigursteinsdóttir, Marteinn

Bjarnar Þórðarson, Arnar Þórðarson, Bjarnheiður Þóra

Þórðardóttir, Sigurður Eggert Ingason,

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Alice Bergsson Nielsen

Rjúpnasölum 12, 201 Kópavogi,

lést sunnudaginn 8. ágúst á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi, þriðjudaginn 17. ágúst klukkan 11.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið og líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Örn Helgi Steingrímsson

Örn Hans Arnarson

Gústaf Arnarson

Arnar Hans Gústafsson

Johanna Friberg Arnarson

Eydís Alice Christina

Gústafsdóttir



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afa og langafi,

Gísli Guðmundsson

skipasmiður,

Vesturgötu 30, Reykjavík,

lést að morgni föstudagsins 30. júlí að hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin hefur þegar farið fram.

Guðmundur Gíslason, Katrín Kristjánsdóttir, Þórdís

Guðmundsdóttir, Inga Guðbjörg Guðmundsdóttir,

Guðmundur Sigursteinn Jónsson, Gísli Þór Guðmundsson,

Katrín Jóna Guðmundsdóttir.



Ástrík eiginkona, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ástríður Sveinsdóttir

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

er lést þann 6. ágúst, verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni í Reykjavík 18. ágúst kl. 15. Jarðsett verður í Hafnarfirði.

Magnús Ingi Sigurðsson

Helga Jóna Ólafsdóttir

Edda Ólafsdóttir

Þóra Ólafsdóttir

Sigríður Margrét Magnúsdóttir

Kristín María Magnúsdóttir

Herta Marianna Magnúsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Ásgeir Friðsteinsson

Aad Groeneweg

Björn Jónsson

Jón Magnús Sveinsson

Arthur Pétursson



Elskuleg eiginkona mín, móðir og frænka,

Auður Ingrún Gísladóttir

(Jonsson),

andaðist á heimili sínu í Kaliforníu, USA, fimmtudaginn 12. ágúst.

Hákon Arnar Jónsson

Jón Hákonarson

Friða Björg Aðalsteinsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, sonar, stjúpsonar, föður, fösturföður, tengdafaður, bróður og afa,

Jakobs Smára,

prófessors í sálfræði.

Guðbjörg Gústafsdóttir

Bergþór Smári

Örlygur Smári

Bergþór Smári

Unnur Jakobsdóttir Smári

Andri Valur Sigurðsson

Erla Bergþórsdóttir Smári

Júlíus Smári

Malín, Gunnar Berg, Jakob Þór, Heba, Hrönn, Tómas,

David, Sara Lind og Bryndís Ýr.

Anna Júlíusdóttir

Svava Gunnarsdóttir

Friðrik Magnus

Tinna Dögg Guðlaugsdóttir

Thomas Mathiesen

Bryndís Kristjánsdóttir

OPIÐ ALLA HELGINA

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

LANDSINS MESTA ÚRVAL
STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ

0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR
VAXTALAUST Í
6 MÁNUÐI

4 BLS
BÆKFLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM
FARTÖLVUTILBOÐUM

0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR
VAXTALAUST Í
6 MÁNUÐI

IS
FYRIR ALLA
LJÚFENGUR EMMESS
ÍS Í BOÐI MEÐAN
BIRGDIR ENDAST

VERÐ VORN
21% Bætur tilbætur vegna skattabætur á 1.10.09
Tilbætur er til áskilnaðs

OPPIÐ ALLA HELGINA
14-15 AGÚST

TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



acer apple ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

OPIÐ ALLA HELGINA
LAUGARDAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

HUGSAÐU

með **ThinkPad**



Tilboðsverð
159.900 KR.

ThinkPad Edge 15,6" AMD

LIPUR OG YFIRVEGUÐ



Innbyggð
vefmyndavél



15,6" skjár



320GB
harður diskur

NINJADAGUR NÝHERJA

Laugardaginn 14. ágúst frá klukkan 11-15

Pú gætir unnið glæsilega ThinkPad
X100e fartölvu frá Nýherja.
Bláu Ninjurnar verða á staðnum



Tilboðsverð
129.900 KR.

Lenovo G555

MEIRA FYRIR PENINGINN



Innbyggð
vefmyndavél



15,6" skjár



320GB
harður diskur

Skoðaðu úrvalið á netverslun.is

ThinkPad **lenovo** ideapad

NÝHERJI

Borgartúni 37 Kaupangi, Akureyri www.netverslun.is

BETRI LAUSNIR

Bölvun smokksins

BAKPANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar

Smokkurinn er hraðahindrun í kynlífi. Þegar fólk er búð að kyssa, sleikja, rúnka og byrjað að klístrast saman af frygð er komið að því að hinkra, opna umbúðir og klæða einygdá tvíburabróðurinn í kæfandi latexbúning svo hann valdi hvorki sér né öðrum skaða. Hann heldur svo sína leið. Sumir bílar komast reyndar ekki yfir hraðahindranir, en þeir eru yfirleitt hraðskreiðir sportbílar (ef þið vitið hvað ég meina).



SUMIR hafa ekki kunnáttuna. Í góðum Seinfeld-þætti barðist George Costanza við umbúðirnar á meðan kærastan hvatti hann til dáða. Hún sagði honum að rífa, en hann þráði við og reyndi að opna umbúðirnar eins og poka af kartöfluflogum. Þegar það tókst var búð að hengja hvíta fánann utan um vininn (ef þið vitið hvað ég meina).

SVO ERU SUMIR sem nenna ekki. Það er glatað viðhorf í 317.900 manna samfélagi, enda nógu erfitt að forðast sífjaspell á þessu skeri þar sem við erum nánast öll undan sama fólkinu sem reið hvert öðru milli þess sem það hjó frændr sína og bræðr. Þess vegna er ómurlagt að kynsjúkdómar dreifist vegna leti. Leti er reyndar rót margra vandamála; samfélags- og líkamlegra og á enga sameið með kynlífi, sem á að vera tápmikið og lostafullt.

SÓTTVARNAARLÆKNIR hefur áhyggjur af því að smokkaskattur sé of háur og heilbrigðisráðherra segir beiðni frá Sóttvarnaráði liggja fyrir um aðgang ungs fólks að ókeypis smokkum. Smokkar mættu vera ókeypis frekar en margt annað, en ég held að það sé eitthvað annað en verið sem veldur því að ungmenni kæri sig ekki um að nota þá.

PAKKI með tólf smokkum kostar í kringum 1.500 kall. Samkvæmt því er fórnarkostnaður hvernar umferðar af kynlífi 125 krónur. Þessi 1.500 kall er jafnvirði einnar bíóferðar. Eða tæpra átta lítra af bensíni. Eða einnar hamborgaramáltíðar. Playboy-blað Ásdísar Ránar kostar meira en 1.500 kall. Ég geri mér grein fyrir því að hormónasturlaður unglingur getur farið fleiri en tólf umferðir í klósettrúlluna yfir blaði sem er fullt af berum konum, en hugsanlega á hann eftir að komast að því að lófinn er aumur staðgengill samneytis við aðra manneskju.

LÍFSEIGUSTU rökin fyrir því að smokkurinn sé bölvun er tilfinningin. Að ríða berbakt er allt annað en að ríða með hnakk. Hnakkurinn veitir öryggisþilfinningu á meðan hitt veitir óheft frelsi. Það meikar samt engan sens að hoppa upp á næstu hryssu sem maður sér og ríða henni berbakt. Maður hefur hnakkinn undir sér þar til gagnkvæmt traust myndast (ef þið vitið hvað ég meina).

myndasögur

■ Pondus



Eftir Frode Øverli

■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

■ Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Kynnir barnabókina um Rikku erlendis

„Þetta var alveg svakalega gaman og börnin voru mjög forvitin um Ísland,“ segir Hendrikka Waage, skartgripahönnuður og rithöfundur, en hún kynnti nýlega bók sína, Rikka og töfrahingurinn, í bókaverslun Sameinuðu þjóðanna í New York. „Ég hef verið í nánú samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar vegna góðgerðarsamtakanna minna, Kids Parliament, eða Alþingi unga fólksins, og samtökin buðu mér því að vera með þetta kynningarkvöld í búðinni sinni. Bæði til að kynna bókina og sjálft landið okkar, Ísland,“ segir Hendrikka en þegar Fréttablaðið náði af henni tali var hún stödd á flugvelli í Apenu á

leið til London. „Ég er stanslaust á ferð og flugi um heiminn. Sem er bara frábært.“
Yfir hundrað manns mættu á kynninguna þar sem Hendrikka áritaði eintök og las upp úr bókinni. Meðal gesta á upplestrinum voru um 50 börn úr Vanderbilt YMCA-barnaskólanum í New York „Þau voru mjög forvitin um Ísland. Ég byrjaði á að spyrja hvað þau vissu um landið og þá rétti einn strákurinn upp hönd og sagði: „Já, ég veit það er allt undir ís.“ Ég gat sem betur fer leiðrétt það og sagt þeim aðeins betur frá Íslandi,“ segir Hendrikka glöð í bragði. Að upplestrinum lokn-

um fengu öll börnin áritað eintak af bókinni, íslenska fánann og íslenskt vatn.
Bókin um Rikku og töfrahinginn er sú fyrsta í sjö bóka seríu en næsta bók kemur út fyrir næstu jól. „Bók númer tvö á að koma út fyrir jólin og fjallar hún um Rikku og töfrahinginn á Indlandi,“ segir Hendrikka en hún hefur mikið verið á Indlandi starfs síns vegna og fannst kominn tími til að kynna Indland fyrir börnunum. „Ég stefni á að gefa út tvær bækur á ári í seríunni, eina á vorin og eina á veturna, um hana Rikku og tek þá fyrir eitt land í einu,“ segir Hendrikka að lokum.



HLUSTAÐ AF ATHYGLI Hendrikka Waage kynnti land og þjóð fyrir hundrað manns í bókaverslun Sameinuðu þjóðanna í New York.

150 milljónir fyrir þáttinn

Leikararnir Charlie Sheen og Hugh Laurie og spjallþáttstjórnandinn Oprah Winfrey eru meðal þeirra sjónvarpsmanna í Bandaríkjunum sem hæst launin hafa segir í tímaritinu TV Guide. Sheen fær rúmar 150 milljónir króna fyrir hvern þátt af Two and a Half Men en mótleikari hans, Jon Cryer, fær tæpar 70 milljónir. Dan Castellana og Julie Kavner, sem tala fyrir Hómer og Marge í Simpsons-þáttunum, koma þar á eftir með um 50 milljónir hvort fyrir þáttinn. Bretinn Hugh Laurie fær sömuleiðis um 50 milljónir fyrir hvern þátt af House.



CHARLIE SHEEN
Fær um 150 milljónir fyrir hvern þátt af Two and a Half Men og ætti því að eiga fyrir salti í grautinn.



KOMIN MEÐ NÝJA Grammer er byrjaður með 26 ára gamalli flugfreyju.

Yngdi upp um 29 ár

Leikarinn Kelsey Grammer hefur undanfarið sést með unga dómu upp arminn en Grammer skildi í sumar við eiginkonu sína, Camille Donatucci, eftir þrettán ára hjónaband. Nýja kærasta Grammer er 26 ára flugfreyja en leikarinn er 55 ára og því heil 29 ár sem skilur parið að. Nú hefur slúðurpressan vestanhafs farið á flug og margar fréttir herma að stúlkan sé ólétt og Grammer sé pabbinn.

NÝTT LEIKÁR
HAFIÐ
2010-2011
WWW.LEIKFELAG.IS

ÁSKRIFTARKORT
LEIKFÉLAGSINS
LEIKÁR 2010-2011

MEÐ ÁSKRIFTARKORTI FÆRÐ ÞÚ ÖRUGGT SÆTI Á:

K

SALA ÁSKRIFTARKORTA HEFST Í DAG!

GÓÐ SKEMMTUN Í ALLAN VETUR Á FRÁBÆRU VERÐI!
FJÓRAR LEIKSÝNINGAR Á AÐEINS **9.900 kr.**
í áskriftarkortinu eru tvær af uppsetningum LA og svo velur þú tvær af öðrum leiksýningum vetrarins!

UNGT FÓLK TRYGGIR SÉR ÖRUGGT SÆTI Á FJÓRAR LEIKSÝNINGAR HJÁ LA Á AÐEINS **5.500 kr.***
*fyrir 25 ára og yngri.

Sala áskorta fer fram í miðasölu LA, í síma 4 600 200 og á www.leikfelag.is

HÖRUNDAR PHILIP LAZERNIK & ANGSLEY DAY
FRUMSÝNING 4. MARS

ÞÓGLI ÞJENNINN

Jesus litli

V

... OG VELUR SVO TIL VIÐBÓTAR TVÆR AF EFTIR-FARANDI SÝNINGUM:

THE ROCKY HORROR SHOW

Harry og Heimir

Algjör Sveppi

Villidýp

AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVELAR

Pinnurinn

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

> EINLITT EÐA MYNSTUR

Litrík og æpandi myndur hafa mikið verið í tísku undanfarið og virðist ekkert lát vera þar á. Nú er enginn ekki maður með mönnum nema hann eigi í það minnsta eitt par af mynduðum buxum í fataskápnunum.



stíll

utlit@frettabladid.is

Ótrúlega flottan kjól frá íslenska merkinu Kalda. Fæst í versluninni Einveru við Laugaveg.



Sætar sokkabuxur í anda „pin-up“-stúlnanna. Fást í versluninni Einstökum ostakökum við Laugaveg.

OKKUR LANGAR Í ...

Yndislegt raka-krem sem ilmar af sumri og ferskleika frá L'Occitane.



DADRAÐ VIÐ TÍSKUNA SARA MCMAHON

Það er kúnst að klæða sig

Það er skuggalega lítið eftir af sumrinu sem mér finnst samt bara nýkomið. Hrædd um að síðasti sumarmánuðurinn myndi renna mér úr greipum var ákveðið að bruna út úr bænum og fara í fyrstu útilegu sumarsins. Tjaldinu var komið fyrir í skottinu á bilnum og hlýjum fötum pakkað í bakpoka og svo var ekið af stað sem leið lá burt úr miðbænum og út í sveitasæluna.



Ég á þó alltaf svolítið erfitt með að pakka niður fyrir útilegur því veðrið hér á landi er óútreiknanlegt og þess vegna neyðist maður til að pakka bæði stuttbuxur og pollagalla fyrir sömu ferðina. Ég hef lagt það í vana minn að pakka alltaf joggingbuxur og svo bolum og peysum af öllum stærðum og gerðum þannig ég geti nokkurn veginn tæklað allt sem íslenskt veður hefur upp á að bjóða.

Því miður bý ég ekki svo vel að eiga sett af fínum útivistarfötum og læt því gamlar ullarpeysur og regnbuxur frá tímum unglíngavinnunnar duga. Valið á peysum og bolum fer fyrst og fremst eftir sídd erma og þykkt og gerð efnis, ég spái lítið í hvernig ullarpeysurnar muni fara við joggingbuxurnar eða hvort þær passi yfirhöfuð við buxurnar.

Þegar í sveitina er komið og tjaldið er risið og farið er að kólna verður klæðaburðurinn æ furðulegri eftir því sem líður á kvöldið. Ég mæti ef til vill ekki ströngustu kröfum um fagurfræði en mér er hlýtt og það er fyrir öllu. Stundum öfunda ég sambýlinginn af hans fínu útivistarfötum en þrátt fyrir það hef ég ekki fundið það í mér að eyða fatapeningnum mínum í slíkan lúxus þegar ég get frekar keypt mér sparikjól. Og einmitt þess vegna lít ég oftast út eins og útþaninn trúður í útilegum.



SVEITALEG
Fyrirsæta klæðist fallegu blómálsi við reimuð, háhæluð stígvél.



GULLFALLEGT
Fallegur gulur kjóll og hlýlegt vesti við.



ALDREI OF MIKIÐ AF BLÓMUM
Fallegt pils við skemmtilega blússu, minnir mikið á sjötta áratuginn.

SPORT 2
enski boltinn

Síminn

ICELANDAIR

101

OPIN KERFI

TRYGGÐU ÞÉR BESTA SÆTIÐ

Við sýnum 380 leiki í Enska boltanum í vetur. Fylgstu með frá upphafi.

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS

VERÐ FRÁ AÐEINS 140 KR. Á DAG*

*VILDARÁSKRIFENDUR FÁ ALLT AÐ 30% AFSLÁTT AF SPORT 2

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SJÖTTI ÁRATUGURINN VEITIR INNBLÁSTUR:

BLÓM OG RÓMANTÍK

Meðal þeirra áhrifa sem gættir í haust- og vetrartískunni í ár eru blómleg pils, flegin hálsnál og há mitti í anda sjötta áratugarins. Stíllinn minnir stundum á Söndru Dee úr kvikmyndinni Grease, svolítið sakleysilegur en dregur samt fram kvenlegar línur líkamans.



FLOTT FRÁ FENDI
Æðislega falleg pilsdragt frá Fendi, minnir eilítið á breska sveitasælu.

NORDICPHOTOS/GETTY



RÓMANTÍK
Cacharel blandaði saman blómamynstri við dekkri tóna og varð útkoman fullorðinsleg rómantik.

FALLEGT FRÁ CACHAREL
Skemmtilegur kjóll með síðu V-hálsnáli. Blómamynstrið líffgar upp á flikina án þess að draga úr kvenleikanum.



Eitt verð - fyrir klárar konur

Má bjóða þér aðgang að öllum tímum, jafnt opnum sem lokuðum námskeiðum?

Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði og hefur aðgang að öllu þessu með þátttöku í KK klúbbum. Klárar konur sjá hvaða leið er hagstæðust.

Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði og færð frítt í alla opna og LOKAÐA tíma.

Hot jóga - **frítt**

Heilsuátak - **frítt**

Aðhaldsnámskeið - **frítt**

Tabata - **frítt**

Afró - **frítt**

Magadans - **frítt**

Bollywood - **frítt**

Les Mills tímar - **frítt**

Salsa - **frítt**

Flamenco - **frítt**

Tæbox - **frítt**

o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreidri.

Baðhúsið - fyrir klárar konur
Vertu velkomin.



Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk



BADHÚSIÐ

www.badhusid.is
Sími 515 1900

5.590* á mánuði í KK áskriftarklúbbum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leiðir, Skólaáskrift, Grunnáskrift og Eðaláskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum fylgir Grunn- og Eðaláskrift.

HAUSTVÖRUR

GLÆSILEGAR HAUSTVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

NÚNA
25%
AFSLÁTTUR



COBRA tungusófi. Fæst með Vienna brons og svörtu áklæði. B:250 D:83/145 H:80 cm. Fæst með hægri og vinstri tungu.

149.980

FULLT VERÐ: 199.980

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR



CLAUDIA svefnsófi. Hawaii áklæði. B:195 D:95/110 H:88 cm.

34.990

FULLT VERÐ: 49.980

NÚNA
55%
AFSLÁTTUR



2 SÆTA SÓFI

79.990

FULLT VERÐ: 109.980

3 SÆTA SÓFI

99.990

FULLT VERÐ: 139.980

NÚNA
25%
AFSLÁTTUR



LA Z BOY

HARBOR TOWN La-z-boy stóll. B:74 D:80 H:103 cm. Fæst með natur og brúnu áklæði.

94.990

FULLT VERÐ: 129.980

NÚNA
25%
AFSLÁTTUR



LA Z BOY

ASPEN La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:100 cm.

Fæst með hvítu, svörtu og brúnu leðri.

99.980

FULLT VERÐ: 139.980

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR




DALLAS barstóll. Svart leður.

16.790

FULLT VERÐ: 23.990

490


SPIZY serviettur.
20 stk. í pakka.



NÝ VÖRULÍNA í smávörudeild

490

SPIZY diskamottur.
Margir litir.



490

SPIZY kanna.



690

SPIZY borðtuskur.
2 stk. í pakka.



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

BORMIOLI desert skál. 10 cm.
BORMIOLI líkjörsglas
BORMIOLI Long drink glas 41 cl.
BORMIOLI Whisky glas 19,5 cl.
BORMIOLI vatnsglas 30 cl.

340 Fullt verð: 490
190 Fullt verð: 290
340 Fullt verð: 490
250 Fullt verð: 360
250 Fullt verð: 390



> FÍNT AÐ VERA EINN

Jennifer Aniston segir að of margir sætti sig við að vera í föstu sambandi vegna þess að þeir eru hræddir við að vera einir. „Málið snýst um að finna réttu manneskjuna og festa sig ekki þangað til. Margt einhleyp fólk er hamingjusamt og ég veit um fullt af giftu fólki sem er ekkert ánægt með lífið.“



fólk
folk@frettabla

Dauðarokkarar kveðja í bili

„Við erum mjög spenntir. Það verður gaman að fá að kveðja landann með dúndurtónleikum,“ segir söngvarinn Ingólfur Ólafsson. Dauðarokksveitin Severed Crotch heldur kveðjutónleika á Sódómu á laugardagskvöld. Ástæðan er sú að trommarinn, Gunnar Þór Einarsson, er að flytja til Kanada í hljóðvinnslunám í að minnsta kosti eitt ár. Á meðan tekur sveitin sér hlé frá tónleikahaldi.

Severed Crotch hefur starfað frá árinu 2004 og hefur með árunum sannað sig sem ein fremsta öfgarokksveit landsins. Í sumar gaf sveitin út sína fyrstu stóru plötu, The Nature of Entropy, og verða lög af henni spiluð á tónleikum.

Ingólfur viðurkennir að það sé dálítið skrítið að sveitin haldi kveðjutónleika

rétt eftir að hafa gefið út sína fyrstu plötu. „En á sama tíma fáum við tíma til að einbeita okkur að því að semja nýtt efni fyrir næstu útgáfu. Við gerum það besta úr þessu.“

Severed Crotch hefur spilað einu sinni erlendis, í Hollandi árið 2008. Sveitin hyggur á frekari landvinninga, enda erfið að spila sífellt fyrir sama fólki hér á landi. „Við ætlum að reyna að skipuleggja tónleika erlendis fyrir næsta sumar og hugsanlega eitthvað í Norður-Ameríku,“ segir Ingólfur.

Hljómsveitirnar Manslaughter, Angst og Gone Postal spila einnig á tónleikum á Sódómu, sem hefjast klukkan 23. Ókeypiss er inn og aldurstakmark er 18 ár.



SEVERED CROTCH Íslenska dauðarokksveitin spilar á kveðjutónleikum á Sódómu á laugardagskvöld.

Aðdáendur fá þakki



Söngvarinn Robbie Williams, sem gekk að eiga Anya Field um síðustu helgi, hefur sent aðdáendum sínum skilaboð þar sem hann þakkar þeim fyrir stuðninginn.

Hann bætir við að hann hafi aldrei verið hamingjusamari. „Takk fyrir allar kveðjurnar. Þær skipta okkur miklu máli. Svo virðist sem endirinn verði góður eftir allt saman,“ sagði Williams, sem er einnig ánægður með samstarfið við sína gömlu hljómsveit, Take That. „Ég hef aldrei verið hamingjusamari í tónlistinni. Ég hef ekki bara eignast eiginkonu heldur líka fjóra bræður.“

ROBBIE WILLIAMS Söngvarinn hefur þakkað aðdáendum sínum fyrir stuðninginn að undanförunum.

Gera heimildarmynd um heitar laugar á Íslandi

Vinkonurnar Harpa Fönn Sigurjónsdóttir og Helga Sveinsdóttir ferðuðust um á puttanum í sumar og prófuðu heitu laugar sem landið hefur upp á að bjóða.

„Undirbúningur fyrir verkefnið hófst í kringum síðustu jól eftir að við rákumst á bókina Heitar laugar á Íslandi. Við höfum báðar ferðast mikið erlendis en hingað til hefur það farið forgörðum að ferðast um landið okkar, Ísland. Okkur langaði til þess að ferðast um landið á puttanum og ákváðum að slá tvær flugur í einu höggi og gerast puttaferðalangar og heimsækja flestar heitar laugar landsins í leiðinni,“ útskýrir Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, sem lagði land undir fót ásamt vinkonu sinni, Helgu Sveinsdóttur.

Stúlkurnar höfðu kvikmyndavél með í för og í haust hyggjast þær gefa út heimildarmynd sem fjallar um ferðir þeirra um landið.

Harpa Fönn og Helga hückuðu sér far alla leið austur á Seyðisfjörð þaðan sem þær héldu áfram upp á hálendi Íslands. Stúlkurnar heimsóttu meðal annars Kárahnjúka, Óskju, Mývatnssveit og Sprengisand og segir Harpa Fönn það hafa gengið misvel að fá far milli staða. „Það var alveg merkilega auðvelt að fá far við hringveginn en það var mun erfiðara á hálendinu, enda færri á ferð um það svæði. Það kom okkur í raun svolítið á óvart hvað Íslendingar voru duglegir að stoppa fyrir puttaferðalöngum.“

Harpa Fönn segir margar fallegar laugar leynast víða á landinu, en það kom þó fyrir að stúlkurnar yrðu fyrir vonbrigðum. „Við lentum tvisvar í því að koma að uppþornuðum laugum og aðrar voru einfaldlega of heitar til að baða sig í. Flestar voru þó afskaplega notaðlegar og Kaldbakslaug var eiginlega eins og stór tjörn þar sem við gátum tekið góðan sundsprett.“ Innt eftir því hvaða laug henni



PUTTAFERÐALANGAR Harpa Fönn Sigurjónsdóttir og Helga Sveinsdóttir ferðuðust um landið á puttanum og vinna nú að heimildarmynd um ævintýri sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hafi þótt fallegust svarar hún án þess að hika. „Laugin við Laugafell var án efa fallegust. Við náðum að plata hollenska parið sem hafði tekið okkur upp í til að koma með og þau sáu svo sannarlega ekki

eftir því,“ segir Harpa glaðlega. Stúlkurnar héldu úti bloggi meðan á ferðalaginu stóð og hægt er að skoða það á síðunni www.heitarlaugar.blogspot.com.

sara@frettabladid.is

MÓTETTUKÓR
HALLGRÍMSKIRKJU

Mótettukórinn getur nú bætt við sig nokkrum góðum tenörum vegna næsta starfsárs. Reynsla og nótnalestur eru æskileg skilyrði.

Meðal verkefna framundan eru fjólradda mótettur eftir J.S. Bach, Eric Whitacre og Max Reger á tónleikum í lok október og fjölmörg önnur krefjandi verk.

Áheyrnarprufur

30. og 31. ágúst 2010
í Hallgrímskirkju.
Skráningar í síma 510 1000
motettukor@hallgrimskirkja.is

www.motettukor.is
www.facebook.com/motettukor

BRÚÐUHEIMAR

Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00

Leikbrúðusafn - Brúðuleikhúsið
Veitingar - Gjöfavaða
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000



SPORT 2
enski boltinn

Síminn ICELANDAIR 101 OPIN KERFI

SUNNUDAGSMESSAN
Gummi Ben. og Hjörvar gera upp leiki helgarinnar
alla sunnudaga kl. 17:00

TRYGGDU ÞÉR
ÁSKRIFT Í
SÍMA 512 5100
EÐA Á STOD2.IS

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Heróín og hommaklám á RIFF

Um þrjátíu heimildarmyndir verða sýndar á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í haust. Myndirnar eiga það allar sameiginlegt að hafa gert það gott á kvikmyndahátíðum víða um heim að undanförunum. Þær fjalla meðal annars um eiturlyf í Afganistan og hommaklám.

Í myndinni Addicted in Afghanistan er fylgst með Jabar og Zahir, tveimur 15 ára gömlum drengjum sem búa í Kabúl og eru báðir háðir heróíni. Þeim er fylgt eftir í heilt ár þar sem þeir takast á við hversdagsleikann frá degi til dags.

Myndin All Boys frá Finnlandi fjallar um hommaklám. Þar er skoðað hvernig slík kvikmyndagerð fer fram í austurhluta Evrópu. Þar leiðast fátækir, ómenntaðir og atvinnulausir ungir menn inn í þennan heim, sem um margt er afar óhugnanlegur.

Í bandarísku myndinni Monica And David er fylgst með hjónabandi tveggja einstaklinga með Downs-heilkennið og fjölskyldum þeirra sem reyna að styðja



EITURLYF Í AFGANISTAN Heimildarmyndin Addicted in Afghanistan fjallar um fimmtán ára drengi sem eru háðir heróíni.

þau með ráðum og dád. Monica og David eru að mörgu leyti eins og börn en þrá fullorðinslega hluti. Nánari upplýsingar um kvikmyndahátíðina má finna á Riff.is.

Twitter fyrir uppistand

Breski leikarinn Stephen Fry ætlar að koma fram á uppistandssýningu í Royal Albert Hall í London 20. september. Hann ætlar að biðja fylgjendur sína á síðunni Twitter að benda sér á hentug umfjöllunarefni. Stutt er síðan Fry hélt fjórar svipaðar sýningar í Sydney og Melbourne í Ástralíu. „Ég hef verið kynnir og gestur á þessum merka stað mörgum sinnum en ég haf aldrei verið með mína eigin sýningu þar. Ég er mjög spenntur,“ sagði Fry. Hann bætti við að ef sýningin gengur vel gæti hann farið í uppistandsferðalag um Bretland í einn mánuð.



STEPHEN FRY Breski leikarinn verður með uppistand í London 20. september.

Mamman daðrar við Brand

Bandaríska söngkonan Katy Perry segist eiga gott samband við foreldra sína nú þegar hún er komin á fullorðinsaldur. Hún viðurkenndi í nýlegu viðtali við tímaritið Glamour UK að foreldrar hennar hafi þó ekki verið samþykkir sambandi hennar og Russells Brand í fyrstu. „Þau vissu mjög lítið um hann, en leyfðu honum þó að njóta vafans.“

Brand átti ekki í erfiðleikum með að heilla foreldra unnustu sinnar upp úr skónum og segir Perry að móðir hennar sé afskaplega hrifin af Brand. „Hann er mjög heillandi og á í ástarsambandi við móður mína í gegnum Netið. Hún daðrar við hann og mér finnst það einstaklega óviðeigandi og hef beðið hann vinsamlegast að hætta,“ sagði söngkonan sem mun giftast grínistanum síðar á árinu.



ÓVIÐEIGANDI Móðir söngkonunnar Katy Perry daðrar við unnustu hennar í gegnum vefpóst.

NORDICPHOTOS/GETTY

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 14. ágúst 2010

→ Tónleikar

14.30 Ópera Gala flytur Vínararíur og dúetta á Isafirði í dag, í Rögvaldarsal, **Edinborgarhúsinu**. Tónleikarnir hefjast kl. 14.30. Miðaverð er 1.000 krónur.

22.00 Hljómsveitin **Severed Crotch** verður með tónleika á **Sódoma Reykjavík** í kvöld kl. 22.00. Frítt inn.

23.00 Hljómsveitirnar **Reginfirra** og **Moses Hightower** ásamt **Asamasada** verða með tónleika í kvöld á **Faktory**. Húsið opnar kl. 22.00 en tónleikarnir hefjast kl. 23.00. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

→ Tyllidagar

11.30 Sjóræningjadagurinn mikli verður haldinn í **Viðey** í dag. Fjár-sjóðsleit hefst kl. 11.30. Ferjutollur fyrir fullorðna er 1.000 krónur, 500 krónur fyrir börn. Frítt fyrir 6 ára og yngri.



→ Opnanir

14.00 Sigríður Ásgeirsdóttir opnar sýningu sína „**Heima**“ í Listmunahorni **Árbæjarsafns** í dag kl. 14.00. Sýningin stendur til 31. ágúst.

15.00 Sigurður Örlýgsson opnar myndlistarsýningu sína í **Listhúsi Ófeigs**, að Skólavörðustíg 5, kl. 15.00. Sýningunni lýkur 7. september.

16.00 Þrándur Þórarinnsson opnar málverkasýningu sína, „**Duttlungar**“ að **Laugavegi 26** (áður Skífan) í dag kl. 16.00. Sýningin stendur til 26. ágúst.

17.00 Í dag opnar sýning 17 listamanna, af ýmsum þjóðernum, í **Kling & Bang gallerí**, að Hverfisgötu 42. Sýningin opnar kl. 17.00. Aðgangseyrir er enginn og allir velkomnir.

Sunnudagur 15. ágúst 2010

→ Tónleikar

13.00 Í **Norræna húsinu** verða fjölskyldutónleikar í dag. Kl. 13.00 mun **Memfismafían** spila lög af plötunum **Gilligill** og **Diskóeyja**. Kl. 14.00 verða tónleikar á vegum **Jazzhátíðar Reykjavíkur**. Aðgangur ókeypis.

16.00 Hallveig Rúnarsdóttir og Hrönn Þráinsdóttir flytja lög úr Sjálfstæðu fólki og Frauenliebe und- leben op. 42 á stofutónleikum Gljúfrasteins í dag kl. 16.00. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

→ Tyllidagar

13.00 Skákmót verður haldið í **Árbæjarsafni** í dag kl. 13.00 og má þar finna lífandi tafl meðal annars.



→ Opnanir

15.00 Formleg opnun málverkasýningarinnar „**Gleði í lit**“ verður í **Skálholts-skóla**, Skálholtsstað kl. 15.00. Sýningin stendur fram í október.

→ Dansleikir

20.00 Dansleikur **Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni** verður að **Stangarhyl 4**, í kvöld kl. 20.00-23.30. Danshljómsveitin Klassík leikur danslög.

→ Leiðsögn

15.00 Jón B. K. Ransu verður með leiðsögn um sýninguna „**Gerður og Gurdjeff**“ í **Gerðarsafni**, Hamraborg 4 í Kópavogi. Leiðsögnin hefst kl. 15.00.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Frítt í jóga

Jóga stúdíó opnar á nýjum stað að Seljarvegi 2

(við hliðina á Loftkastalanum í gamla Héðinshúsinu).



Af því tilefni bjóðum við alla velkomna á fría kynningarviku dagana 16.-21. ágúst.

Við munum einnig bjóða 15 % afsl. af kortum alla vikuna.

Nánari upplýsingar um tíma á www.jogastudio.is.



Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@jogastudio.is



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Atladóttir
695-8464

Hjónabandið krefst mikillar vinnu

Leikkonan Jessica Alba hefur verið gift handritshöfundinum Cash Warren frá árinu 2008 og eiga þau saman eina dóttur. Leikkonan lítur hjónabandið þó raunsæjum augum og segir mikla vinnu liggja að baki farsælu hjónabandi. „Það er erfitt að vera giftur. Fólk reynir sitt besta en þetta krefst mikillar tilitssemi og það getur reynst mörgum erfitt. Flestir vilja helst vera sjálfsekskir og gera hlutina eftir sínu höfði, en í hjónabandi er ekki pláss fyrir slíkan þanka-gang. Þetta er mikil vinna,“ sagði hin snoppufríða leik-



kona sem segist þó hafa góðar fyrirmyndir í foreldrum sínum. „Foreldrar mínir hafa sett gott fordæmi og sannað það að fólk geti lifað hamingjusamlega til æviloka. Þau byrjuðu saman mjög ung og eru enn hamingjusamlega gift. Með slíkar fyrirmyndir virðist allt mögulegt, þrátt fyrir tölfræðina.“

MIKIL VINNA Leikkonan Jessica Alba segir mikla vinnu liggja að baki góðu hjónabandi.



EFTIRHERMA

Ásta Kristjánsdóttir og Heba Hallgrímsdóttir eiga saman hönnunarkerkið E-label. Söngkonan Beyoncé bættist í hóp viðskiptavina merkisins í nóvember í fyrra. Hér má sjá myndir af umræddum buxum og getur nú hver dæmt fyrir sig.



Beyoncé apar eftir E-label

Buxur í nýrri haustlínu tískumerkisins Dereon, sem er í eigu söngkonunnar Beyoncé, þykja afskaplega líkar buxum frá E-label, sem söngkonan keypti í haust.

„Þetta er náttúrulega rosalegt og maður er í hálfgerðu sjokki. Ég kveikti ekki strax á því að þetta væri hennar lína heldur hélt ég að hún væri í leggings frá okkur. Þetta er nánast bara *copy/paste*,“ segir Heba Hallgrímsdóttir, annar eigenda hönnunarkerkisins E-label.

Í nýrri haustlínu tískumerkisins Dereon, sem söngkonan Beyoncé

rekur ásamt móður sinni, sést Beyoncé skarta leggingsbuxum sem eru ískyggilega líkar leggingsbuxum frá E-label.

Buxurnar sem um ræðir eru hönnun Ásgríms Más Friðrikssonar og eru svartar að lit og prýddar göddum að framanverðu. Fréttablaðið greindi frá því í lok nóvember í fyrra að söngkonan hafi einmitt keypt slíkar leggings í tiskuversluninni Topshop í London og því þykir þetta skritin tilviljun.

Innt eftir því hvort eigendur E-label ætli að höfða mál gegn söngkonunni segist Heba ekki geta sagt til um það að svo stöddu. „Ég var bara að heyra af þessu og því hefur engin ákvörðun verið tekin.

Við þurfum að skoða buxurnar frá henni betur því samkvæmt lögum telst það ekki stuldur ef ákveðið mörg atriði eru frábrugðin upprunalegu hönnuninni,“ segir Heba og bætir við að þegar Beyoncé hafi keypt leggingsbuxurnar hafi þær verið þær seldar í Edit-eild Topshop sem selur hönnun lítilla og óþektra hönnuða.

Aðspurð segir Heba þær ekki hafa skráð hönnun sína en telur að vegna fréttalutnings bæði hér á landi og erlendis geti þær auðveldlega sannað sitt mál komi til þess. „En ef fólk vill kaupa upprunalegu buxurnar þá getur það kíkt til okkar á Laugavegi 27,“ segir Heba að lokum og hlær.

- sm



ÁKVEÐIN BÖRN Leikkonan Angelina Jolie segir börn sín vera mjög ákveðin.

NORDICPHOTOS/GETTY

Shiloh ákveðin

Leikkonan Angelina Jolie hefur verið dugleg að kynna nýjustu kvikmynd sína, hasarmyndina Salt, víða um heim. Hún hefur veitt mörg viðtöl í því skyni og fjalla flest þeirra um fjölskyldulíf hennar og Brads Pitt. Í einu slíku viðtali segist leikkonan ekki geta stjórnað því sem dóttir hennar, Shiloh, klæðist því stúlkan sé afskaplega ákveðin lítill einstaklingur. „Valið er ekki mitt. Ég á mjög ákveðna

fjögurra ára stúlku sem segir mér í hverju hún vill vera og ég leyfi henni að ráða því. Mér finnst að börn eigi að fá frelsi til að tjá sig á þann hátt sem þau kjósa,“ sagði Jolie, en hún hefur verið gagnrýnd fyrir að leyfa dóttur sinni að klæða sig eins og strákur.

„Önnur dóttir mín, Zahara, klæðir sig aftur á móti mjög stelpulega og vill helst bleik fót, pífur og blóm.“

„Þetta er náttúrulega rosalegt og maður er í hálfgerðu sjokki. Ég kveikti ekki strax á því að þetta væri hennar lína heldur hélt ég að hún væri í leggings frá okkur. Þetta er nánast bara *copy/paste*,“ segir Heba Hallgrímsdóttir, annar eigenda hönnunarkerkisins E-label.

Í nýrri haustlínu tískumerkisins Dereon, sem söngkonan Beyoncé

FYLGSTU MEÐ Á HLAUPUM!



Tilboðsverð
69.900

FORERUNNER 310XT

Fyrir alhliða íþróttaiðkun

Forerunner 310XT úrið er með GPS staðsetningartæki og HotFix® gervitunglamóttöku. Rafflaða endist í 20 klukkustundir og úrið er vatnshelt niður á 50 metra dýpi, svo það hentar einstaklega vel til íþróttaiðkunar og útiveru.

Forerunner 310XT geymir upplýsingar um æfingatíma, hraða, vegalengd, brennslu og hjartslátt. Þráðlaus tölvusamskipti og notendavænn hugbúnaður auðveldar geymslu á upplýsingum svo þægilegt er að fá ítarlega yfirsýn yfir árangur.



Nýtt og
einfaldara viðmót
49.900

FORERUNNER 110

Fyrir hlaupara

Forerunner 110 úrið er með GPS staðsetningartæki og er hannað fyrir hlaupara sem vilja halda sér í formi. Forerunner 110 geymir upplýsingar um æfingatíma, hraða, vegalengd og brennslu og með USB tengingu við tölvu er hægt að fylgjast með árangri og bera saman eldri æfingar. Að æfingu lokinni er hægt að skoða hlaupaferil á korti og deila upplýsingunum með öðrum, til dæmis í tölvupósti eða beint á Facebook. Forerunner 110 fæst í þremur útgáfum með mismunandi samsetningu aukahluta og í mismunandi litum.

Britney reið

Britney Spears vildi taka upp lag með fyrrverandi kærasta sínum, söngvaranum Justin Timberlake, og brást hin versta við þegar hann neitaði bón hennar.

Timberlake var upptekinn við tókur á kvikmynd og gat því ekki tekið upp með Spears og samkvæmt tímaritinu Enquirer vildi enginn taka að sér að flytja söngkonunni fréttirnar. „Enginn vildi segja henni fréttirnar en að lokum tók faðir hennar sig til og sagði henni frá þessu. Britney brást mjög illa við, öskraði og blótaði. Hún var svo miður sín að hún var farin að rífa úr sér hárlengingarnar,“ var haft eftir heimildarmanni sem sagði föður hennar skammtast sínu fyrir hegðun dótturinnar.



REIÐ Britney Spears brást illa við þegar Justin Timberlake neitaði að taka upp lag með henni.


NORDICPHOTOS/GETTY

Tilbúin að vinna á ný

Lindsay Lohan hefur gefið út þær yfirlýsingar að hún geti ekki beðið eftir að komast aftur í vinnu.

Lohan er nýkomin út úr fangelsi þar sem hún aflánaði 13 daga af 90 daga dómi. Leikkonan er núna stödd á afvötnunarstofnun þar sem Lohan er gert að vinna bug á áfengisfíkn sinni en hún var einmitt dæmd í fangelsi fyrir að hafa ítrekað keyrt undir áhrifum áfengis og/eða eiturlyfja.

Lögfræðingur Lohan segir stúlkuna líta vel og að hún geti ekki beðið eftir að fá að leika á ný.



ATVINNULEIT Lindsay Lohan er spennt fyrir að takast á við ný verkefni.

ÓVÆGIN OG ÆSISPENNANDI

„Sjálfsöruggur og beittur tryllir á svimandi hraða.“

JYLLANDS-POSTEN

„Hárfínt spunninn söguþráður sem kemur á óvart þegar öllum lögum atburðarásarinnar hefur verið flett ofan af honum.“

POLITIKEN

FRUMÚTGÁFA
Í KILJU



BARNID Í FERÐATÖSKUNNI eftir
LENE KAABERBØL og AGNETE FRIIS
fékk Harald Mogensen-verðlaunin
sem besta danska spennusagan 2008
og var tilnefnd til Glerlykilsins 2009.

Ólöf Eldjárn þýddi.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

NÝTT Í BIÓ LAUGARÁS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Tilboð í bió. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁS BIÓ SÝNINGARTÍMAR	6, 8 og 10 (POWER)	16
SALT	2(900 kr), 4, 6, 8 og 10	10
LAST AIRBENDER 3D	8 og 10.15	16
22 BULLETS	2(600 kr) og 5	L
THE KARATE KID	2(900 kr) og 4 - ISL TAL	L



ALLT Í BOTN Salt er blautur draumur hasarmyndafíkla.

Brimsölt hasargella

Bió ★★★★★

Salt

Leikstjóri: Phillip Noyce

Aðalhlutverk: Angelina Jolie, Liev Schreiber, Chiwetel Ejiofor
 Þráhyggjukennd dýrkun mín á Angelínu Jolie er ekkert feimismál og ég fer aldrei ofan af því að þegar kemur að fegurð og kynþokka þá er Angelína náttúruafl enda er hún bæði í lífi og starfi tálkonan holdi klædd. Hún er seiðandi, með tælandi augnarád, munúðarlegustu varir veraldarsögunnar og við skulum ekkert hætta okkur í að ræða fleiri líkamshluta í þessu síðrúða blaði en það er ágætt að lesa þessa rýni með Angelínu-komplexinn minn í huga. Angelína er bara þannig leikkona að maður gæti setið sem límdur og horft á hana í tvær klukkustundir að gera nákvæmlega ekki neitt. Þetta er þó ekki tilfellið í Salt og hún situr sko aldeilis ekki auðum höndum í þessum þetta spennuþakka.

sem einhvers konar James Bond með stór brjóst og kyssilegar varir, á nokkrum augnablikum þegar rússneskur uppljóstrari valsar inn á skrifstofu CIA. Þegar Salt yfirheyrir hann heldur skúrurinn því fram að Salt sé í raun rússneskur gagnnjósnari sem hafi það verkefni að kála forseta Sovétríkjanna þennan sama dag á meðan sá er staddur í New York.

Vinnufélagar Salt vilja enga sjónsa taka og hyggjast loka hana inni þar til sannleikurinn kemur í ljós. Okkar kona er nú síður en svo til í að hanga í varðhaldi og leggur á æsilegan flótta. Hún er síðan hundelt af kollegum sínum og enginn veit hvað henni gengur til en flest bendir þó til þess að hún hafi hrokkið í rússagírinn og ætli að ganga frá Sovétforsetanum.

Salt fer huldu höfði og smýgur í gegnum öll net leyniþjónustunnar og þegar henni tekst loksins að lita hárið á sér svart byrjar ballið fyrir alvöru.

Þá er Angelína eins og við viljum hafa hana mætt í öllu sínu veldi. Hún er baneitruð hasargella sem gerir allt það sem strákarnir, Bruce Willis, Daniel Craig, Matt Damon og allir þessir gaurar, hafa verið að gera nema kannski bara með töluvert meiri stíl og þokka.

Salt er í raun svolítið fyrirsjáanleg og gamaldags spennumynd í nútímabúningi þar sem ekkert er gefið eftir í sprengingum, bílaeltarleikjum, skotbardögum og slagsmálum. Og þótt sagan sé þvæla þá býr hún yfir meiri sjarna og er um margt rökréttari en gengur og gerist í myndum af þessu sauhási. Leikararnir eru flestir fínir og Liev Schreiber er hártúttur maður til að leika yfirmann Salt.

Noyce er brokkengur leikstjóri sem á að baki slatta af hasarmyndum og veit hér alveg upp á sína tíu fingur hvað hann er að gera. Helstu persónur eru kynntar til leiks hratt og örugglega og svo er allt gefið í botn og aldrei slegið af þannig að Salt er blautur draumur hasarmyndafíkla. Hér eru meira að segja krúttlegar vísanir í From Russia With Love og First Blood og Angelína gefur kempum þeirra mynda sko ekki þumlung eftir.

Þórarinn Þórarinnsson

Niðurstaða: Hörkufin hasarmynd sem er þeim góða kosti gædd að miðaldra fólk getur haldið þræðinum þótt ekki skorti hamaganginn. Frekar fyrirsjáanleg en það kemur ekki að sök þar sem þetta er bara stuð. Og já, svo er Angelína í henni!

SAMBÍÓNN

PRÍÐJA BESTA MYND ALLRA TÍMA - SKV. IMDB.COM

ALFABAKKA	KRINGLUNNI
SALT kl. 5:50 - 8 - 10:10	THE LAST AIRBENDER-3D kl. 5:50 - 8 - 10:50
SORCERER'S APPRENTICE kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	SORCERER'S ... kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
INCEPTION kl. 4 - 7 - 8 - 10:10 - 11	INCEPTION kl. 8 - 10:20
INCEPTION kl. 2 - 5 - 8 - 11	SHREK-3D Isl. Tali kl. 1:30 - 3:40
SHREK-3D Isl. Tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	SHREK FOREVER AFTER-3D M/ensku Tali kl. 5:50
SHREK SÆLL ALLA DAGA Isl. Tali kl. 1:30 - 3:40	LEIKFANGASAGA 3-3D M/ensku Tali kl. 1 - 3:20
SHREK FOREVER AFTER M/ensku Tali kl. 5:50	AKUREYRI
LEIKFANGASAGA 3 M/ensku Tali kl. 1 - 1:50 - 3:40	SORCERER'S APPRENTICE kl. 5:50 - 8 - 10:20
SEX AND THE CITY 2 kl. 8	SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D Isl. Tali kl. 2
TWILIGHT SAGA : ECLIPSE kl. 10:50	SHREK FOREVER AFTER-3D M/ensku Tali kl. 4
SELFOSSI	LEIKFANGASAGA 3 Isl. Tali kl. 2 - 4 - 6
SALT kl. 5:50 - 8 - 10:10	INCEPTION kl. 8 - 11
SORCERER'S APPRENTICE kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	
KNIGHT AND DAY kl. 10:10	
SHREK M/isl. Tali kl. 1:30	
LEIKFANGASAGA 3 M/isl. Tali kl. 3:40	

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SPARBÍÓ

ÁLF. KL. 1 - KRINGL. KL. 1 SELF. KL. 1:30

ÁLF. 1:30 KRINGL. AK. SELF. KEFL. Í 2D OG 3D 1:30-3D 2 3D 1:30-2D 3 - 2D

ÁLF. KL. 1 2D - KRINGL. KL. 1 3D AK. 2 2D

NÝTT Í BIÓ!

★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
 ★★★★★ O.H.T., Rás2

ANGELINA JOLIE **SALT** HVER ER SALT? LÚXUS 14

FJÖGUR ÖFL. EIN ÖRLOG **THE LAST AIRBENDER IN 3D** 10

JACKIE CHAN SMITH jackie CHAN **The Karate Kid** Svafi

Ljoti andarunginn "ég" 10

Stórskemmtilega teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali. Myndin er byggð á hinu sígilda ævintýri um ljóta andarungann.

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Ódýrt í bió

900 KR. Í 3D SÝND KL. 2

600 KR. SÝND KL. 2

900 KR. Í 3D SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000 **TILBOÐSVERÐ**

SALT	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	14
SALT LÚXUS	kl. 1 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	14
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 1 - 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20	10
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 1 - 3:30 (650 kr)	L
KARATE KID	kl. 1 (650 kr) - 5:10 - 8 - 10:50	L
SHREK 4 2D ISL TAL	kl. 1 (650 kr) - 5:45	L
KNIGHT AND DAY	kl. 8 - 10:30	12

HÁSKÓLA BIÓ Sími 530 1919 **TILBOÐSVERÐ**

SALT	kl. 2:30 - 4:40 - 6:50 - 9 - 11:10	14
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 4 - 6 (650 kr)	L
THE KARATE KID	kl. 3 (650 kr) - 6 - 9	L
BABIES	kl. 4 - 6 - 8	L
PREDATORS	kl. 10	16
GROWN UPS	kl. 8 - 10:20	L

BORGAR BIÓ Sími 402 2000 **TILBOÐSVERÐ**

SALT	kl. 6 - 8 - 10	14
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 2 (900 kr) - 4 - 6 - 8 - 10	10
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 2 (600 kr)	L
KARATE KID	kl. 3:30	L

facebook.com/smarabio

TILBOÐS-VERÐ Í BIÓ

650 kr. 2D 650 kr. 650 kr.

SMÁRA BIÓ

BORGAR BIÓ

HÁSKÓLA BIÓ

ALLAR SÝNINGAR-ÖLL BIÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ KL. 3 BORGARBIÓ

Tilboð um helgina!



Tilboð
2.199,-

CD

Helgi Björnsson - Pú komst í hlaðið
Langvinsælasta plata Íslands um þessar mundir - yfir 5 þúsund eintök seld.



Tilboð
3.499,-

6CD

100 íslensk lög í fríð
Vantar þig eina plötu í sumarfríð? Þá reddar þessi pakki málinu fyrir alla fjölskylduna.



Tilboð
2.199,-

CD/DVD

Laddi - Bland í poka
Vinsælasti skemmtikraftur landsins sendir frá sér sína fyrstu plötu með nýju efni í 20 ár.



Tilboð
2.199,-

CD

Gunni og Felix - Ligga ligga lá
Óskaplega skemmtileg plata þar sem Gunni og Felix flytja allar helstu barnalagaperlur Ómars Ragnarssonar.



Tilboð
2.499,-

3CD

Veistu hvar ég var
Síggi Hló fer á kostum í frábæru vali laga frá diskótímanum og fram á tíunda áratuginn.



Tilboð
2.199,-


CD

Ljótu hálfvitarnir
Þriðja plata Ljótu hálfvitanna er ógnarskemmtileg!


Nýjar plötur



8 Arcade Fire
The Suburbs



8 Moses Hightower
Búum til börn




8 Klassart
Bréf frá París



8 Bjartmar og Bergisamir
Skrýtin veröld



8 Sheryl Crow
100 Miles From Memphis



8 Tom Jones
Praise & Blame

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN · 591-5320 · WWW.SKIFAN.IS

TRYGGÐU ÞÉR
BESTA VERÐIÐ

A
2 fyrir 1.200 kr.
eða 799 kr. stakur

B
2 fyrir 2.300 kr.
eða 1.499 kr. stakur

C
2 fyrir 3.400 kr.
eða 1.999 kr. stakur

D
2 fyrir 4.500 kr.
eða 2.599 kr. stakur

VISA BIKARINN 2010



ÍSKAUS / Ljósmynd Grímur Björnsson

FH: Matthías Vilhjálmsson og Heimir Guðjónsson KR: Bjarni Guðjónsson og Rúnar Kristjánsson




FH - KR

Úrslitaleikur karla

Laugardaginn 14. ágúst kl. 18.00 á Laugardalsvelli

Línurnar lagðar fyrir úrslitaleiki helgarinnar



Sjámanni: Sandra Sigurðardóttir og Ólafur Þór Guðbjörnsson Vákur: Ketrín Jónsdóttir og Freyr Alexandersson

Úrslitaleikur kvenna

Sunnudaginn 15. ágúst kl. 16.00 á Laugardalsvelli



Stjarnan - Valur



> Jakob Jóhann bætti sig

Jakob Jóhann Sveinsson, bringusundsmaður úr Ægi, varð í 27. sæti í undanrásunum í 50 metra bringusundi á Evrópumótinu í Ungverjalandi í gær. Jakob varð fimmtí í sínum riðli á tímanum 28.46 sekúndum sem er besti tími hans eftir búningabannið. Íslandsmet Jakobs Jóhanns í greininni er 28.03 sekúndur. Jakob náði bestum árangri í 200 metra bringusundinu á mótinu þar sem hann hafnaði í 14. sæti en endaði síðan í 18. sæti í 100 metra bringusundi. Jakob náði ekki að slá Íslandsmet á mótinu en hann náði sínum besta tíma eftir búningabann í öllum greinum þremur.



sport
sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR STEINARSSON: ER Í LIÐI KEFLAVÍKUR SEM KEPPIR Í EM Í FUTSAL UM HELGINA

Við vitum ekkert hvað við erum að fara út í

„Við höfum ekkert æft enda verið að einbeita okkur að Pepsi-deildinni og við vitum ekkert hvað við erum að fara út í,“ segir Guðmundur Steinarsson, Keflavíkingur.

Hann er einn af fjórtán liðsmönnum sem taka þátt í Evrópumótinu í Futsal sem hefst á Ásvöllum í Hafnarfirði í dag. Þar er keppt í innanhúsnattspyrnu, fimm eru í liði og ótakmarkaðar skiptingar eru leyfðar. Þá er boltinn minni og þyngri en venjulegur fótolti.

„Þetta snýst mikið um leikskilning, tækni og menn þurfa að vera klókir. Snerpa hjálpar líka. Þetta er ekkert brjálæðislega frábrugðið því að spila venjulega knattspyrnu. Við erum meðal annars með gamla jálkinn Zoran Ljubicic í liðinu, hann kann þetta alveg. Þetta snýst um það.“

Hann segir að liðið, sem varð Íslandsmeistari árið 2010, ætli að æfa tvisvar fyrir fyrsta leik í dag og það hefur þegar aflað sér upplýsinga um andstæðingana.

Tvö íslensk lið, Víðir úr Garði og Hvöt frá Blönduósi hafa tekið þátt í EM í Futsal en ekki unnið leik. „Mig

langar ógeðslega að vinna einn leik, að ná Evrópusigrí,“ segir Guðmundur en andstæðingar Keflavíkinga eru mjög sterkir. Þeir koma frá Hollandi, Frakklandi og Svíþjóð.

„Það þarf aðeins að koma Futsal betur á kortið. Ef menn setja aðeins meiri metnað í þetta getur þetta boðið upp á helling. Ég verð að víðurkenna að ég var ekki með til að byrja með en eftir að ég byrjaði fannst mér þetta mjög gaman. Ef við náum einhverjum árangri gæti þetta líka stækkað aðeins,“ sagði Guðmundur.

Fyrsti leikur liðsins er klukkan 17.30 í dag, hálf tíma áður en bikarúrslitaleikur KR og FH fer fram. „Sá leikur var færður, hann átti að vera klukkan tvö. Það eru auðvitað ekki komnir fastir leikdagar eða neitt slíkt hjá KSÍ með Futsal. En ég hvet alla til að mæta í hlýjuna á Ásvöllum í stað þess að húka í kuldanum á Laugardalsvelli,“ sagði Guðmundur léttur.

Keflavík leikur klukkan 17.30 í dag, á morgun og á þriðjudaginn. Aðeins 500 krónur kostar inn á hvern leik eða 1.000 á alla þrjá.



BIKARMEISTARI FRÁ 2007 Embla Sigríður Grétarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Embla Grétarsdóttir:

Getur unnið fjórða árið í röð

FÓTBOLTI Valskonan Embla Sigríður Grétarsdóttir hefur getað kallað sig bikarmeistara allar götur síðan í september 2007 og á möguleika á að vinna bikarinn fjórða árið í röð á morgun.

Embla varð bikarmeistari með KR 2007 og 2008 og vann síðan bikarinn með Val í fyrra. Hún sat allan tímann á bekknum í úrslitaleikum 2007 eftir að hafa spilað fyrri leiki KR í keppninni en hefur síðan verið í byrjunarliði bikarmeistanna í tveimur síðustu úrslitaleikjum.

Embla hefur alls orðið bikarmeistari fimm sinnum því hún vann bikarinn einnig með KR árið 1999 og 2002.

- ój

Gengi KR-inga á móti FH:

Hafa ekki unnið FH í bikar

FÓTBOLTI KR-ingar ættu ekki að vera alltof bjartsýnir fyrir bikarúrslitaleikinn í dag ef þeir eru mikið að velta fyrir sér leikjum um á móti FH síðustu ár.

FH hefur unnið níu af síðustu tíu deildarleikjum liðanna og báða bikarleiki liðanna. FH vann 3-2 sigur á KR í undanúrslitum 2003 eftir að hafa lent 0-2 undir og síðan 3-1 sigur í átta liða úrslitum árið eftir.

- ój

Frábær fótoltaleikur í spilunum

KR og FH mætast í kvöld í úrslitaleik VISA-bikarsins á Laugardalsvelli. Liðin eiga það sameiginlegt að hafa valdið vonbrigðum framan af sumri en eru núna komin á skrið eftir gott gengi undanfarið.

FÓTBOLTI Það er allt til alls til þess að bikarúrslitaleikur FH og KR í dag bjóði upp á allt sem menn vilja sjá í stærsta leik sumarsins. Tvö af skemmtilegustu og vinsælustu liðum landsins mæta til leiks full af sjálfstrausti eftir gott gengi undanfarið og leikurinn er leikinn í sumarblöðunni í ágúst í stað þess að vera leikinn í frosti og kulda í byrjun vetrar.

Félögin búast við góðri aðsókn á leikinn í kvöld og hafa sett stefnuna á að bæta áhorfendametið frá 1999 þegar 7401 komu á leik KR og ÍA. Leikurinn var færður til klukkan sex í kvöld til þess að gera tímasetningu hans enn áhugaverðari fyrir knattspyrnuáhugafólk sem vill eiga gott kvöld í Laugardalnum.

Fyrirliðar liðanna, Matthías Vilhjálmsson hjá FH og Bjarni Guðjónsson hjá KR, gátu ekki leyt spenningi sínum á blaðamannafundi fyrir leikinn.

„Þetta eru tvö skemmtileg lið og það er útlit fyrir mjög skemmtilegan dag,“ sagði Bjarni Guðjónsson og kollegi hans fagnar sérstaklega breyttri tímasetningu. „Ég vona að áhorfendametið verði slegið. Það er búið að biða lengi eftir því að bikarúrslitaleikurinn yrði færður fram í ágúst. Fólk er búið að vera með teppi utan um sig í október og vonast eftir því að leikurinn fari ekki í framlengingu. Ég held að þetta sé fullkominn tími fyrir leikinn og vona að veðrið verði þrýðilegt því þá held ég að þetta gæti orðið flott,“ sagði Matthías. Bjarni Guðjónsson hefur góðan samburð á því að spila leik í ágúst og október.

„Það var tvennt ólíkt að spila bikarúrslitaleikinn 1996 og 2008. 1996 var þetta sumarleikur í ágúst, stúkan var full og þetta var meiri háttar gaman. Titillinn var ekkert verri 2008 en stemningin á vellin-



FYRIRLIÐARNIR MEÐ BIKARINN Annaðhvort Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH, eða Bjarni Guðjónsson, fyrirliði KR fá að lyfta bikarinn í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um var allt önnur þegar við vorum að spila leikinn við vetraraðstæður í október,“ sagði Bjarni.

Báðir töluðu þeir Matthías og Bjarni um breytinguna á KR-liðinu eftir að Rúnar Kristinsson tók við KR-liðinu á dögnum. Síðan þá hefur liðið unnið fjóra leiki í röð hér á landi og aðeins fengið á sig eitt mark í þessum leikjum.

„KR-ingar eru orðnir aðeins þéttari eftir að Rúnar kom inn og gefa færri færi á sér. Ég veit ekki hvort þeir muni spila öðruvísi á móti okkur en í síðustu leikjum en þeir eru alltaf mjög hættulegir fram á við. Við erum það líka og því held ég að þetta verði opin og skemmtilegur leikur,“ segir Matthías.

„Rúnar er mjög hæfur þjálfari og

ég dáist að honum hvað hann kom inn með sínar hugmyndir. Hann einfaldaði hugsunarháttinn og einfaldaði skilaboð til leikmannanna. Svo er líka hitt að menn eru farnir að gera það sem er verið að biðja þá um að gera,“ sagði Bjarni og bætti við: „Hann hefur úr ágætishóp að velja og hann hefur verið duglegur að velja rétt lið fyrir hvern og einn leik. Við viljum vera í þessum gír sem við erum komnir í núna. Það er komið mikið sjálfstraust í liðið og trúin á að geta unnið leiki er komin aftur,“ segir Bjarni sem ber þetta tímabil við það í fyrra.

„Við erum að gera svipaða hluti og við gerðum í fyrra. Við byrjuðum mótið helst til of seint en erum komnir núna á fint skrið. Það er ágætt fyrir okkur að fá þennan leik

núna þegar við getum komið inn í stærsta leik sumarsins með sjálfstrausti í botni,“ segir Bjarni.

Matthías átti sinn þátt í bikarsigrinum FH fyrir þremur árum. „Ég spilaði flest alla leiki sumarið 2007 þar til í bikarúrslitaleikum þar sem ég var á bekknum. Ég kom inn á í stöðunni 1-1 í framlengingu og við unnum 2-1. Ég vonast til að fá að vera með frá byrjun núna,“ sagði Matthías.

Bikarmeistaratitillinn frá 2008 er eini titill KR-inga undanfarið sex ár og FH-ingar hafa aðeins unnið hann einu sinni áður þrátt fyrir að hafa verið yfirburðaliði í íslenska fótboltnum undanfarið sex ár. Hungrið ætti því að vera til staðar í báðum herbúðum.

ooj@frettabladid.is

Valur og Stjarnan spila til úrslita í VISA-bikar kvenna í Laugardalnum á morgun:

Verja Valskonur bikarinn?

FÓTBOLTI Íslands- og bikarmeistarar Vals geta unnið bikarinn annað árið í röð í fyrsta sinn síðan 1988 þegar liðið mætir Stjörnunni í úrslitaleik klukkan 16.00 á sunnudaginn. Stjarnan er að spila sinn fyrsta bikarúrslitaleik í 17 ár en Valskonur eru komnar þangað þriðja árið í röð og í áttunda sinn á síðasta áratug.

„Ég held að það sé bara ein í leikmannahópnum sem hefur spilað bikarúrslitaleik áður. Þetta er nýtt fyrir okkur öllum og því er mikil spennan í liðinu,“ sagði Sandra Sigurðardóttir, fyrirliði Stjörunnar.

„Auðvitað er gott að hafa reynslu en maður spyr ekkert að því í leikslok. Ég held að það lið sem vilji þetta meira muni vinna titilinn,“ segir Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals.

Stjarnan hefur komist þrisvar sinnum yfir á móti Val í tveim-



STÆRSTI LEIKUR SUMARSINS Fyrirliðar liðanna sem spila til úrslita á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ur leikjum liðanna í Pepsi-deild kvenna í sumar en báðum þeirra hefur lokið með jafntefli.

„Við höfum ekki náð að vinna þær eða KR. Báðir leikirnir á móti þeim voru hörkuleikir. Við jöfnuðum rétt undir lokin í fyrri umferðinni og síðasti leikur var einnig hörkuleikur. Þær eru með

mjög gott lið og að mínu mati ættu þær að vera aðeins ofar í töflunni,“ segir Katrín.

„Miðað við tölfræði og stöðu í deildinni þá búast menn kannski við sigri þeirra en það er alltaf hægt að breyta tölfræðinni. Það er sóknarfæri í því að hafa allt að vinna,“ segir Sandra.

Valsliðið hefur kynnst því bæði að tapa og vinna bikarúrslitaleik síðustu tvö ár, tapaði 0-4 fyrir KR 2008 og vann Breiðablik 5-1 í fyrra eftir framlengingu. „Það er ólíkt skemmtilegra að vinna en að tapa. Við munum gera allt til þess að vinna þennan leik. Við lærðum mikið af leiknum frá 2008. Maður er alltaf að læra og við höfum líka verið að misstiga okkur aðeins í sumar og höfum lært að því líka,“ sagði Katrín sem getur orðið bikarmeistari í sjötta sinn á ferlinum á morgun.

- ój

SPORT 2
enslí boltinn

VEISLAN ER HAFIN
Það er ódýrara en þú heldur að horfa á Enska boltann heima

VERÐ FRÁ AÐEINS 140 KR. Á DAG*

TRYGGDU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS

*VILDARÁSKRIFENDUR FÁ ALLT AÐ 30% AFLÁTT AF SPORT 2

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

ALLAR SVÖLUSTU HASARHETJURNAR Í EINNI FLOTTUSTU MYND ÁRSINS

STALLONE
STATHAM
LI
LUNDGREN
COUTURE
AUSTIN
CREWS
ROURKE
WILLIS



THE EXPENDABLES

FRUMSÝND 18. ÁGÚST

FORSALA HAFIN Á *midi.is*


zero.


FAXAFEN 8 • SÍMI 544-5155


LAUGARÁS
BÍÓ


SMÁRA
BÍÓ


HÁSKÓLA
BÍÓ


BORGAR
BÍÓ

Þriggja mánaða bið loks á enda

Enska úrvalsdeildin byrjar í dag. Knattspyrnuþorsta stuðningsmanna sem hafa beðið óþreyjufullir frá því Chelsea varð meistari í vor verður loksins svalað. Grétar Rafn Steinsson er eini Íslendingurinn í deildinni.



54,92 Lengsta kast Ásdísar var nokkuð frá Íslandsmeti hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásdís Hjálmsdóttir:

Í sjötta sæti í London í gær

FRJÁLSAR Ásdís Hjálmsdóttir kastaði lengst 54,92 metra á Demantamótinu í frjálsum íþróttum í London í gær. Það dugði henni til sjötta sætis af átta keppendum en ein þeirra hætti keppni.

Hennar besta kast á árinu eru 60,72 metrar en Íslandsmet hennar er 61,37 metrar.

Fyrsta kast Ásdísar í gær var 54 metrar sléttir, næsta 54,92, svo 54,72 og loks 52,49. - hþh



BURSTAR í vél-sópa á lager

- flestar stærðir



Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ. Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

FÓTBOLTI Heimsmeistaramótið í Suður-Afríku linaði þjáningar margra sem geta ekki lifað án enska boltans. Þeir geta þó tekið gleði sína á ný því veislan um helgina hefst með stórleikjum.

Allir bíða spenntir eftir að sjá sitt lið en þeir hlutlausu bíða spenntastir eftir Manchester City. Yfir 100 milljónir í leikmanna-kaup og margir hæfileikaríkustu knattspyrnumenn heims koma þar saman í hádeginu og mæta Tottenham.

Margir bíða líka spenntir eftir að sjá eina Íslendinginn í deildinni, Grétar Rafn Steinsson sem spilar með Bolton. Orörómur er þó uppi um að Eiður Smári Guðjohnsen gangi í raðir Fulham fljótlega.

Hér gefur að líta upplýsingar um liðin fyrir leikina í dag og fyrsta stórleik tímabilsins sem er á morgun þegar Liverpool tekur á móti Arsenal. Upplýsingarnar eru fengnar frá BBC.

Tottenham - Manchester City

Manchester City mun líklega skarta nýjum stórstjörnum á borð við Yaya Toure, David Silva, Jerome Boateng og Aleksandar Kolarov í byrjunarliðinu. Shay Given verður væntanlega í markinu. Gareth Bale verður í byrjunarliði Tottenham en bæði Roman Pavlyuchenko og Jonathan Woodgate eru frá vegna meiðsla.

Aston Villa - West Ham

James Milner verður væntanlega ekki með Villa en hann er á leiðinni til Manchester City. Hann var samt settur í leikmannahópinn fyrir leikinn. Villa verður án varnarmannanna James Collins og Carlos Cuellar en Curtis Davies hristir líklega af sér meiðsli líkt og Gabriel Agbonlahor. Kevin MacDonald, stjóri varaliðsins, stýrir Villa.

Nýju mennirnir hjá West Ham, Pablo Barrera, Win-

ston Reid, Tal Ben Haim og Fred-eric Piquionne, byrja væntanlega allir en Thomas Hitzlsperger gæti misst af því að mæta sínu gamla félagi þar sem hann haltraði af velli í æfingaleik Þjóðverja í vikunni.

Blackburn - Everton

Nikola Kalinic og Chris Samba eru klárir hjá Blackburn en eru ekki í mikilli leikæfingu, ekki frekar en Mame Diouf sem er í láni frá Manchester United. Vince Grella er meiddur.

Marouane Fellaini byrjar líklega á bekk Everton en Tim Cahill verður í byrjunarliðinu þrátt fyrir að missa af landsleik Ástrala í vikunni vegna meiðsla.

Bolton - Fulham

Grétar Rafn byrjar líklega hjá Bolton sem verður án miðjumannanna Gavins McCann og Joey O'Brien. Johan Elmander og Kevin Davies gætu byrjað saman frammi.

Philippe Senderos verður frá í hálf ár hjá Fulham auk þess sem Damien Duff og Andy Johnson eru meiddir.

Sunderland - Birmingham

Darren Bent ætti að byrja frammi en markmaðurinn Craig Gordon er meiddur. Michael Turner og Jack Colback eru í banni.

Birmingham vonast til að Ben Foster geti byrjað í markinu en Stephen Carr missir líklega af leiknum líkt og Kevin Phillips sem verður frá í nokkrar vikur.

Wigan - Blackpool

Mauro Boselli byrjar í liði Wigan en hann á að vera stjarna liðsins í vetur. Gary Caldwell er í banni en hann er einnig meiddur og verður frá í sex vikur. Marlon Harewood



EINN EFTIR Grétar er eini Íslendingurinn í deildinni eftir að Hermann Hreiðarsson féll með Portsmouth í vor. GETTYIMAGES

gæti byrjað hjá nýliðum Blackpool sem er spáð ömurlegu gengi í vetur. Keith Southern missir af leiknum líkt og Billy Clarke og Louis Almond.

Wolves - Stoke

Nýju mennirnir Jelle van Damme, Steven Fletcher og Steven Mouyokolo byrja líklega hjá Úlfunum. Stephen Hunt er enn tæpur líkt og Kevin Doyle.

Stjarna Stoke, Kenwyne Jones sem kom fyrir metfé frá Sunderland gæti byrjað en Abdoulaye Faye, Liam Lawrence og Glenn Whelan verða ekki með.

Chelsea - WBA

Englandsmeistararnir hefja titilvörnina gegn liði sem margir spá falli. Bíða þarf fram á síðustu stundu til að sjá hvort Frank Lampard nái leiknum eftir að hann sneri sig á ökkla í vikunni. Petr Cech byrjar í markinu og Alex með John Terry í miðvarðarstöð-

unni. Didier Drogba er óðum að ná sér eftir aðgerð en gæti spilað. Nýi maðurinn Yossi Benayoun verður líklega á bekknum.

Graham Dorrans og Pablo Ibanez eru tæpir hjá WBA.

Liverpool - Arsenal

Fernando Torres gæti byrjað hjá Liverpool á morgun þrátt fyrir að hafa ekkert tekið þátt í undirbúningstímabilinu. Roy Hodgson hrósaði ákveðni hans í gær. Pepe Reina byrjar í markinu og Joe Cole líka. Christian Paulsen verður væntanlega á bekknum.

Arsenal verður án Johan Djourou, Nicklas Bendtner og Aaron Ramsey. Alex Song, Denilson og Abou Diaby eru allir tæpir vegna meiðsla. HM-mennirnir Cesc Fabregas og Robin van Persie byrja væntanlega á bekknum.

Manchester United spilar ekki fyrr en á mánudag þegar liðið mætir Newcastle.

hjalti@frettabladid.is

LAUSNIN ER EKKI FÓSTUREYÐING

Konur eiga betra skilið en þetta!

www.lifsvernd.com

Iðnnemar athugið!

Enn eru nokkur pláss laus til umsóknar á haustönn í eftirtöldum greinum:

- 7. önn í Rafvirkjun
- 4. önn í Hárgreiðslu
- 3. og 4. önn í Húsasmiði
- 5. og 6. önn í Rennismiði, stálsmiði og vélvirkjun

Nánari upplýsingar veitir Þór Pálsson áfangastjóri netfang: thor.palsson@idnskolin.is



Iðnskólinn í Hafnarfirði
www.idnskolin.is - s. 585 3600

Leiknismenn hafa tveggja stiga forystu eftir karaktersigur á Prótturum í gær:

Meistaraheppni hjá okkur

FÓTBOLTI Leiknismenn lentu undir gegn Þrótti á heimavelli sínum í gær en börðust til baka og hirtu öll þrjú stigin sem í boði voru. Liðið er þar með komið með tveggja stiga forystu á Víkinga þegar sex umferðir eru eftir.

